ÁRNI VALDIMAR BERNHÖFT

*Línuskautar holl útivist og fjölskylduvænt sport*

• heilsa • sumar

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



AUSTURLAND

*Margir kostir við að búa á landsbyggðinni*

Sérblað um Austurland

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



JÓN EGILL BERGÞÓRSSON

*Gerir ekki glansmynd um Sálina*

Rótarar leysa frá skjóðunni í heimildarmynd

FÓLK 24



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. júní 2008 — 170. tölublað — 8. árgangur MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR



**Komin með kærasta**

Heather Mills krækti sér í bláfátækan kærasta í fríi á Tenerife á dögunum.

FÓLK 22

**Prýðir plötuumslag**

Meðlimum Atómstöðvarinnar þykir Helgi Hóseasson heillandi og fengu hann til að prýða umslag nýjustu plötu sveitarinnar.



FÓLK 30

**Helgiganga á Jónsmessu**

Gengið verður um gamlar þjóðgötur með Sæmundi Kristjánssyni.

TÍMAMÓT 18



**Fjölnir skellti toppliðinu**

Nýliðarnir úr Grafarvoginum sóttu þrjú stig til Keflavíkur í gær.

ÍÞRÓTTIR 27

## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGVIÐRI** Í dag verður hægviðri eða hafgola. Skýjað og sums staðar lítilsháttar skúrir suðvestan til annars víða nokkuð bjart veður. Hiti 10-15 stig.

VEÐUR 4

# Meirihluti segir nóg komið af virkjunum

**Tæp 57 prósent svarenda í nýrri könnun Fréttablaðsins segjast ekki styðja frekari virkjanir á Íslandi fyrir orkufrekan iðnað. Rúm 43 prósent vilja að meira verði virkjað. Karlar eru frekar fylgjandi áframhaldandi virkjun en konur.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Þrátt fyrir niðursveiflu í efnahagslífinu er meirihluti landsmanna mótfallinn því að meira verði virkjað fyrir orkufrekan iðnað, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins.

43,1 prósent svarenda sem afstöðu tóku segist styðja frekari virkjanir, en 56,9 prósent eru því mótfallin. Skekkjumörk í könnuninni eru 3,7 prósentustig og því er marktækur munur á milli hópa.

Mikill munur er á svörum eftir kyni, en tæpur meirihluti karla, 52,6 prósent, er fylgjandi frekari virkjun fyrir orkufrekan iðnað. Tvær af hverjum þremur konum, eða 66,7 prósent, eru hins vegar andvígar frekari virkjunum.

Minni munur er á svörum eftir búsetu, en 55,6 prósent svarenda sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu styðja ekki frekari virkjanir hér á landi fyrir orkufrekan iðnað. 58,9 prósent íbúa á landsbyggðinni eru einnig mótfallin frekari virkjun.

Ef litið er til svara eftir stjórnmálaskoðunum er andstaðan við áframhaldandi virkjun mest meðal kjósenda Vinstri grænna og Samfylkingar; 87,0 prósent meðal kjósenda Vinstri grænna og 68,6 prósent meðal kjósenda Samfylkingar. Þá segjast 57,6 prósent þeirra sem ekki gefa upp stjórnmálaskoðun sína vera andvíg frekari virkjunum fyrir orkufrekan iðnað.

Meirihluti fylgisfólks annarra flokka er hins vegar fylgjandi frekari virkjunum. Minnstur er munurinn hjá kjósendum Frjálslynda flokksins, en 58,3 prósent þeirra eru fylgjandi frekari virkjun, sem og 61,5 prósent kjósenda Framsóknarflokks og 63,9 prósent kjósenda Sjálfstæðisflokks.

Hringt var í 800 manns á kosningaaldri laugardaginn 21. júní. Skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var; Styður þú frekari virkjanir á Íslandi fyrir orkufrekan iðnað? 85,5 prósent svarenda tóku afstöðu til spurningarinnar.

-ss / sjá síðu 6

**STYÐUR ÞÚ FREKARI VIRKJANIR FYRIR ORKUFREKAN IÐNAÐ?**




Skv. könnun Fréttablaðsins 21.06



**Á ALÞINGI** Dr. Saleh Abdullah Bin Himeid, þingforseti Sádi-Arabíu, er hér á landi í þriggja daga opinberri heimsókn. Þingforsetanum verða sýndar helstu náttúruperlur Suðurlands auk þess sem hann fer á fund við forseta Íslands og iðnaðarráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Forstjóri stærsta fjárfestingarfélags heims fær afmælisgjöf frá forsetafrú Íslands:

# Dorrit gefur vini nektarmynd

**FÓLK** Dorrit Moussaieff forsetafrú færði auðugum vini sínum nektarmynd af eiginkonu vinarins eftir ensku listakonuna Natöshu Archdale í sextugsafmælisgjöf. Hin 32 ára Archdale sérhæfir sig í myndum af nöktum kvenlíkömum, sem hún býr til úr snifsum úr dagblaðinu Financial Times.

í frétt Bloomberg segir frá því að Dorrit hafi átt í erfiðleikum með að finna rétta gjöf handa vini sínum, milljarðamæringnum Stephen Schwarzman, stjórnarformanni Blackstone Group LP, stærsta fjárfestingarfélags heims. Þegar Dorrit hitti listakonuna Archdale á hún samstundis að hafa pantað portrettmynd af Christine, eiginkonu Schwarzmans, til að færa honum að gjöf. Dorrit segist ekki enn hafa hitt þann einstakling sem fúlsi við nektarmynd af ástvinum sínum, ásamt texta um sjálfan sig. Hún segir verkið hanga uppi í íbúð hjónanna á Park Avenue í New York, milli verka eftir Rembrandt og Picasso.

Samkvæmt frétt Bloomberg rukkar Archdale allt að tveimur og hálfri milljón íslenskra króna fyrir hvert verk. Í viðtalinu sem vísað er í neitar Dorrit að gefa upp verðið á verkinu.

- kg



STEPHEN SCHWARZMAN



DORRIT MOUSSAIEFF

Vill auglýsingar úr umferð:

## Svavar ósáttur við Bónusvídeó

**FÓLK Svavar Lúthersson, framkvæmdastjóri Istorrent, er ósáttur við að nafn hans sé notað í auglýsingum Bónusvídeós. Þar er fullyrt að Svavar sæki nú myndir löglega á bonusvideo.is, enda sé hann „toppmaður“. Svavar var ákærður fyrir að halda úti síðunni torrent.is, þar sem hægt var að hlaða niður kvikmyndum.**

**„Ég er ekki búinn að hafa samband við lögfræðing en útiloka ekki að ég geri það,“ segir Svavar, sem vill að auglýsingin sé tekin úr umferð. Eigandi Bónusvídeós segir ekki ætlunina að rægja Svavar á nokkurn hátt.**

- sun / sjá síðu 30

Hjúkrunarfræðingar:

## Yfirvinnubann boðað í júlí

**VINNUMARKAÐUR** Hjúkrunarfræðingar hafa samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta greiddra atkvæða að boða yfirvinnubann frá og með 10. júlí. Tæp 95 prósent sögðu já. Atkvæðin voru talin í gær.

Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, FÍH, segir skilaboðin skýr:



ELSA B. FRIÐFINNSDÓTTIR

„Niðurstaðan segir bæði okkur og stjórnvöldum að samstaða hjúkrunarfræðinga er gríðarlega mikil og menn eru tilbúnir til aðgerða til að knýja fram betri samninga en okkur hafa staðið til boða,“ segir Elsa.

„Þetta segir samninganefnd félagsins líka; að þótt hún færi að skrifa undir samninga í takt við það sem okkur hefur staðið til boða fram að þessu yrðu þeir felldir. Fólk vill meira en okkur hefur verið boðið.“

FÍH á fund með samninganefnd ríkisins á morgun.

- ghs






## SPURNING DAGSINS



*Helga, bætti þetta gráu ofan á svart?*

„Já, og ég ætla að gjalda borginni bleikan belg fyrir gráan.“

Helga Völundardóttir er ósátt við að starfsmenn borgarinnar máluðu með grárri málningu yfir skreyttan húsvegg móður hennar við Bergstaðastræti.

Birgir Páll Marteinsson kemur til Íslands á fimmtudag:

# Afplánar dóminn hér á landi

**DÓMSMÁL** Birgir Páll Marteinsson, sem fékk sjö ára dóm í Færeyjum fyrir aðild sína að fíkniefnasmygli, er væntanlegur til landsins á fimmtudag og mun hann sitja af sér dóminn hér á landi.

„Með aðstoð góðra manna hefur þetta gengið í gegn og við eigum hauk í horni þar sem Eiður Guðnason, ræðismaður Íslands í Færeyjum, er. Við værum illa sett í þessu máli ef hans aðstoðar hefði ekki notið við,“ segir Hendrik Tausen, afi Birgis Páls.

Birgir Páll kemur til landsins samkvæmt sérlögum um fullnustu refsidóma. Samkvæmt þeim gilda íslensk lög um þá fanga sem fluttir eru til afplánunar. Ákvörðun um reynslulausn verður því tekin samkvæmt íslenskum lögum þegar þar að kemur.



**KEMUR HEIM** Birgir Páll verður fluttur í Hegningarhúsið til að byrja með.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**HENDRIK TAUSEN**

Birgir Páll var fluttur í Vestra fangelsið í Kaupmannahöfn 6. maí. Hann verður fluttur í Hegningarhúsið þar til frekari ákvörðun um afplánun verður tekin.

„Hann hefur verið einn í klefa og sæmilega sáttur, en óþreyjufullur eftir að komast heim og geta einbeitt sér að uppbyggingu og gert eitthvað af viti. Við erum öll himinlifandi,“ segir Hendrik. **- kóp**

Öryggi sundlaugargesta:

# Kerfið nemur hreyfingarleysi

**ÖRYGGISMÁL Myndavélakerfi sem nemur ef fólk liggur hreyfingarlaust á botni sundlauga verður tekið í notkun í Sundlaug Kópavogs í næsta mánuði. Er þetta í fyrsta sinn sem slíkt kerfi er sett upp hér á landi en það hefur orðið fólki til bjargar erlendis.**

**Fyrir rúmu ári fannst fimmtán ára piltur meðvitundarlaus á botni laugarinnar. Ekki er vitað fyrir víst hversu lengi hann hafði legið á botninum þegar hann fannst. Pilturinn komst aldrei til meðvitundar og lést í september í fyrra. Í framhaldinu voru öryggismál laugarinnar tekin til endurskoðunar. - kg**



**FRUMBYGGJAVEIÐAR** Hvalveiðar Grænlendinga teljast til frumbyggjaveiða samkvæmt Alþjóða hvalveiðiráðinu.

Hvalveiðum mótmælt:

# Saka Grænlendinga um brot

**GRÆNLAND** Talsmenn Alþjóðasamtaka um verndun dýra (WSPA) hafa mótmælt hvalveiðum Grænlendinga þar sem stór hluti kjötsins sé seldur á almennum markaði. Grænlendingar mega veiða hval sér til viðurværis, samkvæmt reglum Alþjóða hvalveiðiráðsins um hefðbundnar veiðar frumbyggjaþjóða, en ekki í viðskiptalegum tilgangi.

WSPA telja að fjórðungur kjöts af hvölum sem Grænlendingar veiða sé seldur á almennum markaði. Frá þessu er greint á fréttavef BBC.

Alþjóða hvalveiðiráðið fundar í næstu viku í Chile. WSPA hyggjast leggja þar fram gögn sem þau telja færa sönnur á ásakanirnar. **- gh**

Kínversk pör giftast 8. ágúst:

# Happatala í kínverskri þjóðtrú

**KÍNA Rúmlega eitt þúsund pör munu ganga í það heilaga í Kína hinn 08.08.08 eða 8. ágúst, á fyrsta degi Ólympíuleikanna.**

**Ástæðan er ekki sú að Ólympíuleikarnir séu á sama degi heldur er átta mikil happatala í kínverskri þjóðtrú.**

**Talan er happatala af nokkrum ástæðum. Í fyrsta lagi táknar talan eilífðina þar sem talan átta endar aldrei. Í öðru lagi er það vegna þess að framburður orðsins „átta“ á kínversku hljómar eins og kínverska orðið yfir auð eða fé. - vsp**

# Segist handviss um að hafa séð ísbjörn

**Hrefna Björg Guðmundsdóttir á Sauðárkróki fullyrðir að þriðji ísbjörninn í mánuðinum sé genginn á land. Dýrsins var leitað úr lofti og fótgangandi í gær og fyrrinótt. Sérfróðir telja hvítan hnoðra á mynd Hrefnu vel geta verið ísbjörn.**

**DÝRALÍF** „Við urðum strax skelkaðar, en mesta hræðslan kom þó þegar heim var komið. Þá hófum við að ímynda okkur hvað hefði getað gerst ef ísbjörninn hefði orðið okkar var. Hann hefði líklega náð okkur strax,“ segir Hrefna Björg Guðmundsdóttir, geislafræðingur á Sauðárkróki.

Hrefna var í gönguferð nálægt Bjarnarvötnunum ásamt Hallfríði Sverrisdóttur mágkonu sinni í gærdag þegar þær gengu fram á hvítan hnoðra, sem þær fullyrða að hafi verið ísbjörn. „Við vorum uppi á Bjarnarfelli þegar við sáum hvítan blett sem hreyfði sig, en þó ekki úr stað. Við urðum strax varar um okkur og þorðum ekki að labba nær, heldur fundum betri leið og hlupum niður að bílnum okkar við vatnið. Þegar við vorum komnar niður stóð ísbjörninn upp og labbaði upp hlíðina frá okkur,“ segir Hrefna.



**HREFNA BJÖRG GUÐMUNDSDÓTTIR**

Þær smelltu af ljósmyndum af hinu meinta dýri áður en þær flýðu í ofboði. „Það er ekki nokkur vafi á því að þarna var um ísbjörn að ræða. Það sáum við greinilega á litnum, áferðinni og hvernig dýrið hreyfði sig þunglamalega,“ segir Hrefna, sem hringdi samstundis í Neyðarlínuna þegar heim var komið.

„Lögreglumenn komu og skoðuðu myndirnar sem við tókum af dýrinu í tölvunni. Þeim þótti strax ástæða til að kanna málið.“

Ábendingar Helgu og Hallfríðar urðu þess valdandi að þaulleitað var úr þyrlu Landhelgisgæslunnar í gær á svæðinu þar sem björninn átti að hafa sést. Þegar hann fannst ekki var ákveðið að víkka út leitarsvæðið.

Síðdegis var ákveðið að hætta leit úr lofti og átta menn sendir fótgangandi á þær slóðir sem ferðamennirnir töldu sig hafa séð dýrið. Með í för voru skyttur.

Stefán Vagn Stefánsson, yfirlögregluþjónn á Sauðárkróki, segir vitnisburð Helgu og Hallfríðar hafa verið mjög trúverðugan.

Þorsteinn Sæmundsson, forstöðumaður Náttúrustofu Norðurlands vestra, segir að af myndunum að dæma hafi þarna verið á ferð stærra dýr en kind.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun hafði leitin engan árangur borið.

**kjartan@frettabladid.is**
**stigur@frettabladid.is**



**ÍSBJÖRN EÐA EKKI ÍSBJÖRN?** Hnoðrinn fyrir miðri myndinni er hugsanlega ísbjörn. Mynd Helgu er fremur óskýr, en kunnugir segja líklegt að um björn sé að ræða.
MYND / HELGA BJÖRG GUÐMUNDSDÓTTIR

## BJÓÐAST TIL AÐ SMÍÐA BÚR

Málmtæknifyrirtækið Héðinn bauðst í gær til þess að smíða Íslendingum ísbjarnarbúr, eitt eða fleiri eftir þörfum. Segir í boðinu, sem sent var formanni starfshóps umhverfisráðuneytisins um ísbirni, að fyrirtækið gæti smíðað endurbætta útgáfu danska búrsins sem komið var með til landsins þegar síðari björninn gekk á land á Skaga. Slík smíði tæki stuttan tíma.

# Lést í bílslysi



Pilturinn sem lést í bílslysi á Hafnarfjarðarvegi við Kópavogslæk aðfaranótt sunnudags hét Örn Sigurðarson, til heimilis að Granaskjóli 52 í Reykjavík. Örn var nítján ára gamall, fæddur 4. desember 1988. Sex voru í bílnum þegar hann valt og eru hinir á batavegi.

# Brynja Benediktsdóttir látin



Brynja Kristjana Benediktsdóttir, leikstjóri og leikkona, andaðist á heimili sínu í Reykjavík síðastliðinn laugardag. Brynja var sjötug að aldri þegar hún lést eftir skammvinn veikindi. Brynja var fastráðin við Þjóðleikhúsið í áraraðir og starfaði sem leikhússtjóri við Leikfélag Akureyrar á áttunda áratugnum. Brynja var sæmd heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu árið 2006. Brynja skilur eftir sig eiginmanninn Erling Gíslason leikara og soninn Benedikt Erlingsson leikara.

**AFRÍKA**

## Sprengjuhótun í Nairóbí

Sprengjuhótun barst finnska sendiráðinu í Nairóbí í Kenía í gær. Byggingin var samstundis rýmd en engin sprengja fannst, að sögn fréttavefs Helsingin Sanomat.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
→ flugfelag.is

Skráðu þig í Netklúbbinn

Félagar í Netklúbbnum fá fyrstir upplýsingar um tilboð og nýjungar í tölvupósti.




Alltaf ódýrast á netinu
www.flugfelag.is

ÍSLENSKA SIA.IS FLU 41684 04.2008

Gengisfall hefur veruleg áhrif á Orkuveitu Reykjavíkur vegna erlendra skulda:

# Kostar OR tugi milljarða

**ORKA** „Þetta kemur okkur mjög illa eins og öðrum. Okkar spár gerðu ekki ráð fyrir þessari þróun,“ segir Hjörleifur Kvaran, forstjóri Orkuveitunnar, um áhrif gengishruns á rekstur fyrirtækisins.

Um áramót voru erlendar langtímaskuldir fyrirtækisins um 93 milljarðar. Í lok mars voru þær komnar í tæpa 129 milljarða. Þá kostaði ein evra 119 krónur. Nú kostar hún 133 krónur og hefur hækkað um tólf prósent.

Nákvæmari tölur um skuldir Orkuveitunnar í ljósi gengisþróunar gærdagsins lágu ekki fyrir í gærkvöldi.

„Þegar gengisvísitalan var í 150 töluðu menn um að hún myndi jafna sig aftur. Við fórum yfir þetta með helstu gengisspekingum landsins og þá átti enginn von á þessu,“ segir Hjörleifur. Vísitalan stóð í 170 í gær.



**HJÖRLEIFUR B. KVARAN**

Hjörleifur segir að lágt gengi krónu hafi þó ekki haft mikil áhrif á lánshæfismat fyrirtækisins.

„Vaxtaálagið er enn mjög lítið,“ segir hann. „En þetta hefur áhrif á ýmislegt annað í rekstrinum, sem verður að skoða í lok sumars.“

Hjörleifur svarar því neitandi, hvort rætt hafi verið um að hækka álögur á almenning til að koma til móts við aukna greiðslubyrði af erlendum lánum.

„Það er mjög langt síðan við hækkuðum gjaldskrá. Taxtar hafa ekki fylgt vísitölu. En ég á ekki von á því að stjórnin ákveði þetta fyrr en eftir sumarið,“ segir Hjörleifur.

Landsvirkjun hefur hækkað verð á orku til Orkuveitunnar um sex prósent. „Það segir sig sjálft að þá hækkar verð til neytenda. Um helmingur okkar orku kemur frá Landsvirkjun. Þeir hækka um sex prósent sem þýðir að við hækkum um þrjú,“ segir Hjörleifur. Hann býst við að hækkunin skelli á neytendum um næstu mánaðamót. **- kóþ**




Hefur gæðin

HYUNDAI i10

# Lítill og sætur

## Sparneytinn og rúmgóður



- *i10* er 5 dyra smábíll fyrir fjölskyldur
- *i10* er eyðslugrannur
- *i10* er á hagstæðu verði
- *i10* getur lagt frítt í stæði í miðborginni
- *i10* er einn rúmbesti bíllinn í sínum flokki

**Hyundai i10**
5 dyra, bensín og beinskiptur.
**1.740.000**

### LOKSINS ER KOMINN SMÁBÍLL FYRIR ÞÁ SEM HUGSA AF SKYNSEMI

Hann er smábíll, en samt furðu rúmgóður. Hann er sparneytinn, en samt snar í snúningum. Hann mengar lítið og fær því frítt í bílastæði í miðborg Reykjavíkur. En umfram allt er þetta flottur bíll á flottu verði. Skynsamlegur kostur í þessu árferði. Hann hentar líka öllum. Hann er nógu stór fyrir fjölskyldur með börn eða bara eldri hjón með golfsettin í skottinu. Og hann er nógu sætur fyrir unga fólkið, sem er að festa kaup á sínum fyrsta bíl. **Líttu við hjá okkur í kaffi og keyrðu hring á spánnýjum Hyundai i10 – hann bíður eftir þér.**

B&L
Með bílinn handa þér

B&L áskilur sér rétt til verð- og búnaðarbreytinga án fyrirvara

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is
Keflavík 421 4444 - Selfoss 575 1460 - Akranes 431 2622 - Akureyri 461 2533 - Egilsstaðir 471 2524

## GENGIÐ 23.06.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 82,06 | 82,46 |
| Sterlingspund | 161,14 | 161,92 |
| Evra | 127,39 | 128,11 |
| Dönsk króna | 17,078 | 17,178 |
| Norsk króna | 15,898 | 15,992 |
| Sænsk króna | 13,572 | 13,652 |
| Japanskt jen | 0,7615 | 0,7659 |
| SDR | 132,6 | 133,4 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
164,2721

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Enn er deilt um skipulag við Lundarhverfi í Kópavogi:

# Lögbann sett á framkvæmdir

**KÓPAVOGUR** Sýslumaðurinn í Kópavogi hefur fallist á lögbannskröfu húsfélagsins að Lundi 1. Lögbannið fékkst á framkvæmdir á um það bil 150 metra kafla á Nýbýlavegi við húsið sjálft. Kröfu húsfélagsins um lokun umferðar til vesturs á Nýbýlaveginum var hins vegar hafnað.

Framkvæmdasvæðið sem lögbannið nær yfir liggur rétt austan við hringtorg á Nýbýlavegi sem stendur við húsið. Það nær vestur að lóðamörkum bensínstöðvar sem einnig stendur við Nýbýlaveg. Íbúarnir fengu lögbannið í kjölfar deilna sem ríkt hafa um deiliskipulag svæðisins.

Í tilkynningu frá Kópavogsbæ segir að framkvæmdirnar „rúmist innan skipulags". Einnig kemur fram að Kópavogsbær muni mótmæla lögbanni, komi til staðfestingarmáls sem húseigendur að Lundi 1 verða að höfða innan viku.

Óánægja íbúa Lundarhverfis hefur stigmagnast á undanförnum vikum. Þeir segja framkvæmdir bæjarins og Vegagerðarinnar á Nýbýlavegi vera í trássi við deiliskipulag svæðisins frá árinu 2004.

Gunnar Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, neitaði að tjá sig um málið. - hþj



**LUNDARHVERFI Í KÓPAVOGI** Lögbannskrafa íbúa var samþykkt í gær.

Hornsteinn að Bauhaus:

## Stærsta verslun sinnar tegundar

**VERSLUN** Bauhaus-verslunin sem mun rísa hér á landi í desember verður stærsta byggingarvöruverslun á Norðurlöndum. Verslunin verður um 22.000 fermetrar.

Næstkomandi fimmtudag verður hornsteinn lagður að nýju versluninni. Við lagningu hornsteinsins eru upplýsingar um arkítektúrinn, smámynt og fleira grafið í grunninn og steypt fyrir.

Þetta er hefð sem hefur skapast hjá Bauhaus-fyrirtækinu á alþjóðavísu og á að vera eins konar tímahylki fyrir fornleifafræðinga framtíðarinnar. - vsp

Þriggja ára gutti í Ósló:

## Stöðvaður með leikfangabyssu

**NOREGUR** Þriggja ára drengur var stöðvaður í öryggishliðinu í flughöfninni í Ósló nýlega. Drengurinn var að koma frá Íslandi með fjölskyldu sinni og var með lyklakippu með fimm sentimetra leikfangabyssu áfastri. Öryggisverðirnir spurðu föður drengsins hvort hægt væri að skjóta með byssunni.

„Við höfðum keypt leikfangabyssuna í ferðinni. Håkon var svo hrifinn af henni að við pökkuðum henni ekki niður. Ég svaraði að sjálfsögðu að það væri ekki hægt að skjóta með henni," hefur Aftonbladet eftir Jens Are Jensen Lökke, föður Håkons.

Fjölskyldan fékk ekki að taka byssuna í gegnum hliðið. - ghs



**ÁSÓKN** Ólympíueldurinn á Everest-tindi á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP/XINHUA

Kínverjar hreinsa Everest:

## Færri fá að klífa hæsta fjall heims

**KÍNA, AP** Kínversk stjórnvöld hyggjast ráðast í átak til hreinsunar Everest-fjalls á næsta ári, að því er yfirmaður umhverfismála í Tíbet segir. Everest er hæsta fjall heims, 8.850 metrar, og liggur á landamærum Kína og Nepal. Nokkuð er um rusl á fjallinu sem fjallagarpar hafa skilið eftir.

Meðal áætlaðra aðgerða er að banna akstur að rótum fjallsins og hugsanlega að heimila færra fólki að klífa fjallið. - gh

# Ráðherra bjartsýnn þótt gengið falli ört

**Íslenska krónan hefur aldrei verið verðminni en nú. Fallið nemur um 40 prósentum frá áramótum. Frekari verðbólga viðbúin segir ASÍ. Ýmsar greinar styrkjast segir fjármálaráðherra. Samtök atvinnulífsins vilja fleiri virkjanir.**

**EFNAHAGSMÁL** „Þetta eru alvarleg tíðindi fyrir heimilin og fólkið í landinu. Kaupmáttur og launin okkar rýrna enn meira. Þetta eru líka slæm tíðindi fyrir hagkerfið í heild," segir Ingunn Þorsteinsdóttir, hagfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands, um gengislækkun krónunnar í gær.

Gengið lækkaði um þrjú prósent og hefur það aldrei verið lægra. Það hefur verið á niðurleið frá því í maí.

„Að mínu mati skýrist þetta af neikvæðum tíðindum að utan," segir Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra um gengislækkun krónunnar í gær.

Ríkisstjórnin tilkynnti fyrir helgi að lán Íbúðalánasjóðs yrðu rýmkuð og einnig yrði lánað til banka. Þá var tilkynnt um 75 milljarða skuldabréfaútgáfu til að örva gjaldeyrismarkaðinn.

Árni segir að fyrst hafi gengið styrkst, en síðan lækkað þegar markaðir vestan hafs fóru niður á við. Gengisþróunin sé þó ekki með öllu óhagstæð. „Sjávarútvegurinn, ferðaþjónustan og stóriðjan gætu styrkst almennt í þessari stöðu." Þetta hafi nokkur áhrif á fjármálakerfið, en bankar séu vel fjármagnaðir og aðgerðirnar fyrir helgi ættu að hjálpa til þar. Engin ástæða sé til að vera of svartsýn á framtíðina. „Ég er sannfærður um að vextir munu lækka, þetta er bara spurning um tíma," segir Árni.

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir svartsýni ríkja. „Það er eins og búist sé við því að þetta ástand vari lengur en menn höfðu vonast til," segir Hannes og bendir á gjalddaga jöklabréfa í haust.

Bjartsýni aukist varla nema til dæmis með ákvörðunum um fjárfestingar í orkuiðnaði.

„Það veldur vonbrigðum að aðgerðir ríkisstjórnarinnar skuli ekki vekja meira traust," segir Ingunn Þorsteinsdóttir. Fátt annað blasi við en verðhækkanir og þar með meiri verðbólga.

Hún mældist 12,3 prósent í síðasta mánuði. Gengið hefur lækkað um ríflega tíu prósent það sem af er mánuðinum og um næstum fjörutíu prósent frá áramótum.

Evran kostar nú yfir 130 krónur, Bandaríkjadalur ríflega 84 og danska krónan 17 krónur og 60 aura. ingimar@markadurinn.is



**ÁRNI M. MATHIESEN** Sjávarútvegurinn, ferðaþjónustan og stóriðjan gætu styrkst í stöðunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**INGUNN ÞORSTEINSDÓTTIR**



**HANNES G. SIGURÐSSON**



**ORKUMÁL Í BRENNIDEPLI** Báðir forsetaframbjóðendur vilja stuðla að því að Bandaríkjamenn verði minna háðir olíu.

Kosningabaráttan vestra:

## Ólíkar tillögur í olíumálum

**WASHINGTON, AP** Demókratinn Barack Obama og repúblikaninn John McCain leggja báðir áherslu á að lækka olíuverð og draga úr olíunotkun Bandaríkjamanna, en telja mismunandi leiðir vænlegar til þess.

Obama leggur til að skattaumhverfinu verði breytt til að hindra að spákaupmennska hækki olíuverð. McCain hefur lagt til að veitt verði rífleg verðlaun til þeirra sem þróa nýja rafgeymatækni sem geti látið rafbíla taka við af bensínbílum.

Olíufatið kostaði á föstudag 135 dollara, næstum tvöfalt það sem það kostaði fyrir ári. Á bensínstöð í Bandaríkjunum kostar bensínlítrinn um 85 krónur. - gh

**VESTMANNAEYJAR**

### Lundamyndavél á Ystakletti

Vefmyndavél sem komið var fyrir á Ystakletti er komin aftur í gagnið að því er segir á eyjar.net. Notendur, sem geta stjórnað myndavélinni heima í stofu, geta því tekið til við að skoða atferli lunda og annarra fugla. Slóðin er puffin.eyjar.is.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Innbrot á Þingvöllum

Brotist var inn í sumarbústað á Þingvöllum aðfaranótt mánudags. Flatskjár og heimabíókerfi voru meðal þess sem stolið var.


# Málverk óskast

Óska eftir að kaupa málverk eftir Stefán "Stórval" Jónsson.

**Nánari upplýsingar í síma 8204729**


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**RÓLEGT YFIR KORTUNUM**
Engar vindörvar prýða kort dagsins enda vindur hverfandi á landinu. Það má búast við einhverjum skúrum suðvestan til, annars þurrt og víða nokkuð bjart. Hann er síðan að halla sér í norðaustlæga átt og þá smá kólnar norðan heiða.



Á MORGUN 5-10 m/s.

FIMMTUDAGUR 5-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Billund | 18° |
| Ósló | 17° |
| Stokkhólmur | 19° |
| Gautaborg | 19° |
| Helsinki | 14° |
| Eindhofen | 23° |
| Amsterdam | 20° |
| London | 22° |
| Berlín | 21° |
| Frankfurt | 26° |
| Friedrichshafen | 33° |
| París | 27° |
| Basel | 31° |
| Barcelona | 26° |
| Alicante | 30° |
| Algarve | 27° |
| Tenerife | 21° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.


HÉR VIRKAR HEIMAVÖRNIN BEST
Fólk er sjaldnast heima hjá sér þegar innbrot á sér stað. Með Heimavörn Securitas er heimilið verndað allan sólarhringinn, allt árið um kring. – Njóttu þess að vera að heiman.
Hafðu samband í síma 580 7000 og fáðu heimsókn frá öryggisráðgjafa.
Nánari upplýsingar er einnig að finna á vefsíðu okkar, www.securitas.is.
SECURITAS
HEIMAVÖRN

**KJÖRKASSINN**



*Styður þú núverandi ríkisstjórn Íslands?*

| | |
|---|---|
| Já | 34,2 % |
| Nei | 65,8 % |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er rétt af borginni að mála yfir skreytingar íbúa án viðvörunar?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

Tugir manna sem grunaðir eru um að skipuleggja smygl á fólki handteknir:

# Smyglhringur upprættur

**PARÍS, AP** Lögregla í Frakklandi, Svíþjóð og Hollandi handtók í gær meira en þrjátíu manns sem grunaðir eru um að hafa smyglað ólöglegum innflytjendum, einkum íröskum Kúrdum, til Norður-Evrópu.

Frönsk yfirvöld segja að 24 menn hafi verið handteknir í París og öðrum borgum. Lögregla í Þýskalandi, Belgíu, Bretlandi, Grikklandi, Írlandi, Hollandi og Svíþjóð hafi einnig handtekið menn grunaða um að tengjast smyglhringnum.

Þau segja hringinn hafa verið „vel skipulagðan, fjölþjóðlegan hóp“ sem hafi smyglað hundruðum innflytjenda til Skandinavíu, Bretlands og Írlands. Innflytjendurnir hafi einkum verið íraskir Kúrdar, en einnig Afganar, Kínverjar, Tyrkir og Bangladessar. Þeir hafi hver um sig greitt hringnum tíu til tólf þúsund evrur, jafnvirði um þrettán til fimmtán hundruð þúsund króna, til að komast til Evrópu.



**FJÖLÞJÓÐLEG AÐGERÐ** Lögregla í átta Evrópulöndum átti þátt í handtökunum. NORDICPHOTOS/AFP

Sakborningarnir eru á aldrinum 21 til 48 ára. Þeim má halda í allt að fjóra daga til yfirheyrslna. - gh

ESB herðir refsiaðgerðir:

## Íranskar bankaeignir frystar

**BRUSSEL, AP Ríki Evrópusambandsins hafa samþykkt nýjar refsiaðgerðir gegn Írönum. Í þeim felst meðal annars að eigur stærsta banka Írans, Mellibanka, verða frystar.**

**Refsiaðgerðinar eru tilkomnar vegna kjarnorkuáætlunar Írana. Þessar nýjustu aðgerðir ESB eru í takt við aðgerðir sem Bandaríkjastjórn hefur þegar gripið til.**

**Stjórnvöld á Vesturlöndum telja að Íranar ætli að koma sér upp kjarnorkuvopnum, en Íranar hafa neitað því og segjast aðeins hyggjast nýta kjarnorku í friðsamlegum tilgangi.** - gh

Félagsmálaráðuneytið:

## Vill ekki afhenda skýrslu

**HÚSNÆÐISMÁL** Félagsmálaráðuneytið neitar að afhenda skýrslu sem nefnd í húsnæðismálum skilaði af sér í byrjun ársins. Félagsmálaráðuneytið færir þau rök fyrir ákvörðun sinni að skýrslan hafi verið lögð fyrir ríkisstjórn og vísar til upplýsingalaga þar sem segir að réttur almennings til aðgangs að gögnum taki ekki til vinnuskjala sem stjórnvald hafi ritað til eigin afnota.

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra sagði á blaðamannafundi í Ráðherrabústaðnum í síðustu viku að flest atriðin úr skýrslunni væru komin til framkvæmda. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að tvær tillögur hafi ekki komið til framkvæmda; tillaga um sérstakar vaxtabætur og níutíu prósenta hámarkslán til þeirra sem kaupa íbúð í fyrsta skipti. - ghs

Mannrán á Grikklandi:

## Leystur úr haldi ræningja

**GRIKKLAND, AP Mannræningjar leystu í gær gríska auðmanninn Giorgos Mylonas úr haldi eftir að fjölskylda hans greiddi þeim lausnarfé.**

**Mylonas var þrettán daga í haldi ræningjanna, sem rændu honum utan við heimili hans í borginni Þessaloníku. Fjölskylda Mylonas gefur ekki upp hversu mikið fé ræningjunum var greitt, en þeir höfðu krafist þrjátíu milljóna evra, jafnvirði tæplega fjögurra milljarða króna.**

**Mylonas er formaður norðurgríska iðnaðarsambandsins og stjórnar álfyrirtækinu Alumil. Hann segir að ræningjarnir hafi farið vel með sig, en hann sá aldrei andlit þeirra.** - gh

# Lítill stuðningur við stóriðju kemur á óvart

**Iðnaðarráðherra og bæjarstjóri í Ölfusi undrast lítinn áhuga á stóriðju á landsbyggðinni. Forstjóri Landsvirkjunnar segir jarðvarmavirkjun á Norðurlandi í undirbúningi. Fyrrverandi iðnaðarráðherra spáir auknum stuðningi við stóriðju.**

**VIRKJANAMÁL** Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra segir það ekki koma sér á óvart „að menn gjaldi varhug við stórvirkjunum eftir þær harðvítugu deilur sem hafa orðið á síðustu árum“.

Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins styðja 57 prósent landsmanna ekki frekari virkjanir fyrir orkufrekan iðnað.

„Það kemur mér verulega á óvart að ekki sé meiri stuðningur á landsbyggðinni en könnunin gefur til kynna,“ segir iðnaðarráðherra. 41,1 prósent svarenda búsettra á landsbyggðinni styður frekari virkjanir til stóriðju, og 44,4 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir niðurstöður könnunar Fréttablaðsins geta verið vísbendingu um að landsbyggðin sé að missa trúna á stórframkvæmdir.

„Ég finn að það er sterkur straumur með náttúruvernd í samfélaginu. Það átti allt að verða svo gott en það er það ekki. Við erum að borga með rafmagninu til Alcoa, við erum að taka áhættuna og Alcoa græðir á samningunum við okkur,“ segir Árni.

Valgerður Sverrisdóttir, alþingismaður og fyrrverandi iðnaðarráherra, segist gera sér fulla grein fyrir því að virkjanir séu umdeildar. „Miðað við það að svona stór hluti sé fylgjandi virkjunum núna virðist þróunin vera sú að fylgið fer vaxandi. Ég reikna með því að það muni vaxa frekar í nánustu framtíð vegna samdráttarins sem nú ríður yfir,“ segir Valgerður.

Aðspurður segir Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, að síðastliðið haust hafi stjórn fyrirtækisins ákveðið að ráðast ekki í frekari virkjanir vegna byggingar álvera á Suðvesturlandi. „Á hinn bóginn er Landsvirkjun að undirbúa jarðvarmavirkjanir vegna álvers á Bakka við Húsavík en sú framkvæmd nýtur mikils stuðnings heimamanna,“ segir Friðrik.

„Ef þjóðin heldur ekki áfram að nýta orkuna í fallvötnum og iðrum landsins er hún í vondum málum. Það þarf ekki endilega að vera til stóriðju heldur getur verið til ýmiss annars atvinnurekstrar eins og netþjónabúa,“ segir Grétar Mar Jónsson, alþingismaður Frjálslynda flokksins.

Lægra hlutfall virkjanasinna á landsbyggðinni



**VIRKJANIR** Ein þeirra virkjana sem deilt hefur verið um yrði í Urriðafossi í Þjórsá. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURÐUR BOGI



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**



**FRIÐRIK SOPHUSSON**



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR**

kemur Ólafi Áka Ragnarssyni, bæjarstjóra í sveitarfélaginu Ölfusi, á óvart.

„Ég er hissa á því að svo margir á landsbyggðinni séu þessu andsnúnir. Reyndar hafa verið mjög heitar umræður um þessi mál svo að það er ekkert óeðlilegt að fólk á landsbyggðinni hugsi sig vandlega um þegar það kemur að því hvernig það eigi að nýta sínar auðlindir.“ helgath@frettabladid.is

Ástþór skorar á forsetafrúna:

## Dorrit með lykilinn að friði

**FRIÐARMÁL** Ástþór Magnússon skoraði á Dorrit Moussaieff forsetafrú í formlegu bréfi í gær að vinna að friðarmálum í Mið-Austurlöndum.



**ÁSTÞÓR MAGNÚSSON**

Hann segir í bréfinu að lykillinn að friði sé í hennar höndum vegna þeirrar sérstöku aðstöðu sem hún hefur á Bessastöðum.

Í bréfinu varar Ástþór við stríði Ísraelsmanna og Palestínumanna og segir að mögulega sé kjarnorkustríð og þriðja heimsstyrjöldin yfirvofandi.

Ástþór segir samtökin Frið 2000 vera tilbúin að styðja við þetta friðarátak ef af því verði. - vsp

Ísafjörður:

## Vandlátur þvottaþjófur

**LÖGREGLA Fjöldi Ísfirðinga hefur að undanförnu tapað flíkum sínum í hendur þjófs, eða þjófa, sem fer að þvottasnúrum bæjarbúa og lætur greipar sópa. Eitt tilfelli hefur komið á borð lögreglunnar en Guðmundur Hjaltason, eigandi kaffihússins Langa Manga, segir mun fleiri hafa orðið fyrir slíku tjóni.**

**„Þjófurinn lætur ekki nægja að taka af útisnúrunum því hann greip uppáhaldsgallabuxur vinar míns inni í þvottahúsi,“ segir hann. „Þetta er víst merkjamaður því hann tekur einungis bestu flíkurnar þar sem hann fer.“** - jse







## Komdu og prófaðu kraftmeiri sportjeppa.

Volkswagen Tiguan hefur yfirburði í flokki sportjeppa, einkum þegar spurt er um kraft, gæði og verð. Hann getur dregið allt að 2.500 kg vagn og er hlaðinn búnaði sem gerir ferðalögin þín enn þægilegri. Hann fer betur með eldsneytið og eyðir aðeins frá 6,9 lítrum á 100 km í blönduðum akstri. Svo kemur verðið líka á óvart því hann kostar aðeins frá 3.990.000 kr. **Komdu og finndu hvernig Tiguan breytir öllu.**

**Das Auto.**

**Reynslan er góð!**

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

**VEISTU SVARIÐ?**



1 Hve margir Íslendingar vilja rannsaka pólitískar rætur Baugsmálsins, samkvæmt könnun Fréttablaðsins um helgina?

2 Hve stór hluti nefndarmanna í nefndum á vegum ráðuneytanna er konur?

3 Á hvaða tungumáli verða Íslendingasögurnar gefnar út árið 2011?

# Um hundrað sagt upp hjá Flugþjónustunni

**Flugþjónustan segir upp 100 manns, eða fimmtungi starfsmanna, vegna samdráttar. Von er á uppsögnum hjá Icelandair. Minnst ellefu fyrirtæki hafa gripið til hópuppsagna á þessu ári og tæplega 500 starfsmenn fengið uppsagnarbréf.**

**VINNUMARKAÐUR** Flugþjónustan á Keflavíkurflugvelli segir upp tæplega fimmtungi starfsmanna sinna, eða 80-100 starfsmönnum. Uppsagnirnar koma til framkvæmda 1. október. Gunnar Olsen, framkvæmdastjóri Flugþjónustunnar, segir að verið sé að laga reksturinn að þeim viðskiptum sem séu fyrirsjáanleg í vetur.

„Við erum að stilla af starfsfólkið miðað við þau umsvif sem við gerum ráð fyrir. Þetta er um fimmtungur, um sautján til átján prósent af starfsfólkinu, en það þýðir ekki endilega að það séu svo margir sem hætta. Sumir fara í minna starfshlutfall í vetur og koma svo aftur í fulla vinnu með vorinu,“ segir hann.

Gunnar segir að spár um samdrátt hafi komið frá viðskiptavinum Flugþjónustunnar, til dæmis Iceland Express og SAS, og í samræmi við það hafi verið ákveðið að fara í hópuppsagnir. Með uppsögnunum sé verið að fækka nokkuð í grunnkjarnanum; talsvert af reyndu fólki fái uppsagnarbréf.

Karl Sigurðsson, deildarstjóri hjá Vinnumálastofnun, segir að Flugþjónustan á Keflavíkurflugvelli sé eina fyrirtækið sem hafi látið stofnunina vita af hópuppsögnum í þessum mánuði en hins vegar hafi hann lesið um fyrirhugaðar uppsagnir á flugmönnum og flugfreyjum hjá Icelandair í blöðum.

„Við höfum fyrst og fremst upplýsingar um atvinnuleysi sem eykst lítið. Hins vegar höfum við einhverja tilfinningu fyrir því hvað muni gerast og horfur eru á að samdráttur verði með haustinu,“ segir hann. Tólf fyrirtæki, að Icelandair meðtöldu, hafa gripið til hópuppsagna á þessu ári. Um 582 starfsmenn hafa fengið uppsagnarbréf. Flestar hafa uppsagnirnar verið hjá Stafnási, þar sem 95 misstu vinnuna, og nú hjá Flugþjónustunni, samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar.

Ástæður uppsagnanna eru yfirleitt rekstrarerfiðleikar og fyrirsjáanlegur samdráttur í verkefnum, auk endurskipulagningar og hráefnisskorts.

Gert er ráð fyrir að starfsmannafundur verði haldinn hjá Icelandair í dag. Ekki hafa komið upplýsingar um hve mörgum verður sagt upp en búist er við að þeir verði 200-300 manns. ghs@frettabladid.is



**SAMDRÁTTUR FYRIRSJÁANLEGUR** Flugþjónustan á Keflavíkurflugvelli segir upp hátt í 100 starfsmönnum, þar af reyndu fólki úr starfsmannakjarnanum. Gunnar Olsen framkvæmdastjóri segir að ekki hætti allir störfum, sumir minnki hjá sér starfshlutfallið.

### HÓPUPPSAGNIR FRÁ ÁRAMÓTUM

| | Fjöldi |
|---|---|
| Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli | 80-100 |
| ANS | 34 |
| Kaupás | 68 |
| Nordic Sea | 48 |
| Glitnir | 88 |
| Mest | 32 |
| Stafnás | 95 |
| Íslenskar lyfjarannsóknir | 26 |
| IP fjarskipti | 14 |
| HB Grandi | 62* |
| Samherji | 23 |

* Þar af eru átta í launalausu leyfi

Hollenskir smyglarar sitja inni:

## Miðaldra par áfram í haldi

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur framlengdi í gær gæsluvarðhald yfir tveimur hollenskum kókaínsmyglurum til 7. júlí að beiðni lögreglustjórans á Suðurnesjum. Fólkið, par um fimmtugt, var handtekið við komuna til landsins 17. júní með um þrjú hundruð grömm af kókaíni í farangri sínum.

Rannsókn málsins miðar vel en talið var nauðsynlegt að halda fólkinu lengur í varðhaldi vegna rannsóknarhagsmuna. Héraðsdómur Reykjaness tók undir þá kröfu. - sh

**JAPAN**

### Fiskibátur sekkur

Japönskum fiskibát hvolfdi og hann sökk úti fyrir austurströnd Japans í gær. Fjórir eru látnir og þrettán saknað.

Umsóknir flestar í MH og VÍ:

## Þurfa að vísa 600 manns frá

**MENNTAMÁL Flestar umsóknir um skólavist í framhaldsskólum bárust til Verzlunarskóla Íslands og Menntaskólans við Hamrahlíð. Þessir skólar þurfa að vísa frá um 600 nemendum sem höfðu valið skólana sem fyrsta kost.**

**Á þessu ári sóttu 4.426 nemendur úr 10. bekk um skólavist í framhaldsskólum landsins.**

**Þetta gerir um 95 prósent árgangsins en aðeins um 92 prósent 10. bekkjarárgangsins á síðasta ári sóttu um skólavist.**

**Umsóknarferlið var með rafrænum hætti eins og undanfarin ár. - vsp**

Eigandi Kúagerðishvolpsins:

## Grunaður um verknaðinn

**LÖGREGLUMÁL** Eigandi hvolpsins sem fannst grafinn undir grjóti við Kúagerði á laugardag mætti til skýrslutöku hjá lögreglunni á Suðurnesjum í gær. Hann hefur stöðu grunaðs manns. Þetta staðfesti Eyjólfur Kristjánsson fulltrúi lögreglustjórans á Suðurnesjum við Fréttablaðið.



**HVOLPURINN** Er allur að koma til.

Hvolpurinn, sem er dobermanblendingur, var enn á Dýraspítalanum í Víðidal í gær. Hann var orðinn kátur og sprækur, át vel en var enn svolítið slæmur í annarri framlöppinni eftir fargið sem hann hafði verið grafinn undir. - jss

www.toyota.is

SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA Á BETRA VERÐI EN AÐRIR



Toyota Rav4
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 04.05 Ekinn: 91.000 km
Verð: 2.690.000 kr. Skr.nr. ST-044
Tilboðsverð: 2.170.000 kr.



Toyota Corolla W/G
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.05 Ekinn: 51.000 km
Verð: 1.470.000 kr. Skr.nr. RX-153
Tilboðsverð: 1.290.000 kr.



Toyota Corolla S/D Sol
1600 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.06 Ekinn: 57.000 km
Verð: 1.990.000 kr. Skr.nr. NB-124
Tilboðsverð: 1.690.000 kr.



Mercedes Benz R320 CDi
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 06.07 Ekinn: 20.000 km
Verð: 7.290.000 kr. Skr.nr. VI-864
Tilboðsverð: 6.590.000 kr.



Toyota Land Cruiser 100
4700 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 03.04 Ekinn: 82.000 km
Verð: 4.990.000 kr. Skr.nr. SM-105
Tilboðsverð: 4.490.000 kr.



Jeep Grand Cherokee Hemi
5700 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 01.05 Ekinn: 76.000 km
Verð: 3.490.000 kr. Skr.nr. NI-828
Tilboðsverð: 2.790.000 kr.

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

Núna bjóðum við 6 betri notaða bíla á sannkölluðum úrvalskjörum.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 42866 06.2008


Í HVERJU PARI AF **CINTAMANI GÖNGUSKÓM** ERU ÞÚSUNDIR HARÐKORNA SEM GRÍPA Í YFIRBORÐIÐ SEM GENGIÐ ER Á. VIÐ NOTKUN ER EÐLILEGT AÐ EFSTA LAG SÓLANS EYÐIST EN VIÐ ÞAÐ BIRTAST FLEIRI HARÐKORN ÞVÍ ÞAU ERU FÖST INN Í SÓLANUM, EN ERU EKKI BARA Á YSTA LAGI HANS. SKÓRNIR HALDA ÞVÍ ÁFRAM AÐ GEFA ÞÉR BESTA MÖGULEGA GRIP, JAFNVEL VIÐ MIKLA NOTKUN.
**CINTAMANI // AUSTURHRAUN 3 // 210 GBÆ**
**WWW.CINTAMANI.IS**
CINTAMANI
SPJARAÐU ÞIG




**BARNAÞRÆLKUN MÓTMÆLT** Margmenni mótmælti barnaþrælkun fyrir utan útibú verslanakeðjunnar Primark á Oxford-stræti í London í gær. Rannsóknarfréttamenn BBC-sjónvarpsstöðvarinnar halda því fram að fataframleiðendur á vegum keðjunnar noti börn sem vinnuafl. NORDICPHOTOS/GETTY

Lögregla í Simbabve rænir stjórnarandstæðingum og rústar höfuðstöðvum þeirra:

# Tsvangirai leitar hælis í sendiráði

**SIMBABVE, AP** Lögregla í Simbabve réðst í gær inn í höfuðstöðvar stjórnarandstöðuflokksins MDC í Harare og rændi þaðan sextíu manns auk tölva og húsgagna. Leiðtogi stjórnarandstöðunnar, Morgan Tsvangirai, hefur leitað hælis í sendiráði Hollands. Hann hefur þó ekki óskað formlega eftir pólitísku hæli, að því er talsmaður hollenska utanríkisráðuneytisins greindi frá.

Tsvangirai dró í fyrradag til baka forsetaframboð sitt þar sem ekki væri útlit fyrir sanngjarnar kosningar næstkomandi föstudag. Stjórnvöld hafa sagt að kosningarnar muni engu að síður fara fram og hafa kallað Tsvangirai heigul.



**ÓTTAST UM LÍF SITT** Sendiráð Hollands í Harare, þangað sem Morgan Tsvangirai forðaði sér á sunnudag. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnarandstæðingar segjast hafa verið beittir ofbeldi af stjórn Roberts Mugabe í aðdraganda seinni umferðar forsetakosninganna. Samkvæmt opinberum tölum fékk Tsvangirai fleiri atkvæði en Mugabe í fyrri umferð kosninganna en ekki hreinan meirihluta svo önnur umferð var nauðsynleg.

Javier Solana, aðaltalsmaður Evrópusambandsins í utanríkis- og öryggismálum, segir afturköllun Tsvangirai á framboði sínu skiljanlega í ljósi ofbeldisöldunnar. Kosningarnar séu orðnar „afskræming lýðræðis“. Utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Condoleezza Rice, hefur sagt ríkisstjórn Simbabve ólögmæta án sanngjarnra kosninga og fordæmir ofbeldisölduna í landinu. **- gh, aa**

Fíkniefnafundur við húsleit:

# Dæmdur fyrir gramm af hassi

**DÓMSMÁL Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur til að greiða tæplega þrjátíu þúsund króna sekt fyrir að að kaupa og selja eitt gramm af hassi.**

**Maðurinn keypti gramm af kannabisefnum af ókunnum manni í Reykjavík í september síðastliðnum, að því er fram kemur í ákæru. Hann flutti það síðan til Vestmannaeyja og seldi. Helmingur efnisins fannst við húsleit lögreglu í herbergi ákærða.**

**Maðurinn hefur tvisvar frá árinu 2004 hlotið dóm fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnalögum.** **- sh**






# Skoða hvort manni sem lést var hrint

**Lögregla rannsakar hvort Pólverja sem lést á föstudagskvöld hafi verið hrint. Maðurinn var höfuðkúpubrotinn við komu á sjúkrahús. Áfengi var haft um hönd þar sem hann bjó og til orðaskaks kom milli manna. Þrír eru í farbanni.**

**LÖGREGLUMÁL** Þrítugur Pólverji sem lögregla telur leika grun á að látist hafi af óeðlilegum orsökum var höfuðkúpubrotinn á hnakka þegar komið var með hann á sjúkrahús fyrir tæpum tveimur vikum. Hann var meðvitundarlaus við komuna á spítalann og komst aldrei til meðvitundar. Hann lést á föstudaginn. Engir ytri áverkar voru á hnakka mannsins, svo talið er að hann hafi látist við fall aftur fyrir sig. Rannsókn lögreglu beinist meðal annars að því hvort manninum hafi verið hrint.

Samlandi mannsins, sem bjó í sama húsi og hann, sat í gæsluvarðhaldi þar til í gær. Þá rann það út. Hann var í héraðsdómi úrskurðaður í sex vikna farbann. Sá maður er 28 ára.

Mennirnir tveir höfðu báðir verið í vinnu hér á landi um skeið. Þeir höfðu búið á Frakkastíg 8. Þar eru leigð út allmörg herbergi, einkum til útlendinga sem eru við störf hér. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins fundu nágrannar mannsins hann meðvitundarlausan á gangi hússins að kvöldi mánudagsins 9. júní, báru hann inn í herbergi hans og hlúðu að honum. Þegar hann kom ekki til meðvitundar hringdu þeir í sjúkrabíl. Það var ekki fyrr en morguninn eftir.

Áfengi var haft um hönd kvöldið sem atburðurinn varð og mun hafa komið til orðaskaks milli manna, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Ofbeldisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hóf þegar rannsókn á málinu. Tveir Pólverjar voru handteknir skömmu síðar og úrskurðaðir í gæsluvarðhald, annar í tæpa viku og hinn til dagsins í gær. Sá fyrrnefndi var einnig úrskurðaður í sex vikna farbann í gær. Þriðji Pólverjinn, vitni í málinu, sætir líka sex vikna farbanni.

Lögreglan hefur yfirheyrt hóp fólks vegna málsins. Hún heldur rannsókn áfram af fullum krafti, að sögn Sigurbjörns Víðis Eggertssonar, yfirmanns ofbeldisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. **jss@frettabladid.is**



**FRAKKASTÍGUR 8** Maðurinn sem lést bjó á Frakkastíg 8. Hann fannst meðvitundarlaus á gangi hússins fyrir um tveimur vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## ATBURÐARÁSIN

- Þrítugur Pólverji var höfuðkúpubrotinn fyrir tæpum tveim vikum.
- Hann fannst meðvitundarlaus að kvöldi 9. júní.
- Hringt var á sjúkrabíl morguninn eftir.
- Tveir menn voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald.
- Annar var í varðhaldi í tæpa viku. Hinn var í varðhaldi þar til í gær.
- Báðir mennirnir, auk vitnis, sæta sex vikna farbanni.






Fyrsta helgin var róleg hjá miðborgarþjónum:

# Kölluðu lögreglu einu sinni til

**LÖGREGLUMÁL** „Samstarfið við miðborgarþjóna gekk ljómandi vel,“ segir Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík.

Miðborgarþjónar höfu störf um helgina í miðborg Reykjavíkur og fór allt vel fram enda rólegt í borginni að sögn Geirs Jóns.

„Veðrið var gott og mun færra fólk en við hefðum getað búist við enda stærri ferðahelgi en við áttum von á,“ segir Geir Jón.

Geir Jón neitar því að lögregluþjónar hafi leitað eftir aðstoð miðborgarþjóna. „Miðborgarþjónarnir eiga að vera á ferðinni og geta haft samband við okkur gegnum fjarskipti ef þeir sjá eitthvað alvarlegt.

Aðalmálið er þó bragurinn við skemmtistaði, að reyna að fá fólk til að skapa ekki óþarfa hávaða og núning.“

Ekki kom til þess nema eitt skipti um helgina að miðborgarþjónar kölluðu lögreglu til að sögn Geirs Jóns. **- ht**



**MIÐBORGIN** Rólegt var á fyrstu vakt miðborgarþjóna.




# Fjölbreyttustu sturtulausnir á Íslandi

## - til afgreiðslu af lager!

**Eitt hagstæðasta verð á markaðnum**

E000479
Öryggisgler skv. staðli
það eina löglega fyrir baðherbergi

## STURTUSKJÓL

70x220, 80x220, 90x220, 100x220, 110x220, 120x220 sm



8-10 mm
rammalaust
öryggisgler

## HURÐIR OG VEGGIR

**GLERVEGGUR með hurð**
60, 70, 75, 80, 85, 90, 95, 100, 105, 110, 115, 120, 125, 130, 135, 140, 145, 160, 165, 170, 175 og 180 sm

**GLERENDAVEGGIR**
70 sm, 80 sm, 90 sm og 100 sm



## BAÐKARSHLÍFAR

76x130, 89x140, 120x150, 60x150 og 85x150 sm

## STURTUKLEFAR

| 331-A | 311-A | 321-A | 611-A | 622-A | 625-A |
|---|---|---|---|---|---|
| 90x90 | 80x80<br>90x90 | 90x90 | 80x80<br>90x90 | 80x80<br>90x90 | 80x80<br>90x90 |



## STURTUHORN

KANTAÐ: 80x80, 90x90 RÚNAÐ: 80x80, 90x90 sm


Rúnað Kanntað

6 mm
rammalaust
öryggisgler
sem auðveldar þrif

## STURTUBOTN

KANTAÐUR: 80x80, 90x90, 80x90, 80x100, 80x90, 90,100 og 90x120 sm

RÚNAÐUR: 80x80 og 90x90 sm



kynntu þér úrvalið á
**www.i-t.is**

**INNRÉTTINGAR & TÆKI**
*- fyrir þitt heimili*

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

## „ORÐRÉTT“

### *Hættulegar kosningar*

**„Við getum ekki beðið almenning um að kjósa, þegar atkvæði fólks geta kostað það lífið.“**

MORGAN TSVANGIRAI, LEIÐTOGI STJÓRNARANDSTÖÐUNNAR Í SIMBABVE, TILKYNNIR AÐ HANN HAFI DREGIÐ FORSETAFRAMBOÐ SITT TIL BAKA.

**Fréttablaðið 23. júní.**

### *Hvunndagshetjan*

**„Ég greip í höndina á manninum og sneri hann í jörðina, þá missti hann dúkahnífinn.“**

ARON PÁLMI AFVOPNAÐI MANN SEM ÓGNAÐI UNGLINGSPILTI MEÐ HNÍFI Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR.

**DV 23. júní.**

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GUÐBJÖRG GUNNARSDÓTTIR MARKVÖRÐUR Í FÓTBOLTA

# *Skrifar fótboltafréttir og ritgerð í sumar*



„Ég skrifa lokaritgerðina mína í hagfræði í sumar og starfa einnig sem fréttaritari fyrir vefsíðuna fótbolti.net,“ segir Guðbjörg Gunnarsdóttir, markvörður í fótbolta.

„Ég er líka í endurhæfingu vegna meiðslanna sem ég hlaut fyrsta apríl við að stökkva í fyrirgjöf. Ég sleit hásin og er að vinna að því að koma mér aftur í stand, ég fer í sund á hverjum degi og hjóla líka.“

Guðbjörg segir endurhæfinguna ganga ágætlega og er búin að losna við hækjurnar sem hún notaði í tvo mánuði eftir slysið. Hún segir þó erfitt að segja til um hvenær hún geti aftur byrjað að spila.

„Aðgerðin gekk vel og læknarnir miða við að þetta taki allt um hálft ár en það er samt erfitt að segja. Ég er samt ennþá í kringum fótboltann með því að skrifa fótboltafréttir.“

Guðbjörg ætlar að einbeita sér að náminu í sumar auk skrifanna um fótbolta. „Ég ætla að skrifa lokaritgerðina mína í sumar, útskrifast í haust og er búin að skrá mig í meistaranám í fjármálahagfræði frá haustinu.

Ritgerðin mín fjallar um áhrif fjármála hins opinbera á íþróttaiðkun og þannig tengi ég saman hagfræðina og áhuga minn á íþróttum. Ég er að bera saman Ísland og Norðurlöndin og það er spennandi að sjá hvaða áhrif fjármál hins opinbera hafa til dæmis á það hversu margir iðka íþróttir.“

Þá segist Guðbjörg vera að gæla við að komast á Þjóðhátíð um verslunarmannahelgina. „Ég er ekki viss um hvort fóturinn verði tilbúinn í það. Ég ætlaði líka í útskriftarferð með hagfræðinni en mátti ekki fara í flugið,“ segir Guðbjörg, sem stefnir samt á að komast til útlanda í sumar.

„Mér finnst líklegt að ég fari til London og fljúgi þaðan í sólina þegar ég hef tíma.“

## SJÓNARHÓLL

FREKARI RANNSÓKN Á BAUGSMÁLINU

# *Ekki meiri peninga í Baugsmál*

„Það er búið að eyða svívirðilega miklum peningum í þetta mál. Ég vil ekki að meira sé eytt í þessa vitleysu af skattpeningunum mínum,“ segir Þorbjörn Jensson, forstöðumaður Fjölsmiðjunnar og fyrrverandi landsliðsþjálfari karla í handknattleik, um hugmyndir sem uppi eru um að rannsaka meintar pólitískar rætur Baugsmálsins. „Miðað við þann mikla tíma og þær fjárhæðir sem hafa farið í þetta mál er uppskeran heldur rýr. Það finnst mér ákveðinn áfellisdómur yfir þeim sem fóru af stað með málið í upphafi. Hverjir það eru get ég ekki sagt til um. En hvort sem það eru pólitíkusar eða aðrir, þá eru þeir einhvers staðar í felum að skammast sín.“



**ÞORBJÖRN JENSSON**
Forstjóri Fjölsmiðjunnar.









**BENEDIKT LAFLEUR Í SKAGAFIRÐI** Skagfirskur sjór hefur hert Benedikt upp fyrir sundið yfir Ermarsund sem hann á fyrir höndum. Síðar í sumar fer hann aftur í Skagafjörðinn og syndir út í Drangey, sem virðist véla hann til slíkrar sundferðar. MYND/FEYKIR

# Nær sólarhring í sjónum

**Sundgarpurinn Benedikt Lafleur er í Dover á Englandi og bíður uns veður verður hagstætt til sundferðar til meginlands Evrópu. Það verður í annað sinn sem hann reynir sund yfir Ermarsund. Síðast varð hann að leggja árar í bát nokkrum kílómetrum undan ströndum Frakklands.**

Þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til Benedikts var hann ekki viss um hvort hann legði í hann um kvöldið eða hvort brottför yrði að bíða næstu daga. En hvað segir honum að þetta takist nú? „Reynsluleysi mitt og föruneytis varð okkur fjötur um fót í síðustu ferð,“ segir hann. „Það eru um 34 kílómetrar á milli stranda þar sem styst er en ég var örugglega búinn að synda fjörutíu kílómetra. Síðustu kílómetrana var ég ekki í neinu sambandi við fylgdarbátinn, sem er afar vont.

Svo höguðum við næringargjöfinni ekki nógu skynsamlega. Ég varð að veiða næringarskammtinn upp úr hafi og þegar straumarnir voru hvað sterkastir gat þetta verið mikið basl. Nú verður þessu komið til mín á línu. Svo blekkir tálsýnin syndandi mann. Mér sýndist Frakklandsströnd vera alveg við nefið á mér en sú var alls ekki raunin.“ Það var því súrt í broti þegar skipstjóri fylgdarbátsins tók þá ákvörðun að nú skyldi sundi lokið en hann á síðasta orðið þegar ákvörðun er tekin um sundlok.

Benedikt hefur að undanförnu verið á Reykjum í Skagafirði þar sem hann hefur unnið að uppbygginu í ferðaþjónustu ásamt Jóni Eiríkssyni frá Fagranesi, sem betur er þekktur sem Jón Drangeyjarjarl. Benedikt segist oft hafa horft til eyjunnar atarna og hugsað til Grettis, sem sennilega er okkar frægasti sjósundskappi hvað sem öllu Ermarsundi viðvíkur. „Mig langar iðulega að skella mér til sunds á slíkum stundum enda ætla ég að láta verða af því síðar í sumar að synda út í Drangey,“ segir hann en eins og allir vita synti Grettir úr Drangey til lands.

Í Skagafirðinum hefur Benedikt stundað sahaja-jóga, sem kemur sér vel í sundinu þar sem einbeitingar er krafist langtímum saman. Sennilega kemur stóíska róin sem umlykur Benedikt þaðan, þótt hann eigi sextán klukkustunda til sólarhrings langt sund fyrir höndum.

„Í síðasta Ermarsundi var ég 22 tíma en ég stefni á að komast þetta á 16 til 17 klukkustundum.“ Að svo kveðnu er Benedikt kvaddur og þess óskað að hann njóti morgunverðar á næstu dögum, sæbarinn en sigursæll á Gráanefshöfða (Cap de Girsnez) í Frakklandi.

**jse@frettabladid.is**

# Tíu daga folald í Grafarholtinu

Sjaldgæf sjón blasti við nokkrum Grafarholtsbúum á sunnudag þegar hryssa áði ásamt tíu daga gömlu folaldi sínu í einbýlishúsagarði í hverfinu.

Hryssan, sem heitir Bylgja, er verðlaunahestur og er fífilbleik að lit, rétt eins og dóttir hennar, Göldrun frá Geitaskarði.

Þær mæðgur komu við í Reykjavík á leið sinni til Suðurlands, þar sem Bylgju beið mikilvægt verkefni.

„Bylgja var að fara að fjölga kyninu í samstarfi við mikils metinn stóðhest,“ segir Sigurður E. Levy, deildarstjóri sölu- og þjónustudeildar Lánstrausts hf. og annar eigandi hestanna.

Nú er fyrri gangmálum að ljúka, en hryssur eru yfirleitt annað hvort leiddar undir stóðhesta snemma sumars eða síðsumars.

„Það er gaman að fara í svona ferð á þessum tíma árs,“ segir Sigurður og bætir við að það hefðu ekki aðeins verið mennirnir sem skemmtu sér í ferðinni.

„Mæðgunum líkaði áningin í Grafarholtinu vel, en hún var nýtt til að næra sig og njóta hvíldar,“ segir Sigurður. „Þær virtust kunna prýðilega við sig í höfuðborginni.“

**- ges**



**MÆÐGUR Í BORGINNI** Líkast til hefur einhverjum brugðið við að sjá hryssu og folald í einbýlishúsagarði. MYND/ SIGURÐUR LEVY

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.513 **+0,02%**

**Fjöldi viðskipta:** 207
**Velta:** 1.739 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ICELANDAIR** | +1,64% | **EXISTA** | -3,14% |
| **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | +0,70% | **SPRON** | -1,63% |
| **KAUPÞING** | +0,51% | **MAREL** | -1,10%% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 6,40 0,00% ... Bakkavör 32,30 +0,31% ... Eimskipafélagið 14,30 +0,70% ... Exista 8,33 -3,14% ... Glitnir 16,20 -0,61% ... Icelandair Group 15,50 +1,64% ... Kaupþing 784,00 +0,51% ... Landsbankinn 23,10 0,00% ... Marel 90,30 -1,10% ... SPRON 3,62 -1,63% ... Straumur-Burðarás 10,18 +0,40% ... Teymi 2,11 0,00% ... Össur 93,50 0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Skýjakljúf frestað

„Hvernig getur eitthvað verið í fjárhagsvandræðum sem ekki er búið að byggja?“ segir Skarphéðinn Berg Steinarsson, forstjóri Landic Property, spurður um frétt Danska viðskiptablaðsins Børsen af vandræðum við fjármögnun á 142 metra skýjakljúfi í Árósum í Danmörku. Um er að ræða hið svokallaða „Lighthouse-byggingarsvæði“ sem Landic Property er aðili að. Turninn á að innihalda alls 58 þúsund fermetra gólfrými og fyrirhugað var að taka hann í notkun árið 2010. „Það hefur verið heldur mikill samdráttur á íbúðamarkaði í Danmörku. Þess vegna hafa menn talið að það væri ekki ráðlegt að fara í umfangsmiklar byggingaframkvæmdir á íbúðarhúsnæði í Árósum heldur draga úr hraðanum á þessu verkefni,“ segir Skarphéðinn.

Hann segir að þetta verkefni sé ekki komið lengra en það að ekki er enn búið að ganga frá lóðakaupum. „Það hefur orðið samkomulag um að við breytum því fyrirkomulagi sem var á kaupum á lóðinni,“ segir hann. **- as**



**LIGHTHOUSE-BYGGINGIN** Áætlað hæð skýjakljúfsins er tvisvar sinnum hæð Hallgrímskirkju.

## Kaupmáttur dregst saman

**Laun hafa hækkað um 7,9 prósent síðastliðna tólf mánuði samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands. Á sama tímabili hefur verðbólga mælst 12,3 prósent og hefur kaupmáttur launa því dregist saman um 3,9 prósent.**

**„Það er áhyggjuefni fyrir almenning og launafólk hve mikil verðbólgan er, það er hún sem veldur því að kaupmáttur launa er að rýrna. Það er forgangsatriði að ná niður verðbólgu og verðbólguvæntingum til að draga úr þessari kaupmáttarrýrnun,“ segir Ingunn Þorsteinsdóttir, hagfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands. - bþa**

## Metfjöldi í viðskiptanám í HÍ

Fjöldi umsókna í viðskipta- og hagfræðinám í Háskóla Íslands sló öll fyrri met, en umsóknirnar í grunnnámið við deildina urðu á fimmta hundrað. Að auki bárust um 100 umsóknir um BS-nám með vinnu, en námið er sérstaklega sniðið að þörfum þeirra sem vilja leggja stund á háskólanám samhliða starfi. Umsóknarfrestur um grunnnám rann út 5. júní síðastliðinn.

Aðsókn í meistaranám við deildina var einnig mjög góð og svipuð og áður en á fimmta hundrað umsóknir bárust í þær tíu línur sem deildin býður upp á í meistaranámi.

## Marel selur dönsku lágtæknikerfin

„Við viljum leggja áherslu á hátæknivélar, tölvustýrðar skurðarvélar, og ákváðum því að selja Norfo-deildina,“ segir Sigsteinn Grétarsson, forstjóri Marel hf.

Marel hefur náð samkomulagi um sölu á sögunareiningu félagsins í Borgundarhólmi í Danmörku. Einingin var starfrækt undir merkjum Scanvaegt Norfo. Marel keypti Scanvaegt fyrir tveimur árum. Sigsteinn segir vélarnar ekki fallið undir hátækni og því heyrt undir hliðarstarfsemi.

Samningurinn nær aðeins til starfsemi Marels sem lýtur að sögunarkerfum Norfo, sem sker djúpfrystar fiskiblokkir niður í bita og fiskifingur. Öll önnur starfsemi félagsins sem tengist skurði, í Borgundarhólmi, Árósum eða í Garðabæ, heldur áfram óbreytt. **- jab**



**GUÐMUNDUR BJARNASON** Forstjóri Íbúðalánasjóðs segir lægri vexti vera fyrir almenna lántakendur.

## Lækkandi vextir

„Þetta fer bara til almennra íbúðalána og er óháð þeim aðgerðum sem tilkynnt var um fyrir helgi,“ segir Guðmundur Bjarnason, forstjóri Íbúðalánasjóðs, um átta milljarða króna útboð sjóðsins. Ávöxtunarkrafa lækkaði í útboðinu.

Þar með lækka vextir sjóðsins um 0,15 prósentustig. Þeir verða 5,05 prósent með uppgreiðslugjaldi og 5,55 prósent án þess.

Guðmundur segir að unnið hafi verið eftir útgáfuáætlun sjóðsins. „Ef við þurfum að auka útgáfuna vegna hugsanlegra samninga við banka má búast við því að krafan hækki eitthvað.“ **- ikh**




Sparaðu með Brimborg

Nú er Ford með bensínverðvernd

# Sparaðu á með bros á

## Ford með 1.500 lítra af bensíni á aðeins 99 kr/ltr.

# Nýtt. Sparaðu enn meira á Ford

Spariverð. Bílasamningur 39.775 kr. á mánuði.

Sparneytinn
**Ford Escape XLS AWD**
með bensínverðvernd

2,3i 153 hö 206 Nm sjálfskiptur 5 dyra
$CO_2$ losun 206 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 9,9 l/100 km
Spariverð: 3.490.000 kr.*
Útborgun 30% eða 1.047.000 kr.
Bílasamningur 39.775 kr. á mánuði í 84 mánuði.
Innifalinn í mánaðarlegum greiðslum eru
vaxta- og lántökukostnaður 921.184 kr.
5 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

Spariverð. Bílasamningur 15.720 kr. á mánuði.

Sparneytinn
**Ford Ka**
með bensínverðvernd

1,3i 70 hö 106 Nm 5 gíra 3 dyra
$CO_2$ losun 141 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 5,9 l/100 km
Spariverð: 1.380.000 kr.*
Útborgun 30% eða 414.000 kr.
Bílasamningur 15.720 kr. á mánuði í 84 mánuði.
Innifalinn í mánaðarlegum greiðslum eru
vaxta- og lántökukostnaður 378.215 kr.
4 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

visthæf skref
með Brimborg

*Farðu á brimborg.is*
*og þú ert kominn af stað*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 30% útborgun og mán. greiðslum í 84 mán. sem eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta, 50% JPY/ 50% CHF. Mynd af Ford Escape s

Nýtt tákn um gæði

**Bensínverðvernd Brimborgar**

**99kr.**

Nýtt. Bensínverðvernd Brimborgar. Fáðu 1.500 lítra af bensíni á aðeins 99 kr/ltr.

ÓB ódýrt bensín

# Ford vör. Í dag.

## Nýtt. Núna sparneytinn Ford með bensínverðvernd

Sparaðu með Brimborg. Vertu á sparneytnum Ford með bensínverðvernd. Njóttu þess að auki að fá þér nýjan bíl á frábærum kjörum.

Nú færðu alla sparneytnu bílana frá Ford á sérstöku spariverði. Upplifðu bros sem borgar sig margfalt til baka í auknum sparnaði.

Komdu í dag og kynntu þér sparneytinn Ford með bensínverðvernd. Veldu Ford.

Finndu hvernig Ford laðar fram ósvikið bros, þegar þú ekur af stað með bensínverðvernd Brimborgar: Aðeins 99 krónur bensínlítrinn. Brimborg tryggir þér bensínlítrann á 99 krónur næstu 12 mánuði eða 1.500 lítra og gildir í 12 mánuði. Bensínverðvernd Brimborgar gildir aðeins fyrir kaup á nýjum Ford.

*Komdu í Brimborg í dag og láttu Ford laða fram ósvikið bros hjá þér. Veldu Ford í dag.*

# með bensínverðvernd:

### Spariverð. Bílasamningur 28.940 kr. á mánuði.

Sparneytinn
**Ford Focus Trend**
með bensínverðvernd

1,6i 100 hö 150 Nm 5 gíra 5 dyra
$CO_2$ losun 159 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 6,7 l/100 km
Spariverð: 2.540.000 kr.* Útborgun 30% eða 762.000 kr.
Bílasamningur 28.940 kr. á mánuði í 84 mánuði.
Innifalinn í mánaðarlegum greiðslum eru vaxta- og lántökukostnaður 676.718 kr.
9 bílar á þessu tilboði.




Hringdu núna í síma 515-7000

### Spariverð. Bílasamningur 63.130 kr. á mánuði.

Sparneytinn
**Ford Edge Limited AWD**
með bensínverðvernd

3,5i V6 265 hö 339 Nm 6 þrepa sjálfsk. 5 dyra
$CO_2$ losun 313 g/km.
Eyðsla í blönduðum akstri 11,8 l/100 km
Spariverð: 5.540.000 kr.* Útborgun 30% eða 1.662.000 kr.
Bílasamningur 63.130 kr. á mánuði í 84 mánuði.
Innifalinn í mánaðarlegum greiðslum eru vaxta- og lántökukostn.1.438.231 kr.
4 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

ýnir Ford Escape Limited með krómpakka. Aukabúnaður á mynd af Ford Focus eru álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Að rannsaka stemningu:

# Pólitíkin og Baugsmálið

JÓN KALDAL SKRIFAR

Það kemur ekki á óvart að mikill meirihluti þjóðarinnar telur rétt að hefja rannsókn á því hvort Baugsmálið eigi sér pólitískar rætur. Skoðanakönnun Fréttablaðsins, frá því um helgina, sýnir að það sjónarmið er afgerandi meðal stuðningsmanna allra flokka. Líka Sjálfstæðisflokks, þótt munurinn milli þeirra, sem vilja láta kyrrt liggja, og hinna sem vilja rannsaka, sé minni í því tilfelli.

Jóhannes Jónsson í Bónus, fagnar víðtækum stuðningi við rannsókn. Enda hafa forráðamenn Baugs allt frá upphafi sagt aðgerðir yfirvalda úr öllu samhengi við sakargiftirnar og sagt ástæður afskipta lögreglunnar af fyrirtækinu af pólitískum toga.

Niðurstöður könnunar Fréttablaðsins má túlka á ýmsa vegu. Þær geta endurspeglað þá skoðun aðspurðra að pólitík hafi verið að baki rannsókninni á Baugi. En þeir, sem svöruðu spurningunni um rannsókn játandi, geta allt eins álitið að pólitík komi málinu ekkert við, og nauðsynlegt sé að taka af allan vafa um það.

Sjálfstæðismaðurinn Birgir Ármannsson, formaður allsherjarnefndar Alþingis, segir ekki tilefni til að skipa pólitíska nefnd um rannsókn á upphafi Baugsmálsins. Það er örugglega rétt mat hjá Birgi að nefnd skipuð af Alþingi hafi litlu hlutverki að gegna eftir að dómsniðurstaða er fengin í málum. Það má telja full víst að könnun slíkrar nefndar myndi leiða í ljós að á öllum stigum Baugsmálsins voru það til þess bærir menn innan réttarkerfisins, sem tóku ákvarðanir um húsleitir, rannsóknir og ákærur. Eins og Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur sagt, um annað umdeilt mál, þá voru símhleranir kalda stríðs áranna liður í „lögregluaðgerðum“ og „óvirðing“ við dómara, sem heimiluðu þær, að halda öðru fram.

Hitt er annað mál að ríkissaksóknari hefur heimild til að rannsaka hvort lögreglan og ákærandi hafi misfarið með rannsóknar- og ákæruvald sitt í Baugsmálinu. Rétt eins og formaður allsherjarnefndar bendir á er málið þannig vaxið að „vafalaust er margt sem við getum lært af því í sambandi við hvernig okkar réttarkerfi virkar.“

Fleiri stjórnmálamenn en Birgir hafa rætt um þann lærdóm sem megi að draga af Baugsmálinu. Rannsókn ríkissaksóknara myndi án vafa vera dýrmætt innlegg í þann námsferil.

Möguleg pólitísk afskipti af upphafi og framgangi Baugsmálsins á hins vegar tæplega vel heima í höndum lögspekinga. Það er frekar verkefni fyrir sagnfræðinga, stjórnmálfræðinga, félagsfræðinga og jafnvel sálfræðinga að skoða þá stemningu sem ríkti í ákveðnum kimum samfélaginu þegar málið varð til á sínum tíma. Sú rannsókn mun örugglega fara fram einn daginn. Vafalaust verða tölvupóstar, sem Fréttablaðið sagði frá haustið 2006, mikilvæg gögn í þeirri vinnu. Þeir póstar upplýstu um fundarhöld þriggja manna um það sem mörgum vikum síðar varð einmitt að Baugsmálinu. Þessir menn voru einn helsti ráðgjafi þáverandi formanns Sjálfstæðisflokksins, þáverandi ritstjóri Morgunblaðsins og þáverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins,

Eins og í hlerunarmálum kalda stríðsins og öðrum stórum málum er það sagan sem mun á endanum kveða upp sinn dóm.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




Í Markaðnum á morgun

HVER ER ÞÍN KJARASKERÐING?

FORYSTUMENN CARNEGIE UM ÍSLENSKU FJÁRFESTANA

NÓBELSVERÐLAUNAHAFINN JOSEPH STIEGLITZ

ER GAMLA SAMBANDIÐ ENN VIÐ GÓÐA HEILSU?

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á morgun

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tillitssemin

Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður allsherjarnefndar, telur ekki tilefni til sérstakrar rannsóknar á Baugsmálinu. Í Fréttablaðinu í gær segir hann pólitískt skipaðar rannsóknarnefndir hafa litlu hlutverki að gegna eftir að dómur fellur; betur færi á að þeir sem teldu sig hafa sætt órétti höfðuðu skaðabótamál. Birgir áréttar þó að Baugsmálið hafi tekið langan tíma og vafalaust sé margt sem megi læra af því. Það sama sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, á dögunum og uppskar ákúrur Sigurðar Kára Kristjánssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, fyrir vikið. Ætli Birgi verði líka brigslað um tillitsleysi í vikulokin?



### Kynfylgja

Smári McCarthy, formaður Félags um stafrænt frelsi á Íslandi, skrifaði greinarkorn í Morgunblaðið í gær um stafrænt eftirlit á óbreyttum borgurum, sem honum þykir hafa tekið út yfir allan þjófabálk. Ekki kemur fram hvort formaðurinn sé af sömu ætt og bandaríski öldungadeildarþingmaðurinn Joseph McCarthy, en sá var líka áhugasamur um persónunjósnir – reyndar á öðrum forsendum en Smári.

### Vont er þeirra ranglæti...

Helga Völundardóttir, íbúi á Bergstaðastræti, er óhress yfir að borgarstarfsmenn máluðu yfir húsvegg móður hennar, sem hún og maður hennar höfðu myndskreytt eftir kúnstarinnar list. Að sögn Jakobs Frímanns Magnússonar miðborgarstjóra eru breytingar á ytra byrði húsa leyfisskyldar og hvetur hann þá sem vilja mála listaverk á hús sín til að sækja um leyfi. Nú er það sitt hvað, hirðuleysi og sérstakur smekkur, og óþarfi að refsa fólki fyrir það síðarnefnda; í sjálfu sér er það nógu bíræfið að borgaryfirvöld verði að veita blessun sína þegar mála á húsvegg. En hefur steininn ekki tekið úr þegar starfsmenn borgarinnar mæta óforvarendis, vopnaðir penslum og grárri málningu, í skjóli nætur ef þeim hugnast ekki nýr húslitur?



bergsteinn@frettabladid.is

# Að sjá um sína

Um miðja síðustu öld var vinsæl matvöruverslun á Austurgötu 25 í Hafnarfirði sem auglýsti undir slagorðinu Gunnlaugur sér um sína, og það munu ekki hafa verið orðin tóm. Á tímum skömmtunar og þrenginga lagði kaupmaðurinn, Gunnlaugur Stefánsson, metnað sinn í að útvega viðskiptavinum sínum eftirsóttar nauðsynjavörur og var úrræðagóður og laginn í þeim efnum. Þetta var á þeim árum sem hverfiskaupmaðurinn þekkti viðskiptavini sína persónulega, sem og fjölskyldur þeirra og aðstæður.

Auk verslunarreksturs rak Gunnlaugur um árabil útgerð frá Hafnarfirði og víðar, sat í stjórn KFUM í Hafnarfirði og stjórn Kaupmannafélags Hafnarfjarðar. Hann var einn af stofnendum Félags íslenskra iðnrekenda og Félags óháðra borgara í Hafnarfirði. Hann hafði því bærilegar aðstæður til að þekkja og skilja aðstæður Hafnfirðinga og og lét sig þær varða.



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

Í DAG | Virðing fyrir náunganum

### Guðspjall dagsins

Margt hefur breyst í viðskiptalífinu síðan Gunnlaugur var og hét. Almenningur kaupir nú inn til heimilisins í stórmörkuðum og þar er naumt um persónuleg samskipti. Kaupmaðurinn á horninu er liðin tíð, þótt ein og ein búðargersemi leynist hér og þar. Guðspjall dagsins er að slá í gegn, helst í fjármálastofnun, fjölmiðlun eða fyrirtækjarekstri. Gífurlegt framboð af leiðum til skilnings á leyniþráðum velgengninnar hefur skapað upplýsta og sjálfsörugga stétt sérfræðinga á þessum sviðum, en stundum finnst manni þó skorta skilning á mannlegu eðli og samhengi hlutanna hjá þeim sem ættu að vita betur.

Æ ofan í æ heyrir maður um furðulegan dómgreindarbrest af hálfu þjónustufyrirtækja þegar kemur að samskiptum við mikilvæga viðskiptavini. Þau útvega það sem um er beðið eins og um greiðvikni sé að ræða og sýna hagsmunum viðskiptavinarins og persónu hans engan áhuga. Viðskiptavinirnir eiga oftast annan kost og taka hann gjarnan. Hætta án útskýringa öllu samstarfi við fyrirtækið.

Ég sá einu sinni umfangsmikla könnun sem bankastofnun hafði látið gera meðal viðskiptavina sinna. Þeir voru beðnir um að segja frá reynslu sinni af þjónustu fyrirtækisins, hvað þeir væru ánægðir með og hvað ekki. Aftast í skýrslunni voru svör þeirra á nokkrum blaðsíðum, og þegar við fengum hana í hendur sagði einn af starfsmönnum bankans að þessi svör myndu naumast koma á óvart. Þeir sem hefðu fengið lánafyrirgreiðslu myndu vera sáttir en hinir ekki. Annað kom á daginn. Hver viðskiptavinurinn á fætur öðrum sagði frá atvikum sem að þeirra mati var sérlega góð þjónusta, og kostaði bankann ekki krónu. Þetta voru gjarnan lítil viðvik sem viðkomandi starfsmanni bar ekki skylda til að gera: Starfsmaður sem var á leið út í mat mætti í dyrunum fullorðinni konu sem sneri sér yfirleitt til hans með sín mál. Starfsmaðurinn heilsaði konunni glaðlega, fór úr yfirhöfninni og snaraði sér inn fyrir afgreiðsluborðið og leysti úr málum hennar. Þessi kona fór út úr bankanum með þá tilfinningu að hún skipti einhverju máli hjá fyrirtækinu. Margir nefndu samsvarandi dæmi. Nánast engin fyrirhöfn og engin útlát. Aðeins persónuleg samskipti, sprottin úr áhuga á öðru fólki og aðstæðum þess.

### Fólkið í firðinum

Hundrað ára afmæli Hafnarfjarðar er nú haldið með glæsibrag. Eitt af því sem boðið er upp á í tilefni þessara tímamóta er ljósmyndasýning Árna Gunnlaugssonar í Hafnarborg. Þetta eru hundruð ljósmynda af Hafnfirðingum teknar á árunum 1960 til 1992. Þarna er fólk sem komið er yfir miðjan aldur og hefur sett svip á umhverfi sitt með einum eða öðrum hætti. Margar myndanna eru teknar á förnum vegi, en aðrar tengjast stöðum eða áhugamálum viðkomandi. Þarna er til dæmis mynd af Guðmundi nokkrum sem vann hjá Einarsbræðrum og fór jafnan á hesti í vinnuna og mynd af sr. Garðari Þorsteinssyni á heimleið frá messu í Hafnarfjaðarkirkju eftir að hafa sett nýja presta inn í embættið sem hann hafði gegnt um árabil.

Árni hefur gefið út þrjár bækur með myndum af eldri Hafnfirðingum og greinargóðum upplýsingum um þetta fólk og er sýningin að mestu byggð á þeim myndum. Svona gerir enginn nema honum sé annt um samferðafólk sitt og bæinn sinn. Hann minnir okkur á að bærinn er ekki húsin í hrauninu, heldur fólkið sem í þeim býr. Lögfræðingurinn og lagasmiðurinn Árni Gunnlaugsson sat í bæjarstjórn í mörg ár. Hann hefur sjálfur sett svip á daglegt líf í Hafnarfirði, léttur í spori, mannblendinn og áhugasamur um málefni dagsins. Með þeirri virðingu fyrir fólkinu í bænum sem birtist í myndum hans og þeirri atorku sem að baki liggur er vel hægt að segja að Árni sjái um sína, rétt eins og Gunnlaugur faðir hans gerði.

# Nýtast betur tekjuháum

UMRÆÐAN

Stefán Jóhann Stefánsson skrifar um frístundakort



STEFÁN JÓHANN STEFÁNSSON

Frístundakortin sem innleidd voru í Reykjavík fyrir nokkru hafa gagnast mörgum og komið rekstri íþróttagreina á styrkari grunn í einhverjum tilvikum. Að vísu er reynslan af kortunum ekki löng svo gæðamati ber að taka með vissum fyrirvara.

Í frétt í Fréttablaðinu 15. júní sl. var fjallað um frístundakortin og dregnir fram ýmsir jákvæðir þættir, svo sem þeir að frændur vorir á Norðurlöndum líti til kortanna með áhuga. Ekki gátu viðmælendur blaðamanns um neikvæða reynslu af kortunum, sem þó hefur verið fjallað um á vettvangi íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur.

Einn helst ókosturinn sem komið hefur fram er sá að kortið virðist vera nýtt betur eftir því sem tekjur fjölskyldu iðkenda hækka. Þetta vakti sérstaka athygli þeirra sem tóku saman skýrslu fyrir ÍBR um málið, en sú skýrsla var kynnt fyrir íþrótta- og tómstundaráði. Þeim tilgangi virðist því ekki hafa verið náð að tryggja með kortunum jafna þátttöku barna óháð tekjum foreldra. Að vísu er gert ráð fyrir að gripið sé til sérstakra ráðstafana, m.a. til handa hinum tekjulægri, en enn er óljóst hverju það skilar.

Þetta er miður, en kemur svo sem ekki á óvart miðað við reynslu annarra sveitarfélaga sem tekið hafa upp svipað fyrirkomulag. Styrkir af þessu tagi virðast almennt fremur leita til þeirra sem hafa hærri tekjur fyrir. Þetta vekur einnig upp spurningar um fyrirkomulag annarra styrkja, t.d. á vegum ÍTR. Þannig hefur komið í ljós að á rúmlega áratug hafa styrkir Afreks- og styrktarsjóðs raðast þannig niður að eitt hverfafélag í Reykjavík hefur fengið langmest, eða 30% fjárins, á meðan annað fékk 0,9%.

Ég tel að þessi munur sé meiri en svo að réttlætanlegt sé og það sé ástæða til þess, t.d. í ljósi þess sem fram kom í skýrslu ÍBR um frístundakortin, að skoða þess mál gaumgæfilega og leita leiða til að jafna betur aðstöðu barnanna í borginni.

*Höfundur er varaborgarfulltrúi og fulltrúi Samfylkingar í íþrótta- og tómstundaráði.*







# allt



HÚSGAGNA LAGERSALA
www.patti.is
Vísa/Euro/K-lán/Raðgreiðslur
Almennur opnunartími
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16
Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510



Árni Valdi fer borgina þvera og endilanga á línuskautunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Gott fyrir rass og læri

***Veðrið hefur leikið við borgarbúa undanfarna daga. Árni Valdimar Bernhöft er einn þeirra sem skauta um borgina á línuskautum.***

„Ég er búinn að spila íshokkí í sautján ár og hef keppt frá því skautasvellið var opnað. Svo liggur það beinast við þegar ísinn þiðnar að fara á línuskautana,“ segir Árni Valdi eins og hann er jafnan kallaður. Hann vill meina að sportið sé ekki hættulegt, svo lengi sem fólk kunni að skauta. Aðstæður til að renna sér á línuskautum hafa einnig batnað ár frá ári.

„Með betri göngustígum og bættri umferðarmenningu er auðveldara að ferðast um á línuskautum. Þetta er líka fjölskylduvænt sport og holl útivist. Ef þetta er rétt gert er þetta líka hörku líkamsrækt og með því að taka vel á þjálfar maður vel rassinn og lærin,“ bætir hann við hlæjandi.

Árni er annar tveggja sem kenna á línuskauta hjá Línuskautafélagi Íslands og hefur sinnt námskeiðshaldi allt frá árinu 1999. Hann segist ekki eiga sér neina uppáhaldsleið í borginni en nefnir að hægt sé að skauta frá Gljúfrasteini í Mosfellssveit og niður í Nauthólsvík, alls um 25 km leið. Alla leiðina segir Árni hægt að skauta á göngustígum og aðeins þrisvar þurfi að fara yfir umferðargötu. Nú er hann að skipuleggja hópferð þessa leið til styrktar góðgerðarmálum.

„Ferðin er ráðgerð í júlí en ekki er komin nákvæm dagsetning ennþá. Hún verður farin í þágu útivistar, fjölskyldu og barna en við erum að undirbúa þetta í samvinnu við barnadeild Hringsins á Landspítalanum. Annars höfum við verið mjög duglegir að kynna fyrir fólki leiðir til að skauta í borginni og erum með skautakvöld á miðvikudögum þar sem allir eru velkomnir. Við auglýsum þá á heimasíðunni www.linuskautar.is hvar við hittumst og þar er líka hægt að skrá sig á námskeiðin.“

Árni Valdi er ákveðinn í að renna sér sem lengst á skautum og línuskautum. „Alveg hiklaust, ég er búinn að vera í sautján ár í íshokkí og ætla að bæta öðrum sautján árum við og auðvitað fylgja línuskautarnir þar á eftir.“

*heida@frettabladid.is*

Heimasíðan okkar er www.normx.is
Íslensk framleiðsla
Norm - X



Norm-X hefur sérhæft sig í framleiðslu heitra potta frá 1982 sem hentar íslenskum aðstæðum einstaklega vel og ætlaðir fyrir hitaveituvatn. Við bjóðum einnig allan tengibúnað, nudd, ljósabúnað og tvær gerðir af lokum. Lok, fljótandi veitingabakka og m. fl. Við seljum einnig kamínur verð kr. 43.900
Auðbrekka 6 • 200 Kópavogur • s: 565-8899

18. - 24. júní
allir 12 tommu bátar á...
600 kr.
Stjörnuvika
SUBWAY
í fínu formi
Faxafeni • Kringlunni • Smáralind • Austurstræti • Hamraborg Kópav. • Hringbraut 121 • Spönginni Grafarvogi
Kaupvangsstræti Akureyri • Hafnargötu Keflavík • Fitjum Njarðvík • Eyrarvegi 2 Selfossi • Dalbraut 1 Akranesi
N1 Ártúnshöfða • N1 Borgartúni • N1 Hringbraut • N1 Reykjavíkurv. Hafnarfirði • N1 Mosfellsbæ

**Rúm** er húsgagn sem við notum á hverjum degi. Nauðsynlegt er að vanda valið á rúmi, því svefninn er svo dýrmætur fyrir heilsuna. Svefninn endurnærir og gerir okkur kleift að takast á við daginn.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það er ekkert gefið eftir í pallaæfingunum hjá Kristni Mána í Hreyfingu í Glæsibæ.

# Aldrei stigið feilspor

***Samstilltur flokkur frískra kvenna hittist reglulega klukkan níu á hverjum morgni í Hreyfingu í Glæsibæ og tekur á í klukkutíma í ræktinni. Sumar hafa haldið hópinn í yfir tuttugu ár og alltaf æft í stöðvum Ágústu Johnson.***

„Hér er ekki í boði að sofa yfir sig eða skrópa í marga daga. Ef einhverja vantar er hringt í hana til að athuga af hverju hún mæti ekki,“ segir Auður Tryggvadóttir hlæjandi. Hún er ein af föstum þátttakendum í „níu“-tímunum í Hreyfingu sem blaðamaður hitti þar á staðnum einn föstudagsmorgun eftir fjörugan danstíma hjá Kristni Mána Þorfinnssyni. „Við sleppum aldrei tímum hjá honum,“ segir ein kvennanna. Hann er líka ánægður með gellurnar sínar. „Þetta er flinkasti níuhópur á Íslandi ef ekki í veröldinni,“ segir hann og bætir við: „Þar er aldrei stigið feilspor.“

Hópurinn hefur haldið saman lengi, sumar í meira en tuttugu ár, og alla tíð hist í stöðvum Ágústu Johnson. Margar hafa hætt í tímans rás því þeim hefur dottið sú fjarstæða í hug að fara að vinna á morgnana eins og vinkonurnar orða það. Aðrar hafa hætt að vinna til að geta stundað ræktina reglulega og nýjar hafa bæst við.

Konurnar segja níutímana fjölbreytta, „Það eru danstímar, pallatímar, jóga og spinning og stundum er lóðum lyft,“ lýsa þær og segjast yfirleitt fara í kaffistofuna á eftir til að fá sér hressingu. Einu sinni í mánuði koma þær með bakkelsi og leggja á borð og síðan fara uppskriftir á milli á netinu á eftir. „Við tölum voða mikið um mat,“ segja þær hlæjandi. „Einn af kostunum við að vera í líkamsrækt er að maður má borða líka. Það er stór hluti af ánægjunni. Svo hittumst við líka utan stöðvarinnar, förum í leikhús, spa, dekur og út að borða.“ segja þær.



Níuhópurinn spræki: Anna María Petersen, Svandís Kristiansen, Bryndís Lúðvíksdóttir, Jóna Lár, Halldóra Baldvinsdóttir, Anna Lár, Unnur Ólafsdóttir, Ásrún Guðmundsdóttir, Laufey Hauksdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Sólrún Óskarsdóttir, Hlín Pálsdóttir, Sigríður Þorsteinsdóttir, Kristín Vigfúsdóttir með barnabarnið Kristínu Sölku Auðunsdóttur, Auður Tryggvadóttir og Helga Arnþórsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

En skyldu konurnar ganga að sínum pöllum og tækjum vísum þegar þær koma í stöðina? „Já, við helgum okkur viss stæði,“ segir ein. „Það er gott að geta verið alltaf á sama stað, þá ruglast maður síður í því hvað er vinstri og hvað er hægri! Maður er líka svo vanafastur,“ segir önnur glaðlega og sú þriðja bætir við: „Já, það er alltaf gott að hafa fundið sína fjöl.“

gun@frettabladid.is

Flott í sumar...
stinnari líkami á aðeins 4 vikum
SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 24.900,-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Flottir kroppar
• Brasilískt súkkulaðivax
TILBOÐ: 4800 kr áður 5800 kr
• Frábærar líkamsmeðferðir sem losa þig við appelsínuhúð, slit og slappa húð!
• FRÁBÆR TILBOÐ
**Pantaðu tíma í síma 557 3939**
Flottir kroppar
Höfðabakka 9 (sama hús og Hreyfigreining)

Vertu liðtækur
Glucomed 625 mg
LD3080501
*Glucomed inniheldur glúkósamín*
**Ekki má nota Glucomed:**
- ef þú ert með ofnæmi fyrir glúkósamíni, einhverju öðru af innihaldsefnunum eða skelfiski
- ef þú ert undir 18 ára
- ef þú ert þunguð eða með barn á brjósti
Gæta skal varúðar við notkun Glucomed ef þú þolir illa glúkósa, ef þú ert með vanstarfsemi í nýrum eða lifur eða ef þú ert með þekktan áhættuþátt fyrir hjarta- og æðasjúkdómum.
**Tvær töflur á dag til að draga úr einkennum.**
*Lesið vandlega leiðbeiningar á fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá*

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
Við bjóðum fullkomnustu heyrnartækin frá danska framleiðandanum ReSound
* Hágæða heyrnartæki með vindvörn
* Fyrstu hlaðanlegu heyrnartækin
* Einföld og þægileg í notkun
Tímapantanir í síma 534-9600
* Heyrnarþjónusta
* Heyrnarmælingar
* Heyrnartæki
* Ráðgjöf
AZURE EFLIR HEYRN Á EÐLILEGAN HÁTT
Azure er nýjasta og háþróaðasta heyrnartæki sem ReSound framleiðir.
Hugmyndin að baki Azure heyrnartækinu er að heyrn með því verði eins eðlileg og frekast er unnt. Kristaltær tónn án takmarkana og ama fyrir notandann - rétt eins og hann á að vera.
Azure flokkar ekki það sem notandinn fær að heyra og takmörkuð stærð tölvuforrita afmarkar ekki hljóðvinnslu þess.
Nánari upplýsingar á www.heyrn.is
Heyrnarþjónustan Heyrn ehf. Hlíðasmára 11. 201 Kópavogur. Sími 534 9600. netf: heyrn@heyrn.is

**Badminton** er skemmtilegur sumarleikur. Á sumrin reyna flestir að nýta góðviðrisdagana og fara út í blíðuna. Því ekki að sameina útiveru og skemmtun og skella sér í badminton?



# Sumarstuð á svölunum

***Margrét Pétursdóttir leikkona segir svalirnar í Grænuhlíðinni vera mikið notaðar á sumrin enda eru þær skjólgóðar með eindæmum.***



Mæðgurnar og leikkonurnar Margrét Pétursdóttir og Soffía Jakobsdóttir með tíkinni Sófí. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Á svölunum er yndislegt að vera,“ segir leikkonan Margrét, sem státar af einstaklega skjólgóðum svölum enda eru þær mikið notaðar þegar vel viðrar í Reykjavíkinni. „Í Spánarblíðunni sem getur orðið á svölunum blómstra blómin í pottunum. Þar er að finna kirsuberjatré og töfratré, en blómin á þeim eru bleik og springa út í byrjun vors,“ bætir hún við.

Gasgrillið er mikið þarfaþing. „Ég hef verið að þrjóskast við að grilla og seinni part sumars er ég orðin ágætlega flink við grillið,“ segir hún í léttu gríni og bætir við að hún hafi aldrei fundið sig í því að grilla á kolagrilli. „Ég hafði ekki þolinmæði í það, heldur seinlegt að mínu mati.“



Þar sem Margrét vinnur mikið heima við á sumrin notar hún svalirnar heilmikið til að viðra sig yfir daginn. „Þar hringi ég ófá símtölin og tek þar reglulegar kaffipásur. Ég hef reynt að nota fartölvuna á svölunum en það hefur ekki gengið,“ segir leikkonan, sem kunn er fyrir aðkomu sína að leikhúsi heyrnarlausra, Draumasmiðjunni, sem hún stofnaði fyrir fjórtán árum.

Margrét tekur sér ýmislegt fyrir hendur á svölunum, enda í mörg horn að líta þegar skipuleggja þarf heilu leiksýningarnar. Það er ekki bara textavinna heldur þarf oft að hella sér út í búningavinnu líkt og hatta og kjólasaum að hennar sögn.

*- vg*

Drepfyndin lesning í ...
- sólbaðinu
- verslunarferðinni
- flugvélinni
- sumarbústaðnum
- skútunni
- bílnum
- tjaldinu ...




einfaldlega hvar sem er og hvenær sem er!
www.Salka.is
Salka/GBÓ

Gjöf handa elskendum




Í fyrsta skipti eru öll ástarljóð Páls Ólafssonar gefin út í einni bók. Þórarinn Hjartarson tók ljóðin saman og rekur sögu Páls og Ragnhildar – eina frægustu ástarsögu á Íslandi.

Þessi glænýja og glæsilega bók er bæði fáanleg í kilju og harðbandi. Hún rauk beint inn á metsölulista.

Fyrsta upplag á þrotum.

Eldheit og ástleitin ljóð.
Gjöf sem yljar og gleður.

www.salka.is

Salka

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

## BÍLAR & FARARTÆKI






**Sparneytinn dísel jeppi**
VW Touareg R5 disel 3/2006. Ekinn 57 þús. km. Sem nýr. VW brettakantar og sílsar. Key less Go. Loftpúðafjöðrun. Xenon. Premium Krikket leður. Ofl. Verð: 5.990 þús.

**Sparibíll ehf**
**Fiskislóð 16, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**






Toyota Land Cruiser 120 GX nýskr 10/2007 ekinn 4 þ km 33" breyttur krókur filmur spoiler flottur bill verð 6.800.000 Tilboð 6,300,000- ath skipti upplí síma 842-6601

**Toyota Reykjanesbæ**
**Njarðarbraut 19, 260**
**Reykjanesbær**
**Sími: 420 6600**




FORD BLUECAMP SKY 20, ek 5 þ.km. Árg 2007. Nývirði 7.300 þ. Okkar verð 5.980 þ. Velbúinn bíll 1 með öllu. Rn. 250546

**Heimsbílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 4000**
**Til sýnis og sölu á Heimsbílum Klettháls 2 S: 567-4000. Sjá fleiri myndir á www.heimsbilar.is**
**www.heimsbilar.is**

## Bílar til sölu



FORD RANGER SUPER CAB XLT Árg. 2005, 4x4, sjálfskiptur, ek. 28 þús. mílur, álfelgur, dráttarkúla, cd. Ásett verð 1350 þús. Uppl. 861-3316.




**Vantar allar gerðir bifreiða á skrá, Mikil sala**
Netbílar.is stórlækka þinn sölukostnað. Föst þóknun upp að tveimur milljónum aðeins 34.900 fyrirþitt ökutæki. Kynntu þér málið á Netbilar.is Gerðu verðsamanburð. Bílasalan Netbílar.is, Hlíðasmára 2, S. 588 5300







Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Dodge Grand Caravan frá 2050þús, Dodge Caliber frá 1790þús, Ford Mustang frá 2400þús, Toyota Camry frá 2650þús, Volvo S60 frá 2950þús, Audi A4 Turbo frá 3250þús, Dodge Charger frá 2390þús, Benz C230 frá 3700þús. Sími 5522000. www.islandus.com

Benz Sprinter 416 árg. '04 ek. 74.500 km. burðargeta 2300. Rafmagn í rúðum, speglum, spólvörn, skriðvörn, þjófavörn, Vibasto olíu miðstöð, bakkmyndavél. V. 3.250 þús. möguleiki á skipti á minni sendibíl. S. 899 9485.



Til sölu Hyundai Getz. Árg. '05 ssk. 1600 ek. 35000 ásett v. 1370 þ. fæst á 1 mil. Upplýs. í s. 898 8835



Ford F 450 Kranabíll 7,3 Power stroke. Hjólalyft, bóma með skotbómu, 2 glussadrifinspil, gangtölva. Uppl í síma 893-6404.



**Tilboð 1.350.000 !!**
Til sölu Chervolet Corvette Stingray árg '74 Ek.44.þ.mílur 350cc sjálfsk.orginal bill í toppstandi Fæst fyrir 1.350.000. uppl. 896-5290

Musso árg '98, 33" breyttur. Með bilaðan mótor. Verðtilboð. Uppl. s. 861 1595

Landrover Discovery árg. '95 er bilaður. Fæst á 150 þ. S. 895 3034 e. kl. 14.

Pontiac TransAm árg. '98, t-toppur, leðursæti, 5.7 LS1 vél, sjsk, brotið drif. V. 1250 þús stgr. Dodge Ram Charger, árg. '82, 38" breyttur, þarfnast lagfæringar. V. 280 þús. Uppl. í s. 899 4096.

## 0-250 þús.

Toyota Corolla 94' til sölu. Hún er 2ja dyra, sjálfskipt og með skoðun 09. Ekin 178 þús. Bíll í toppstandi og fer á 150 þús. Sími 6959062 eftir kl. 18.

Ódýr, góður sparsamur!! Corolla XLI 95 5d.5.g nýsk. Heill bíll, gott viðhald. V. 95 þ. S. 844 6609.

Bíll Deawoo Nubira, árg. '99. Sk. '09. ek. 136 þ. V. 100 þ. S. 843 9729.

## 250-499 þús.



Toyota Yaris árg. 2000, ekinn 77þús. Ný tímakeðja. Nýskoðaður. Verð 460 þús. S.896-3101.

## 1-2 milljónir




Skiptu í HYBRID og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzín og dísel bíla. Pantaðu HYBRID reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 5522000. Kynntu þér úrval HYBRID jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á www.islandus.com

## 2 milljónir +




Skiptu í HYBRID og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzín og dísel bíla. Pantaðu HYBRID reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 5522000. Kynntu þér úrval HYBRID jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á www.islandus.com

Toyota Avensis '06 station. sjálfsk. dökkgrár. ásett 2.690þús, áhv. 1.900þús. fæst á yfirtöku + 450þús. uppl. 899 0800

## Bílar óskast

Óska eftir Toyota Corolla H/B beinskiptum árgerð 2003-2004. Sími:661-3073

Óska eftir sparneytnum vinnubíl. Þarf að vera skoðaðaður '09. Á verðbilinu 40-60 þús. Uppl. í s. 891 7770

Vil kaupa Toyota 1,3 l. á 120 þús kr. staðgreitt. Kvöldsími 567 2173.

Óska eftir ódýrum bíl frá 15-55 þús. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 699 2707.

Vantar bíl 0-150 þús. Má vera sendibíll. Uppl. í s. 861 7283.

## Jeppar




Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Ford Explorer frá 2790þús, Dodge Durango frá 2790þús, Jeep Grand Cherokee frá 2590þús, Toyota Highlander frá 3100þús, Landrover LR3 Discovery frá 5690þús, Benz ML350 frá 5350þús, Audi Q7 frá 5750þús, VW Touareg frá 4750þús. Sími 5522000. www.islandus.com



MBenz1117 árg 1987 25manna ekinn580þúsGóður bíll.Tilboð óskast ýmis skipti koma til greina.Uppl í síma 8936633

Til sölu Grand Cherokee Laredo árg. '93 í fínu standi. Uppl. í s. 869 8156.

## Fornbílar



Volvo P1800S árgerð 1968, 2ja manna sportbíll. Er í góðu ástandi. Tilboð óskast. Sigmar 5644966 Emil 4217794 eða 8627794

## Pallbílar




Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008. Ford CREW F150 frá 2450þús, Ford F350 DIESEL frá 3390þús, Dodge RAM 1500 frá 2300þús, Dodge RAM DIESEL frá 3290þús, Toyota Tacoma frá 2990þús, Toyota Tundra frá 3090þús. Sími 5522000. www.islandus.com

Lok á pall fyrir Ford 250/350. Kostar nýtt 116 þ., selst á 80 þ. Hefur verið notað í mánuð. Uppl. s. 892 5590

## Vörubílar




**Vagnasmiðjan auglýsir:**
Setjum krana, palla, dráttarstóla, krókheysi og fl. á vörubíla. Almenn járnsmíði og viðgerðir á vörubílum og vögnum. Gæði og gott verð. Vagnasmidjan.is Eldshöfða 21 R.vík s. 587-2200, 898-4500.

**FLUTNINGAVAGNAR**
Alorka útvegar bæði nýja og notaða vagna og vörukassa sem standast kröfur flutningsaðila. Einnig vörukassa með WINGLINER opnun. ALORKA, s. 577 3080, www.alorka.is

## Húsbílar



**Léttur og traustur húsbíll**
Til sölu Hyundai H-100 árg. 1996. Fortjald fylgir. Verð kr. 500 þús. Skoðaður. Uppl. í síma 565-8358 og 869-0489.



**FIAT DUCATO**
Árg. 2006, ek. 8.000, Dísel., svefnpláss fyrir fimm, lúxus útgáfa; sturta, salerni, eldavél, ísskápur, heitt og kalt vatn, næturkinding ofl. ofl. Verð 4,5, áhv.1,8. Uppl. í síma 861-3316.



Fiat Dukato '05, ek. 38 þús. 2,8 L vél. Markisa, bakkmyndavél, sjónv. DVD, loftpúðar, stór íssk. Einn með öllu. Verð tilboð. S. 840 0948.

## Mótorhjól



**Eigum til vélhjólafatnað í öllum stærðum á karla og konur á frábæru verði.**
**Goretex, leður, hanska og stígvél. Vandaður, vatnsheldur og hlýr. Langbesta verðið á landinu.**
**Opið á kvöldin og helgar. Ský Trading Reykjanesbæ. S. 892 1116 & 892 5005.**



**Nokkur ný Yamaha fjórhjól og mótorhjól**
Um er að ræða takmarkað magn af 2007 árgerð sem við getum boðið nú á afar hagstæðu verði. Mótormax, Kletthálsi 13, s. 563 4400



Til sölu Big Dog Pitbull, einstakt hjól óekið, sérsmíðað, skipti á ódýrari eða dýrari, Frábært verð 2.900, stgr. uppl í s: 892 1116 og 896 5511



NIGHTROD Glæsilegur Harley 2006,ekið aðeins 1000km,ásett 2,1m,fæst á 1900þús,áhvílandi gott lán 1800þús,afb 34þús.sími 8988829

## TIL SÖLU



Listhúsinu Laugardal
Reykjavík
Sími: 581 2233

Óseyri 2
Akureyri
Sími 461 1150

www.svefn.is

Svefn & heilsa
★★★★★
Bjóðum 6 mánaða vaxtalausa raðgreiðslusamninga

Ég mæli hiklaust með
IQ-CARE
Eftir að ég fékk mér IQ-CARE
hef ég ekki fundið til í bakinu!
Sölvi Fannar Viðarsson
Framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar




# Austurland

ÞRIÐJUDAGUR 24. JÚNÍ 2008

## Alcoa Fjarðaál

**vekur athygli erlendis fyrir framsækna jafnréttisstefnu**

BLS. 2






MYND/VILHELM



** Úr kvæði Karls Jónassonar um Fjarðarselsvirkjun*

60
1947 • 2007

*..nægir ekki lengur lítil skíma

Það lifir enn á þessari ljósaperu frá árinu 1908, en hún er varðveitt í Fjarðarselsvirkjun á Seyðisfirði. Í dag viljum við meira en þessa skímu sem þó gladdi framsýna Seyðfirðinga á sínum tíma.

Getur þú hugsað þér daglegt líf án rafmagns?

RARIK
lifandi afl

RARIK ohf • sími 528 9000 • www.rarik.is

SA2007



Kunningi Margretar og Horsts teiknaði húsið, það var smíðað í Finnlandi og flutt hingað í gámum. MYND/MARGRET MÜLLER-PUPKES

# Með einstakt útsýni yfir Breiðdalsvíkina

Þegar keyrt er austur á Breiðdalsvík blasir stórt timburhús við sem sker sig úr frá hefðbundnum íslenskum byggingum. Þegar nánar er að gætt kemur í ljós að það er í eigu þýskra hjóna. „Við urðum svo hrifin af eyjunni ykkar og hugsuðum með okkur: Við erum ekki svo gömul að við getum ekki byrjað í nýjum rekstri og nú erum við hér,“ segir Margret Müller-Pupkes, annar eigandi Café Margret á Þverhamri 2a á Breiðdalsvík. Kaffihúsið á hún með eiginmanni sínum, Horst Müller, og hafa þau rekið þetta fyrirtæki í sex ár.

Áður en Margrét flutti hingað átti hún bóndabýli í Þýskalandi en maður hennar var með eigið rafverkstæði. „Ég hafði komið hingað margoft og hjólaði meðal annars kringum landið með tjaldið eitt meðferðis. Síðan kom Horst eitt sinn með mér og við keyrðum í rútu framhjá Breiðdalsvík og hugsuðum með okkur að þarna væri góður staður fyrir kaffihús.“ Margret og Horst áttu vin á Breiðdalsvík sem sagði þeim að hægt væri að kaupa land svo hjónin ákváðu að slá til. Kunningi þeirra teiknaði húsið, sem síðan var smíðað í Finnlandi og flutt í gámum til Íslands. Yfir húsinu er austurrískur blær og segir Margret það líkt mörgum byggingum í Austurríki. Stórir gluggar eru á húsinu og úr því fallegt útsýni yfir Breiðdalsvíkina. Notaleg stemning er innandyra og húsgögnin öll frá Þýskalandi.

Café Margret er kaffihús, veitingastaður og hótel. „Við erum með fjögur herbergi og ferðamenn frá Þýskalandi, Sviss og Austurríki gista oft hér. Við bjóðum upp á mjög fjölbreyttan matseðil en allur matur er heimatilbúinn, líka brauðið og kökurnar,“ segir Margret og játar því að matargerðin sé að mestu þýsk. Staðurinn er opinn allan ársins hring og vinsæll hjá ferðamönnum jafnt sem heimamönnum. *- mþþ*

# Heilluð af Íslandi

Franska listakonan Anne Pesce opnar sýninguna Hvað heiti ég eða Quel est mon nom, eins og hún heitir á frummálinu, í Gallerí Klaustri 5. júlí næstkomandi og stendur sýningin til 1. ágúst.

Anne hefur tvisvar dvalið í gestaíbúðinni á Skriðuklaustri, síðast í janúar 2007, og eru verkin afrakstur af veru hennar þar. Myndir hennar sýna landslag sem er undir áhrifum frá veðurbreytingum og ríkjandi andrúmslofti. Sól, rigning, vindur og snjór hafa áhrif á framvindu listsköpunarinnar ásamt þeim áhrifum sem veðrið og umhverfið hafa á hugmyndaflug og tjáningu listamannsins, en myndirnar sýna stöðug umskipti.



Quel est mon nom_D12 MYND/ANNE PESCE

Anna, sem er fædd í Pantin í Frakklandi árið 1963, lagði upp í ferð á hjara veraldar í leit að efniviði. Hún nam land á Íslandi, varð hugfangin af landinu og hafa kynni hennar af íslenskri náttúru valdið straumhvörfum í listsköpun hennar. Hún er sérstaklega heilluð af dimmum vetrinum þegar sólin brýst einungis fram í nokkra tíma á dag. Hún lýsir ferðalögum sínum með eftirfarandi hætti: „Að ferðast ein fær mig til að sökkva mér svo djúpt inn í landslagið að ég hætti að hugsa.“ *- ve*



Quel est mon nom_P03 MYND/ANNE PESCE

# Gott að búa úti á landi

**Þau ólust upp á Norðfirði og eru komin heim aftur eftir nám og störf erlendis og á höfuðborgarsvæðinu. Hann er fræðslustjóri hjá Alcoa og hún fjármálastjóri Fjarðabyggðar.**



Jóna Árný og Sigurður heima í heiðardalnum ásamt tíkinni Lottu. MYND/ARI BEN

Sigurður Ólafsson og Jóna Árný Þórðardóttir hafa hreiðrað um sig á Skorrastað í Norðfirði sem er rétt við veginn milli Oddsskarðs og Neskaupstaðar.

„Þetta er ættaróðal,“ segir Jóna brosandi. „Við tókum við húsi afa og ömmu, sem eru nýlega farin á elliheimili. Foreldrar mínir eru svo á næsta bæ.“ Sigurður segir þau hjón hafa búið víða og alls staðar líkað vel en hvergi eins og í heimahögum innan um sitt fólk. „Við viljum að börnin okkar njóti þess að alast upp við frelsi eins og við gerðum sjálf og að vera í sveit er mikill kostur. Við erum með hesta og hér eru kindur og hænur. Þetta er ævintýraheimur fyrir krakka.“

Jóna og Sigurður hafa verið par síðan 1994. Þau héldu saman til borgarinnar eftir stúdentspróf en komu austur aftur eftir að hann hafði lokið BA-námi í félagsfræði við Háskólann. Sigurður fór að vinna við héraðsfréttablaðið Austurland en Jóna baukaði við barnauppeldi og fleira. Huguirinn stóð samt til frekara náms og þau byrjuðu á að fara til Bretlands þar sem hann tók meistaranám í mannauðsstjórnun en færðu sig síðan til Danmerkur þar sem Jóna nam viðskiptafræði. Eftir það lá leiðin til Reykjavíkur. Jóna lauk námi og hóf að vinna hjá KPMG en hann starfaði hjá Skýrr og síðan varnarliðinu.

En Austurlandið beið og þegar Jónu bauðst starf hjá KPMG eystra og álverið var að rísa ákváðu þau að flytja. „Það er gott að búa á landsbyggðinni. Þar skiptir hver og einn meira máli en í borgunum og er ekki bara neytandi heldur líka gerandi,“ segir Sigurður. Tekur hann sem dæmi að fyrir austan spili hann í hljómsveitum í stað þess að sækja tónleika eins og í Reykjavík. Jóna tekur undir það. „Við erum ekki í einangrun hér og ef okkur langar í leikhús eða annað fyrir sunnan þá bara skreppum við.“

Starf Sigurðar snýst um fræðslu og þekkingarmál í álverinu. „Það þarf mikla kennslu til að koma álverksmiðju í gang með 450 óreyndum starfsmönnum,“ segir hann. En telja þau álverið þá vítamínsprautu fyrir atvinnulífið eystra sem því var ætlað? „Já, ástandið hér væri skuggalegt ef álverið hefði ekki komið,“ segir Sigurður. „Störfum í sjávarútvegi hefur fækkað um 300 í Fjarðabyggð á fjórum árum vegna kvótaskerðingar, aflabrests, tæknivæðingar og hagræðingar.“

Jóna hefur bætt við sig löggildingarprófi sem endurskoðandi og að fæðingarorlofinu loknu tekur hún við sem fjármálastjóri Fjarðabyggðar. „Ég hef annast ráðgjöf fyrir sveitarfélagið og ákvað að stökkva á þetta starf þegar það losnaði. Ég verð í Neskaupstað þannig að stutt er í vinnuna og það eru forréttindi.“ *- gun*

# Konur hvattar til dáða

**Hjá Alcoa Fjarðaáli á Reyðarfirði eru um 29 prósent starfsmanna konur. Unnið er að því að fjölga konum frekar þar til kynjahlutfallið er orðið jafnt.**



Stefna Alcoa í jafnréttismálum er að jafnmargir karlar og konur verði í vinnu hjá fyrirtækinu. MYND/HREINN MAGNÚSSON

Kvenréttindadagurinn, 19. júní síðastliðinn, var haldinn hátíðlegur í Alcoa Fjarðaáli á Reyðarfirði. Boðið var til bleiks kaffisamsætis kvenna og undirstrikar það þá stefnu álversins að hafa jafnmarga starfsmenn af hvoru kyni. Um 150 konur af svæðinu í kringum álverið sóttu kaffiboðið. Konur fluttu ávörp og tónlist var leikin.

„Það var svolítið skemmtilegt að það voru tvær konur sem fluttu ávörp. Þær heita báðar Stella og eru amma og sonardóttir,“ segir Erna Indriðadóttir, framkvæmdastjóri Alcoa Fjarðaáls. Hún bætir við að það hafi verið gaman að heyra tvær kynslóðir tala um jafnréttismálin. „Þær voru mjög harðar og hvöttu konur til dáða.“

Starfsmannastefna Alcoa Fjarðaáls er sú að jafnmargar konur og karlar vinni hjá fyrirtækinu. Hefur sú stefna vakið sérstaka athygli erlendis. „Ég var á fundi í Bandaríkjunum og þeim fannst við setja markið allt of hátt. Þetta væri ekki alveg raunsætt,“ segir Erna, sem finnst raunhæft að stefna að jöfnu kynjahlutfalli ef jafnréttisstefna er á annað borð rekin í fyrirtæki. „Við ætlum ekki að hvika neitt frá þeirri skoðun. Við höldum áfram að berjast fyrir þessu.“

Starfsmannastefnan byggist að stórum hluta á sjálfbærniverkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar. Í upphafi var stór hópur fólks, sem var með og á móti álverinu, fenginn til að ræða um það. Í ljós kom að á Austurlandi eru karlar átta prósentum fleiri en konurnar og að það vantaði störf fyrir konur. Á þessum verkefni byggist stefnan sem mótuð var í tengslum við mannaráðningar.

Í dag eru um 29 prósent starfsmanna Alcoa konur. Erna ítrekar að stefnan sé að þær verði helmingur starfsmanna. „Við setjum það ekki fyrir okkur þó þetta náist ekki á fyrsta degi. Við ætlum að halda áfram að vinna að þessu hörðum höndum.“ *- mmf*




# Bjóðum gestum í heimsókn!

## Komið í heimsókn til okkar og skoðið álverið í sumar.

## Opið alla laugardaga kl. 13 - 15.

## Nánari upplýsingar í síma 470 7700.

### Álver Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði er einn öflugasti vinnustaður heims á sínu sviði

Í fjölbreyttum hópi starfsmanna eru konur og karlar á öllum aldri sem njóta góðra launa, starfsþjálfunar og ýmissa fríðinda. Núna viljum við bæta í þennan blómlega hóp og ætlum að fjölga starfsmönnum á næstunni. Kynntu þér traust og spennandi atvinnutækifæri.

ÍSLENSKA SIA.IS ALC 42754 06.2008

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál

ALCOA






Opnunarhátíð JEA Jazz í ár verður í stöðvarhúsi Fljótsdalsstöðvar, inni í fjalli. MYND/EINAR BRAGI BRAGASON



Jazzfestival í fyrra tókst vel og verður ekkert slegið af þetta árið. MYND/EINAR BRAGI BRAGASON



Magni Ásgeirsson er ættaður frá Borgarfirði eystri og er einn þeirra tónlistarmanna sem munu troða upp á Bræðslunni. MYND/DANÍEL RÚNARSSON

# Hátíðasumar á Austfjörðum

**Fram undan er spennandi sumar á Austfjörðum með tónlist og mat.**

Þó nokkrar hátíðir verða víða um Austfirðina í sumar þar sem tónlist er í fyrirrúmi. JEA Jazzfestival hefst á morgun á Seyðisfirði, Egilsstöðum og í Neskaupstað. Hátíðin var fyrst haldin 1988 og hafa tónlistarmenn víðs vegar að komið fram á hátíðinni. Í ár verður opnunarhátíð í aðkomugöngum stöðvarhúss Fljótsdalsstöðvar en þau eru þrjá kílómetra inni í fjalli við Kárahnjúka. Meðal þeirra sem koma fram á hátíðinni eru Beady Belle, Larry Carlton, Bláir skuggar og Bloodgroup.

Humarhátíðin verður haldin á Höfn í Hornafirði 4. júlí, en allir sem kunna að meta gómsætt sjávarfang ættu að leggja leið sína þangað.

Rokkhátíðin Eistnaflug í Egilsbúð í Neskaupstað fer fram 10. til 13. júlí. Þar fá harðir rokkhundar eitthvað fyrir sinn snúð en þar munu koma fram meðal annarra hljómsveitirnar Bastard, Muck og Forgarður helvítis. Aldurstakmark er átján ár.

Bræðslan tónlistarhátíð hefst hinn 25. júlí á Borgarfirði eystri. Þetta er í fjórða sinn sem Bræðslan er haldin og hefur hún verið vel sótt undanfarin ár. Íbúafjöldi Borgarfjarðar eykst úr 140 manns í um eitt þúsund þessa daga en tónlistarmennirnir sem fram koma eru ekki af verri endanum. Í ár skemmta meðal annara írski tónlistarmaðurinn Damien Rice og Emilíana Torrini. Söngvarinn Magni Ásgeirsson kemur einnig fram en hann er einmitt ættaður frá Borgarfirði eystri.

-rat



Rokkveislan Eistnaflug verður haldin dagana 10. til 13 júlí í Egilsbúð í Neskaupstað. MYND/ GUNNAR B. GUÐBJÖRNSSON






BRÚNÁS innréttingar

Íslensk hönnun • íslensk framleiðsla

Miðás hf. var stofnað á Egilsstöðum árið 1990. Starfsemi þess hefur frá upphafi verið smíði og uppsetning innréttinga undir vörumerkinu Brúnás innréttingar, auk þess að sinna þjónustu, ráðgjöf og sölu. Frá upphafi framleiðslu Brúnás innréttinga hafa þær áunnið sér gott orð fyrir fallega hönnun og gæða handverk sem byggir á áralangri þekkingu og reynslu starfsfólks okkar.

Verksmiðja Miðáss á Egilsstöðum er í rúmlega 1900 m² húsnæði, þar sem sérhæfðir fagmenn í tæknivæddum vélasal tryggja að framleiðslan uppfylli auknar kröfur um gæði og endingu. Hjá Miðási starfa nú yfir tuttugu manns, karlar og konur, við fjölbreytt störf.

Brúnás innréttingar eru íslensk hönnun úr smiðju Guðrúnar Margrétar Ólafsdóttur og Oddgeirs Þórðarsonar hjá GO-Form og framleiddar í verksmiðju Miðáss á Egilsstöðum. Miðás er með söluskrifstofur og sýningarsali í Miðási 9 Egilsstöðum og Ármúla 17a í Reykjavík þar sem veitt er ráðgjöf innanhússarkitekta við hönnun og val á innréttingum.



Miðás hf. framleiðir Brúnás innréttingar
Miðás 9 • 700 Egilsstaðir • sími 470 1600 • www.brunas.is

BRÚNÁS innréttingar



Löndun úr Ásgrími Halldórssyni SF 250 á Höfn.

MYND/HERMANN STEFÁNSSON



Færeyska skipið Carlton KG-381 landaði í Neskaupstað nýlega í stað þess að sigla til heimahafnar. MYND/HÁKON VIÐARSSON

# Sjálfvirk vinnsla á silfri hafsins

**Sumarsíldin er komin á miðin úti af Austfjörðum.**

Í gærmorgun var síldin í norsk/íslenska stofninum um fimmtíu mílur úti af Norðfjarðarhorni og skipin Börkur og Margrét, sem veiða fyrir Síldarvinnsluna í Neskaupstað, á leið út á miðin eins og Ásgrímur Halldórsson og Jóna Eðvalds frá Skinney/Þinganesi á Hornafirði.

Þótt síldveiðum fylgi alltaf spenna hleypa þær ekki sama fjöri í atvinnulífið og áður. Vélvæðingin hefur víða leyst mannshöndina af hólmi í vinnslu aflans en jafnframt aukið framleiðslugetuna. *- gun*



Eyðun Simonsen verkstjóri í Síldarvinnslunni í Neskaupstað metur gæði aflans. MYND/HÁKON VIÐARSSON



Ásgrímur Ingólfsson, skipstjóri á Ásgrími Halldórssyni, er ánægður með aflann.



Sigurbjörg Einarsdóttir í eftirlitinu hjá Skinney/Þinganesi er hér við eina af sjálfvirku vélunum sem notaðar eru við vinnsluna. MYND/HERMANN STEFÁNSSON



Síldin kemur feit og falleg úr djúpunum. MYND/HERMANN STEFÁNSSON



Silfur hafsins á flokkaranum. MYND/HÁKON VIÐARSSON

Vopnafjörður

www.vopnafjardarhreppur.is











© Bjarki Björgólfsson





Lifandi samfélag!

Vopnafjörður


Verið velkomin
Borgarfjörður eystri
KJARVALSSTOFA
Bræðslan 2008
Næst á dagskrá:
26.07.08
Stór tónleikar í Bræðslunni
Eivör, Damien Rice og Magni
1. - 4 ágúst 08
Verslunarmannahelgi
Álfarborga Séns
Gistiheimilið Álfheimar · Kjarvalstofa · Ævintýra heimur · Gönguferðir
Veitingarsalan Fjarðaborg · Fuglaskoðun · Tjaldsvæði
www.icelandoutdoor.is
info@elftours.is
www.borgarfjordureystri.is


Við bjóðum upp á:
• Rútur
• Snjósleðaferðir
• Fjórhjólaferðir
• Ingólfshöfðaferðir
• Hvataferðir
• Starfsmannaferðir
• Norðurljósaferðir
• Siglingar
• Ísklifur
• Útsýnisflug
• Óvissuferðir
• Árshátíðir
• Ráðstefnur og fundi
• Aðstoð við kvikmynda- auglýsingatökur
Sérsníðum ferðir eftir óskum hvers og eins.
Vatnajökull Travel
www.vatnajokull.is
Sími 894-1616
info@vatnajokull.is
Ferðaskrifstofa
Í RÍKI VATNAJÖKULS
WOW!
Galdur 062008




PIPAR • SÍA • 81264

## Végarður í Fljótsdal

**Upplýsingar um Kárahnjúkaframkvæmdirnar ásamt ferðamennsku og útivist norðan Vatnajökuls. Góður viðkomustaður áður en haldið er upp á Fljótsdalsheiði.**

**Opið alla daga kl. 9–17 til 15. september.**

Kynnið ykkur raforkuframleiðslu og sjáið einnig skemmtilegar sýningar í Blöndustöð, Búrfelli, Kröflustöð, Laxárstöð og Ljósafossstöð við Sog.

Stöðvar Landsvirkjunar eru opnar **alla eftirmiðdaga í sumar**.
Végarður er opinn frá kl. 9-17 alla daga vikunnar.
**Heimsókn til Landsvirkjunar er ókeypis**.

**Nánari upplýsingar um opnunartíma og sýningar í stöðvum eru á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000.**

Landsvirkjun

Handhafi Íslensku gæðaverðlaunanna 2007

## Fjármál

ATOZ

Viðskiptaáætlanir (business plans), fjármálaráðgjöf, rekstrarráðgjöf, áætlanagerð, stofnun fyrirtækja atoz@atoz.is s: 771 45 45

## Málarar

ÞAKMÁLUN
S: 844-1011 / 697-3592

ÍSLANDSMÁLUN
Þakmálun !!
Húseigendur - Húsfélög
Þarf að fara að huga að viðhaldi á þakinu eða húsinu?
Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu.
ÍSLANDSMÁLUN EHF
Upplýsingar gefur Einar í s. 891 6999.

Markól ehf
Málningarvinna og þrif.
Besta þjónustan og besta verðið.
S. 660 6074 / 664 3991

**Múrum og málum !**
**Tökum að okkur múr- og málningarvinnu, stór og smá verk. Örugg þjónusta, vanir menn vönduð vinna. Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Upplýsingar gefur Sverrir s.661-7000**

Getum bætt við okkur verkefnum úti og inni. Tilboð eða tímavinna. Málið ehf. S. 896 5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar. www.buslodageymsla.iceware.net

## Húsaviðhald

SÖGUN • BORUN
BROT
BORTÆKNI
PEKKING • REYNSLA
www.bortaekni.is
STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT
567-7570




### Pípulagnir

Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

Píparinn. Tökum að okkur alla almenna viðhaldsþjónustu á gömlu sem nýju, fljót og góð þjónusta uppl. í síma 7704997.

### Trésmíði

Tek að mér allt almennt viðhald húsa, trésmíði og m.fl. S. 662 6092.

Sólpallaefni óskast! Komum og tökum niður ef óskað er. Uppl. í síma 897 7490.

Húsasmiður auglýsir. Þarf að skipta um rennur, mála þök, glerja? Tilboð, tímavinna. S. 553 2171.

## Stífluþjónusta

Stíflulosun
Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S.892 7260 & 567 0530

## Tölvur

### Tölvuþjónusta

Kem á staðinn. 11 ára reynsla. Microsoft vottun. Miðnet ehf. Ríkharður s. 615 2000.

Gagnaendurheimt. Tölvuviðgerðir íhlutir Cisco og Microsoft vottun. S. 821 6839, Stefán.

## Nudd

Whole body massage. S. 661 1638.

## Spádómar

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

Kærleiks-ljósið
Spámiðill, Tarot lestur og kristalkúla
VISA 566 7311 EURO




**Spásími Daddýar**
**846 6364.**
**Allan daginn, alla daga næstu viku. Tarot lestur og bein miðlun.**
**Visa / Euro.**

### Alspá
### 445 5000 & 823 8280

Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393

Spákona spáir í spil og ræður drauma. Einnig möguleiki á símaspá, þú pantar tíma, ég hringi. Tímap. í s. 891 8727 Stella.

## Trésmíði

### Sólpallar

Viltu flottan sólpall? Komum á staðinn og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu, erum búnir að vera í sólpallasmíði í 15 ár, erum snöggir og vöndum vinnu okkar. Upplýsingar veittar í síma 697 9660, Ólafur.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



### Eldsneytis Sparari!

Hvirfil tæki í alla BÍLA & JEPPA, SPARNAÐUR: 7% til +27% þetta virkar! Meiri Kraftur. Verð frá 9900.-kr. 30 daga skilaréttur. SKM ehf Bíldshöfða 16. S:5178400 WWW.SKM.IS









### Vinsælu gæða trambolínin frá USA !

Vinsælu gæða trambolínin frá USA eru komin. Fyrstir koma fyrstir fá. Trambolínsalan s. 555 2585.

Sjónvarp 20", rúmbotn 150x2 og skrifborð 160x80, hafið samband 8976199

## Hljóðfæri




### Dúndurtilboð!

Þjóðlagagítar pakki frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag. pakki frá 29.900 kr. Trommusett frá kr. 49.900 með diskum. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Vélar og verkfæri



Handlyftivagnar 2500 Kg - Hraðlyfta (QL). Verð 28600 - PON ehf - S. 552 0110 www.pon.is

## Til bygginga

### Krossviður til sölu

Birkikrossviður, BB/CP. 9 mm og 12 mm. Takmarkað magn. Besta verðið. Uppl. í s. 895 6594

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m, mótabitar 1.185 kr/m,timbur 1x6 og 2x4 á 155 og 205 kr/m, allt verð með vsk.Kíktu á ulfurinn.is eða s. 840 7273, Halldór.

## Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

## Ýmislegt



### BAKKMYNDAVÉL:

Bakkmyndavél í allar tegundir bíla ,hjólhýsi hestakerrur Ofl Mjög auðveld í uppsetningu 3,5" litaskjár frábær vél á góðu verði MV heildsala ehf S:8972902/netfang:mvehf@hive.is



### One touch Dósaupptakar

Rafknúinn Engar snúrur Nú er ekkert mál að opna dósir slekkur sjálfur á sér er dósin er opinn Lítill og nettur passar ofan í allar skúfur frábær í útileguna sumarbústaðinn og heimilið Sendum um land allt MV heildsala ehf S:8972902/8600800/netfang:mvehf@hive.is

Til sölu eða leigu Terex Comedil 24 m. Byggingakrani. Uppl. í s. 898 4870.

Viltu láta dekra við þig í notalegu umhverfi þar sem sumarið er á næsta leiti?



Pantaðu þér andlitsbað á Dong Fang Salon og fáðu litun og plokkun frítt. Tilboðið gildir til 1. ágúst.

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

ICELANDAIRHOTELS
LOFTLEIÐIR

# HEILSA

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu fríán prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Ferðanudbekkir, óléttubekkir og bómullarlök enn á gamla genginu. S. 891 6447, Óli.

Nudd nudd nudd heilnudd. Uppl. í s. 616 6469.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Til sölu hillusamstæða Upplýsingar í síma 8454936

## Heimilistæki



Retro cappuccinovélin, lagar cappuccino, te, latte, espresso.Falleg og handhæg vél fyrir heimilið eða sumarbústaðinn. kr. 27.900. Margir litir. www.kaffifélagið.is -Skólavörðustíg 10

## Dýrahald

Golden Retriever hvolpar til sölu. Uppl. í s. 848 6567.

Fjórir 8 vikna kettlingar fást gefins. kassavanir. Uppl. í s. 848 1020.

2 kettlingar fást gefins, staðsettir í Hfj. Uppl. í s. 445 9828.

## Ýmislegt




# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Ferðamannaíbúð í Vesturbæ Reykjavíkur til leigu. Rúmar fjóra. Leiga á dag 15 þús. á viku 70 þús. Uppl. á reykjavikwest.com & í s. 820 3640.

## Fyrir veiðimenn

**Silunganet**
Heimavík. Sími 892 8655.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Viltu leigja íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Herb. til langtíma leigu í Reykjavik & Hafnarfirði. Aðgangur að eldhúsi, baðherb., þvottav. og þurrkara, gervihnattasjónv. og interneti. Uppl. í s. 824 4530.

Íbúð til leigu á góðum stað í Hafnarfirði. Íbúðin er 60m² á 3.hæð,geymsla fylgir og sameiginlegt þvottahús. Áhugasamir hafið samband í síma: 697 5785 eða 869 9109

Góð 3-4 herbergja íbúð í 101 til leigu. Upplýsingar í síma 770 6090.

180 fm einbýli til leigu í 203 Kóp. Glæsileg staðsetning, stór lóð, 3 svefnherb. Leiga 190 þ. á mán. + trygging, rafm. og hiti. Uppl. í s. 896 5430.

Til leigu í skemmri tíma glæsileg 3ja herb. íbúð miðsvæðis, allt fylgir. S. 899 6400.

Herbergi í 101 rétt hjá Iðnskólanum á 56þ.Sameiginl. eldhús, WC, þvottav + þurrkari, ADSL mögul. s: 823 2937

Til leigu 86fm íbúð í Arahólum. Trygging æskileg. uppl.S: 557-3046 og 846-5210

Til langtímaleigu - Laus - Glæný falleg 4ra herbergja íbúð m/sérinng. við Drekavelli í Hafnarf. Uppl: 899 0800

Til leigu 2ja herb 70fm íbúð við Ásabraut í Keflavík.uppl 899 0800




**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Seljahverfi-Reyklaust**
2 herb. ca. 70 fm notaleg íbúð á jarðhæð, allt sér. Verð 105 þ. á mán. Innifalið rafm. og hiti. Engin hússj. Laus starx. Uppl í s. 895 8299.

**Seljahverfi-Reyklaust**
Stúdíóíbúð í kjallara c. 50fm. Innifalið rafmagn og hiti. Engin hússjóður. Verð 75 þús. Laus 1 júlí. Uppl í s. 895 8299.

**Raðhús Seljarhverfi**
Til leigu ca. 170 fm raðhús á 2 hæðum, 5 svefnherb., góðar stofur, sér bílastæði og bílageymsla. Laus strax. Verðtilboð óskast. Uppl. í s. 895 8299.

5 - 6 herb. einbýlishús til leigu á Stokkseyri. Uppl. í s. 895 0190 & 863 8398.

Til leigu 78 fm. 3ja herb. íbúð á svæði 111. Laus 1.júlí. Uppl. í s. 896 8599.

7 herb, 164 fm íbúð, þar af 4 svefnh. til leigu. Í sundahverfi 104, stutt í alla þjónustu. Langtímaleiga, leiguverð 170þ. á mán. Uppl í s: 8474593

Til leigu. 3 herb. reyklaus 81 fm. blokkaríbúð á fjórðu hæð. Hún er á Berjavöllum í hfj. og leigist á 125 þ. á mán. Áhugasamir hringið í s. 696 8344 & 863 3023 e.kl. 17.

Til leigu 3 herb. 90 fm. íbúð í Grafarvogi. V. 140 þús. Uppl. í s. 893 3350.

2 herb. íbúð fyrir reglusaman eldri einstakling/par á svæði 108 v. Vogahverfi til leigu, ekki börn. Verð 85 þús. Uppl. í s. 898 7868, milli 11 og 17.

80 fm. 3 herb. íbúð til leigu í Þórðarsveigi í Grafarholti. Leiga 135 þ. Uppl. á www.rentus.is

Ca. 100 fm 3 herb. íbúð til leigu í Hfj. frá 1 júl. Reyklaust & reglusamt. S. 770 1760.

## Húsnæði óskast

Hjón óska eftir íbúð á leigu á höfuðborgarsvæðinu á verðbilinu 80-90 þús á mán S:899 0341

Óska eftir rúmgóðu herb. í Hfj. til leigu með góðri aðstöðu. S. 445 9828 & 698 7305.

## Sumarbústaðir



**Grímsnesi, Hraunborgir**
96m2 sumarhús til sölu/skipti 130m2 sólpallur, rafmagn,rotþró, rétt við sundlaug og stutt í 4 gólfvelli. Útveggir einangraðir. Lagnir í plötu. Upplýsingar síma 693 6717 Kristinn.



Tvö 15 fm bjálkahús til flutnings. Tilvalið sem gestahús við sumarbústaðinn eða sem sumarhús fyrir nægjusama. Verð 1 millj. stk. Upplýsingar í síma 847-2324 eða 866-9987



Til sölu eða leigu sumarbústaður að Syðri brú í Grímsnesi stutt frá ljósafoss virkjun og sundlaug. Húsgögn fylgja. Upplýs. 698-1001.

## Atvinnuhúsnæði

Iðnaðar og lagerhúsnæði til leigu. 90, 180, 270, 360 ferm. 4 og 7 m lofthæð. Hagstæð leiga. Uppl. 6601060 8224200

Til leigu eða sölu 105 fm. iðnaðar og lagerhúsnæði í Hafnarfirði. Uppl. í s. 663 4736 & 663 4836.

Til leigu skrifstofa á Höfðanum. Ca 90 fm. Skiptist í tvö skrifstofurými og kaffistofu. Vinsamlega sendið á sali@visir.is

## Geymsluhúsnæði




Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

## Gisting

Budget accommodation Rvk/Hfj. for sleeping bag. Dorm 1.500 kr./p.day. Info 770 5451.

Svefnpokapláss í Rvk/Hfj. Uppl. í s. 770 5451.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Employment agency seeks:**

**Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.**
**- Proventus -**

**Call Margrét 699 1060**

**Kvöld og helgarvinna**
Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til starfa! Ekki síður skemmtilegt fullorðið fólk. Hringdu núna í síma 575 1500 simstodin@simstodin.is www.simstodin.is

**Helgarvinna**
FeskarKjötvöruróskareftirstarfsmönnum í kjöt og fiskborð Hagkaupa um helgar. Nánari upplýsingar veitir Guðmundur í s. 660 6302

**Laus sæti í úrvalsliði þjóna og aðstoðarfólks á kvöldin og um helgar. Bjóðum einnig verðandi framreiðslu- og matreiðslumönnum frábæran stað til þess að læra fagið á. Langar þig til þess að vinna við matreiðslu eða framreiðslu á einum besta veitingastað í Reykjavík?**
**Uppl. veitir Valtýr (661-9912) alla virka daga milli 10-12 og 14-17 í síma eða á staðnum. Umsóknir berist á: atvinna@foodco.is**

**Veitingahús**
**Íslenskumælandi starfsfólk óskast. Æskilegur aldur 30+. Upplýsingar í síma 869 5037 & 899 3258.**

**Leikskólinn Vinaminni.**
**Laus er til umsóknar staða matráðar í Leikskólanum Vinaminni Asparfelli 10 111 Reykjavík. Um er að ræða 100% stöðu eða tvær hálfar stöður sem geta unnið á móti hvor annarri. Einnig er laus til umsóknar staða starfsmanns í 100% starf. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af vinnu með börnum. Nánari upplýsingar er að fá hjá Sólveigu leikskólastjóra í síma 861-8055.**

# TIL LEIGU

**Sófalist**
**Leigjum áklæði á stóla fyrir veisluna !**
Á meðan að verslunin stendur í flutningum , munum við þjóna viðskiptavinum okkar í gegnum heimasíðu Sófalists,
www.sofalist.is - sofalist@internet.is

SÓFALIST • WWW.SOFALIST.IS
GARÐATORGI • GARÐABÆ • S. 553 0444

# ÞJÓNUSTA

**VANIR SMIÐIR**
Tökum að okkur ýmsa smíðavinnu
Sólpallar, sumarhús, innréttingar og parket.
Vanir menn, vönduð vinna, gerum tilboð.
Sími 691 0980




# TIL SÖLU



# REYNSLA • FAGMENNSKA • METNAÐUR

Búum betur stendur fyrir reynslu, fagmennsku og metnað. Rík áhersla er lögð á gott efnisval og vönduð vinnubrögð við frágang íbúða, sameignar og lóðar. Fyrirtækið leggur metnað sinn í að standa við umsaminn afhendingartíma.

BÚUM BETUR

BYGG



## Lundur 1-3







## Langalína 9-11







## Jónshús







## 17. júní torg




FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf
Óðinsgötu 4 • S. 570 4500
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐI 27
Sími 594 5000
akkurat.is

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
BORGARTÚNI 31

BYGG

ENNEMM / SIA / NM34396

**LEIKKONAN SHERRY STRINGFIELD ER 41 ÁRS Í DAG.**

*„Ég er hræðilegur sjúklingur og mér finnst læknar stundum yfirlætisfullir.“*



***Stringfield er þekktust fyrir hlutverk sitt sem dr. Susan Lewis í Bráðavaktinni. Hún hefur þrisvar verið tilnefnd til Emmy-verðlauna fyrir hlutverk sitt í þáttunum.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 24. JÚNÍ ÁRIÐ 1956

## *Hræðslubandalagið býður fram*



Þennan dag árið 1956 bauð Hræðslubandalagið svokallaða fram til alþingiskosninga en það var kosningabandalag sem Alþýðuflokkur og Framsóknarflokkur gerðu með sér.

Flokkarnir freistuðu þess að nýta kjördæmaskipanina til að ná meirihluta þingmanna án þess að hafa meirihluta kjósenda á bak við sig. Það mistókst þó því bandalagið fékk 33,9% atkvæða og 25 þingmenn af 52. Í kosningunum árið 1953 fengu flokkarnir samanlagt 37,5% atkvæða og 22 þingmenn.

Samvinna flokkanna fólst í því að þeir buðu ekki fram hvor gegn öðrum. Framsóknarflokkurinn bauð því ekki fram í þeim kjördæmum þar sem Alþýðuflokkurinn var sterkur og öfugt. Flokksmenn voru hvattir til að kjósa samstarfsflokkinn í þeim kjördæmum þar sem þeirra eigin flokkur bauð ekki fram.

Þótt flokkarnir vildu kalla samstarfið bandalag umbóta var augljóst að þeir náðu saman af hræðslunni einni enda vildu þeir báðir koma Sjálfstæðisflokknum frá völdum. Flokkarnir mynduðu meirihluta með Alþýðubandalaginu undir forystu Hannibals Valdimarssonar.

## MERKISATBURÐIR

**1000** Kristin trú er lögtekin á Alþingi á Þingvöllum er Þorgeir Ljósvetningagoði úrskurðar að allir menn skuli vera kristnir.

**1865** Fyrsti keisaraskurðurinn er framkvæmdur á Íslandi. Móðirin lést en barnið lifði.

**1934** Gunnar Thoroddsen er kosinn á þing. Hann var þá 23 ára og yngstur þeirra sem hafa náð kjöri til Alþingis.

**1967** Fyrsta íslenska þotan, Gullfaxi, kemur til landsins.

**1988** Kanadíski söngvarinn Leonard Cohen heldur tónleika í Laugardalshöll.

**1993** Fjölskyldugarðurinn í Laugardal í Reykjavík er tekinn í notkun.



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Kristján Gísli Kristjánsson**
Lóurima 7, Selfossi,

lést á Sjúkrahúsinu á Selfossi fimmtudaginn 19. júní. Útför hans fer fram frá Hofsóskirkju laugardaginn 28. júní kl. 10.30.

**Steinunn Yngvadóttir**
**Kristbjörg St. Gísladóttir** — **Bjarni Ragnarsson**
**Kristján Jón Gíslason**
**Magnús Tómas Gíslason** — **Berglind Einarsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Markús B. Kristinsson**
vélstjóri, Hjallabraut 33, Hafnarfirði,

andaðist á lungnadeild Landspítalans Fossvogi laugardaginn 21. júní. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Soffía Sigurðardóttir**
**dætur, tengdasynir, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Yndislegi sonur okkar og bróðir,*

**Lárus Stefán Þráinsson**

lést 21. júní, útförin verður auglýst síðar.

**Þráinn Lárusson** — **Ingibjörg Helga Baldursdóttir**
**Þurý Bára Birgisdóttir** — **Þórhallur Birgisson**
**Sigrún Jóhanna Þráinsdóttir**
**Kristján Stefán Þráinsson**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigfús Kristmann Guðmundsson**

lést mánudaginn 16. júní á Heilbrigðisstofnuninni Blönduósi. Útförin fer fram frá Blönduóskirkju laugardaginn 28. júní kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á orgelsjóð Blönduósskirkju í Kaupþing Blönduósi.

**Jóhanna Björnsdóttir**
**Sigþrúður Guðmunda Sigfúsdótttir**
**Birna Sigfúsdóttir** — **Valgeir Matthías Valgeirsson**
**Guðmundur Sigfússon** — **Vigdís Edda Guðbrandsdóttir**
**Sigurbjörg Sigfúsdóttir** — **Jóhann Hólm Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**GENGIÐ Í ÁFÖNGUM** Sæmundur Kristjánsson göngustjóri mun miðla af fróðleik sínum á leiðinni og Ragnheiður Karítas Pétursdóttir, sóknarprestur í Ingjaldshólssókn, sér um bæna- og helgistundir.

SÆMUNDUR KRISTJÁNSSON: GENGIÐ GAMLAR ÞJÓÐGÖTUR Á JÓNSMESSU

# Helgiganga undir Jökli

Á Jónsmessu, fæðingarhátíð Jóhannesar skírara, er hægt að minnast kristni undir Jökli með því að fara í helgigöngu í þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Gangan er samstarfsverkefni þjóðgarðsins og Ingjaldshólskirkju en um tvær göngur er að ræða. Sú fyrri var farin á milli hins forna kirkjustaðar Saxhóls og að Ingjaldshóli í gær, á Jónsmessunótt, en haldið verður af stað í hina síðari seinnipartinn í dag. Þá verður gengið frá Einarslóni upp til Purkhóla, með Háahrauni og að forna kirkjustaðnum á Laugarbrekku en endað við Hellnakirkju.

Sæmundur Kristjánsson staðarleiðsögumaður verður göngustjóri en Ragnheiður Karítas Pétursdóttir, sóknarprestur í Ingjaldshólssókn, hefur umsjón með bæna- og helgistundum á leiðinni. Gengið verður í áföngum og á leiðinni verða sagðar sögur af merkum atburðum og minnisstæðu fólki ásamt helgisögum.

„Við munum ganga gamlar þjóðgötur sem prestarnir áttu leið um þegar þeir voru að þjónusta kirkjur á svæðinu. Sumar af þessum ferðum þeirra voru sögulegar og skildu þeir eftir sig ýmsar minjar,“ segir Sæmundur, sem kann ýmsar góðar sögur.

„Á leiðinni rifjum við ásamt öðru upp feril Ásgríms Vigfússonar sem var prestur í Breiðuvíkurþingum. Hann missti hempuna tvisvar og fór sjálfur á fund konungs til að fá sinn hlut réttan. Hann lét síðan grafa sig í messuklæðunum til að menn næðu þeim ekki af honum í þriðja sinn,“ segir Sæmundur og heldur áfram: „Ásgrímur var meiri bjargálnamaður en andans maður og þegar vel gaf á sjó lét hann til dæmis vera að jarða þennan og hinn sem voru hvort eð er ekki að bíða eftir neinu. Menn voru að vonum ekki ýkja ánægðir með þetta og klöguðu prestinn,“ segir Sæmundur kíminn.

Hann segir göngurnar, sem hafa verið farnar í kringum Jónsmessuna síðastliðin þrjú ár, henta þeim sem hafa áhuga á landinu og sögunni og vilja birgja sig upp af andans næringu. „Við erum einnig að halda í góðar hefðir með því að vera sem mest úti á Jónsmessunni.“

Sæmundur segir fólk geta gengið hluta úr leið en gangan í dag er tíu kílómetrar og er ekki nauðsynlegt að hafa farið í fyrri gönguna. Rúta fer kl. 15.30 frá Hellnakirkju að Djúpalónssandi en þaðan er stuttur gangur að Einarslóni. Þaðan verður lagt af stað eftir helgistund og fararblessun. Göngunni lýkur svo með næturmessu í umsjón sóknarprestsins að Hellnakirkju.

**vera@frettabladid.is**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi, bróðir og mágur,*

**Tómas Vilhelm Óskarsson**
áður til heimilis að Ránargötu 45, Reykjavík,

lést að hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð Kópavogi, sunnudaginn 22. júní.

**Ísleifur Tómasson** — **Guðrún Ásta Kristjánsdóttir**
**Karitas Jóna Tómasdóttir**
**Tómas Haukur Tómasson** — **Hrafnhildur Karlsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**
**Vilhelmína Svava Guðnadóttir** — **Stefán Hólm Jónsson**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Kristján Eðvald Jónsson**
bóndi, Hólum,

verður jarðsunginn frá Hvammskirkju í Dölum laugardaginn 28. júní kl. 14.00

**Elín Þ. Melsteð**
**Elías Melsteð Kristjánsson**
**Sigurður Finnur Kristjánsson** — **Margrét Ásta Jónsdóttir**
**Hjalti Freyr Kristjánsson** — **Rebecca C. K. Ostenfeld**
**Ásdís Kristrún Melsteð** — **Jóhannes Haukur Hauksson**
**og barnabörn.**



**LEIFAR GAMALLAR ELDSTÖÐVAR** Gengið verður um Viðey með Ástu Þorleifsdóttur jarðfræðingi í kvöld. MYND/VIÐEY

# Gengið um gamalt berg

Í kvöld klukkan 19.15 mun Ásta Þorleifsdóttir jarðfræðingur ganga Jónsmessugöngu um Viðey og segja frá jarðfræði eyjarinnar. Gangan hefst með siglingu frá Sundahöfn og tekur um tvær klukkustundir.

Viðey er leifar gamallar eldstöðvar sem kölluð er Viðeyjareldstöðin og var virk fyrir tveimur milljónum ára. Í Viðey er elsta berg borgarlandsins. Eyjan skiptist í tvo hluta, Heimaey og Vesturey, og tengjast þeir með Eiðinu. Í Viðey er hægt að njóta frísællar náttúru steinsnar frá iðandi miðborg Reykjavíkur.

Leiðsögnin í göngunni er ókeypis fyrir utan ferjutoll sem er 800 kr. fyrir fullorðna og 400 kr. fyrir börn. Allir þátttakendur í göngunni um Viðey fá Egils Kristal í boði Ölgerðarinnar.

**NAFNIÐ MITT:** ÞÓRGNÝR THORODDSEN

# *Nafnið ákveðið í hita leiksins*



„Nafnið er í rauninni ekki í höfuðið á neinum. Þegar ég var á fæðingardeildinni var haft orð á því að ég gréti svo hátt þannig að pabbi kom með þá hugmynd í hita leiksins að ég ætti að heita Þórgnýr, sem þýðir þruma Þórs," segir Þórgnýr Thoroddsen kvikmyndagerðarmaður. Ekki leist móður hans og ömmu vel á það í byrjun þannig að á endanum var hann skírður Ágúst Þórgnýr. Þegar Þórgnýr var barn lét hann taka fyrra nafnið í burtu. „Þegar ég var um tíu ára og komst til vits áttaði ég mig á því að nafnið væri flottara en gengur og gerist þannig ég ákvað að taka Ágústs-nafnið í burtu," segir Þórgnýr. Nafnið hefur þó ekki alveg horfið. „Elstu vinirnir og fjölskyldan kalla mig oftast ennþá Gústa út af upphaflega nafninu mínu," segir hann en bætir því við að hann kynni sig alltaf sem Þórgný. Þegar hann er inntur eftir því hvort hann noti gælunafn segir hann hlæjandi að svo sé ekki. „Eina gælunafnið var þegar ég var að vinna með manni sem hét Hjálmtýr, við vorum stundum kallaðir Týri og Gnýri, annars er ég alltaf bara kallaður Þórgnýr." Hann segir að honum hafi aldrei verið strítt á nafninu enda frekar erfitt að búa til uppnefni við nafnið. Þórgnýr er mjög ánægður með nafnið sitt og kostina við það segir hann meðal annars vera að fólk muni alltaf hvað hann heiti. Eina vandamálið við það sé að segja það í útlöndum þar sem flestir útlendingar eiga í miklum erfiðleikum við að bera fram nafnið. „Oftast bjarga ég mér fyrir horn með að segja að ég heiti Þor eða bara Gústi."



*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma, systir og vinur,*

**Hulda Jónsdóttir**

lést á heimili sínu miðvikudaginn 18. júní sl. Hún verður jarðsungin frá Grindavíkurkirkju föstudaginn 27. júní næstkomandi kl. 13.30.

**Margrét Ragna Arnardóttir**
**Hrafn Sigvaldason**
**Stefán Örn Hrafnsson**
**Sigmundur Freyr Hrafnsson**
**Birgir Hrafn Hrafnsson**
**Valdimar Þór Hrafnsson**
**Viktoría Huld Hrafnsdóttir**
**Regína Þórunn Hrafnsdóttir**
**Hrefna Jónsdóttir**
**Gréta Jónsdóttir**
**Sigvaldi Þorsteinsson**
**Kristín Mogensen**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Guðveigsson**

rannsóknarlögreglumaður, Kirkjusandi 3, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Langholtskirkju fimmtudaginn 26. júní kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Kolbrún Dóra Indriðadóttir**
**Ólöf Guðmundsdóttir Salmon** **Peter Salmon**
**Eggert Snorri Guðmundsson** **Jóhanna Guðbjörnsdóttir**
**Indriði Halldór Guðmundsson** **Nína Edvardsdóttir**
**G. Sævar Guðmundsson** **Edda Sigurbergsdóttir,**
**Halldóra Katla Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, kær vinkona, amma og langamma,*

**Vilborg Reimarsdóttir**

Sólvöllum 17, Akureyri,

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 26. júní kl. 13.30.

**Helga Guðrún Sigurjónsdóttir**
**Stefanía Sigurjónsdóttir** **Jón Eyþór Steinþórsson**
**Reimar Sigurjónsson** **Dagrún Þórisdóttir**
**Friðbjörg J. Sigurjónsdóttir** **Ólafur Ármannsson**
**ömmu- og langömmubörn.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýju og hluttekningu við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Björns Guðmundssonar**

Andrésbrunni 8, Reykjavík,

**Kristín Guðmundsdóttir**
**Anna Björg Björnsdóttir** **Jón Haukur Björnsson**
**Berglind Björnsdóttir** **Ólafur Einarsson**
**Bryndís Björnsdóttir** **Charles DuBeck**
**Guðmundur Björnsson** **Inga Birna Barkardóttir**
**og afa- og langafabörn.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, dóttir, tengdadóttir og systir,*

**Jónína Björg Guðmundsdóttir**

Álakvísl 10, Reykjavík

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 25. júní kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hennar er bent á LAUF, Landssamtök áhugafólks um flogaveiki. Sérstakar þakkir til Óskars Þórs Jóhannssonar, Hrannar Finnsdóttur og annars starfsfólks LSH.

**Hnikarr Antonsson**
**Ýr Hnikarsdóttir** **Arnar Már Bergmann**
**Arnór Hnikarsson** **Anna Kristín Höskuldsdóttir**
**Rebekka Hnikarsdóttir**
**Hnikarr Örn Arnarson Bergmann**
**Guðmundur S. Magnússon** **Kristín Gunnarsdóttir**
**Jóhanna Guðjónsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Alda Jónsdóttir**

Holtsgötu 2, Njarðvík,

lést laugardaginn 21. júní. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju fimmtudaginn 26. júní kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Rauða Kross Íslands.

**Birgir Olsen**
**Jón Birgisson Olsen** **Erla Zakaríasdóttir**
**Ævar Birgisson Olsen**
**María Magðalena Birgisdóttir Olsen**
**Björk Birgisdóttir Olsen** **Heiðar Víkingur Sölvason**
**ömmubörn og langömmubörn.**



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Sigþrúðar Friðriksdóttur**

Efstaleiti 14, Reykjavík,

sem lést 8. júní síðastliðinn. Innilegar þakkir til alls starfsfólks líknardeildar Landakotsspítala fyrir einstaka alúð og umönnun.

**Marta Bergman** **Bergsteinn Gizurarson**
**Friðrik Jónsson**
**Andri Geir Arinbjarnarson**
**Sturla Orri Arinbjarnarson** **Anna Margrét Ólafsdóttir**
**Kolbeinn Arinbjarnarson** **Björk Bragadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Bergsson**

Laugalæk 46, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju fimmtudaginn 26. júní kl. 15.00. Blóm afþökkuð en vinsamlegast látið heimahlynningu KÍ (sími 5401900) njóta þess.

**Þóra Stefánsdóttir**
**Þóra Andrea Ólafsdóttir** **Haraldur Haraldsson**
**Stefán Ólafsson** **Ingunn Magnúsdóttir**
**Kolbrún Ólafsdóttir** **Magnús Sigurðsson**
**Sigrún Ólafsdóttir** **Fjalar Kristjánsson**
**Sólrún Ólafsdóttir** **Gunnar Sigmundsson**
**afabörn og langafabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kristján Þórðarson**

fv. bóndi Miðhrauni, Boðahlein 29, Garðabæ,

lést á Landspítalanum Fossvogi 21. júní sl. Útförin fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 27. júní kl. 11.00.

**Guðmunda Veturliðadóttir**
**Þórður Kristjánsson** **Ásta Einarsdóttir**
**Veturliði Rúnar Kristjánsson** **Ragnheiður Haraldsdóttir**
**Gunnar Kristjánsson** **Linda Karlsdóttir**
**Guðrún Helga Kristjánsdóttir** **Arnar Þorsteinsson**
**Ingibjörg Kristjánsdóttir** **Ólafur Ólafsson**
**afabörn og langafabörn.**


**Legsteinar**
í **miklu** úrvali



Steinsmiðja
• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is
REIN


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

Stjórn 365 hf. boðar til hluthafafundar í félaginu sem haldinn verður á Hilton Reykjavík Nordica þriðjudaginn 1. júlí 2008, kl. 14.00.

# HLUTHAFA-FUNDUR 365 HF.

Dagskrá:

1 Tillaga um að stjórn félagsins verði falið að óska eftir afskráningu hlutabréfa félagsins úr kauphöll OMX Nordic Exchange á Íslandi.

2 Tillaga um að stjórn félagsins verði falið að kaupa hluti þeirra hluthafa í félaginu er þess óska fyrir kl. 16.00 þann 11. júlí 2008. Greitt verði á kaupverði kr. 1.20 á hvern hlut.

3 Tillaga um að stjórn félagsins verði heimilað í tengslum við framangreind kaup á hlutabréfum í 365 hf., sbr. dagskrárlið 2, að kaupa allt að 15% eigin hluta fyrir kr. 1.20 á hvern hlut. Heimildin skal gilda til og með 31. júlí 2008. Verði eigin hlutir í eign félagsins umfram 10% eftir viðskiptin skal stjórn félagsins lækka hlutafé félagsins í samræmi við lög um hlutafélög til að eigin hlutir eftir slíka hlutafjárlækkun verði ekki umfram 10% af hlutafénu.

Atkvæðaseðlar afhendast og verða taldir á hluthafafundinum þann 1. júlí og verða einungis atkvæði þeirra hluthafa sem eru skráðir í hlutaskrá kl. 11.00 þann dag talin með.

Stjórn 365 hf.



# STUÐ MILLI STRÍÐA Keppnin um duglegasta starfskraftinn

**KOLBRÚNU BJÖRT SIGFÚSDÓTTUR** LANGAR AÐ VERÐA STÓRREYKINGAMAÐUR



Vitur maður sagði mér einu sinni að í stórum fyrirtækjum væri alltaf einn eða fleiri úti að reykja í einu. Heil starfsígildi færu í reykingar starfsmanna og ekkert væri við því að gera. Þá væri auðvitað ekki talinn með allur tíminn sem fer í að fara út og koma inn frá því að reykja og öll samtölin, útúrdúrarnir sem verða á leið hvers og eins.

Þetta er hræðilegt, hugsaði ég. Reykingamenn vinna miklu minna, eru alltaf í pásum, meðan við hin sitjum og svitnum yfir verkefnum dagsins. Svo fór ég aðeins að skoða reykingamennina sem ég þekki. Í hvert sinn sem þeir komu inn voru þeir fílefldir og tilbúnir í slaginn. Þegar eitthvað þvældist fyrir þeim fóru þeir út og komu inn með lausn við vandanum. Við hin heilsuhraustu sátum hins vegar sem fastast, hvort sem við vorum með hugann við efnið eða ekki.

Ég var orðin dauðöfundsjúk og sá stórlega eftir því að reykja ekki. Ekki aðeins myndi það tryggja mér meiri sól, heldur myndi ég endurlífgast oft á dag. Komast alveg hjá því að sitja og stara daufum augum á skjáinn.

Enginn hefur nefnilega yfirumsjón með því hversu margir starfsmenn eru á netinu í vinnunni á hverjum klukkutíma. Reykingamennina er hins vegar hægt að sjá, þeir standa jú úti fyrir allra augum. Hvað hafði ég eytt mörgum sígarettumínútum í Facebook eða MSN? Og hafði það sömu áhrif og skreppitúrar reykingamannanna út í sólina? Fann ég lausn á vanda mínum og hresstist öll við? Hafði ég rætt málið við kollega minn og fundið nýjan vinkil?

Að mínu viti eru reykingar að mestu félagslegar. Þær snúast um fólk frekar en fíkn. En viljum við hin ekki líka fá næði til að talast við?

Á morgun ætla ég að draga einhvern með mér út. Ekki í sígó, heldur samræður.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**DANÍEL BJARNASON** Gerir það gott á alþjóðlegum vettvangi.

# Í víking til New York

„Þetta er auðvitað góð kynning á verkinu sem verður spilað í útvarpsstöðvum víða um heim,“ segir Daníel Bjarnason tónskáld.

Daníel lenti nýverið í öðru sæti í alþjóðlegri tónskáldakeppni sem haldin var á vegum Alþjóðatónlistarráðsins í Dyflinni.

„Verkið mitt var valið af Ríkisútvarpinu til þess að taka þátt en þátttökulönd eru frá fjórum heimsálfum.“

Tónverkið heitir „Öll hljóð bíða þagnar“ og var samið fyrir sumartónleika í Skálholti í fyrrasumar.

„Ég samdi þetta fyrir kammersveitina Ísafold sem frumflutti þetta í Skálholti,“ segir Daníel.

Næst á dagskrá hjá honum er vinna í vinnustúdíói fyrir óperutónskáld í Covent Garden í Lundúnum í júlí.

„Í haust fer ég síðan til New York þar sem ég mun ljúka við að semja píanókonsert fyrir Víking Heiðar Ólafsson,“ segir Daníel.

Píanókonsertinn verður síðan frumfluttur af Sinfóníuhljómsveit Íslands í febrúar 2009.

Daníel lærði tónsmíðar og píanóleik á Íslandi en hélt til Freiburg í Þýskalandi til að leggja stund á hljómsveitarstjórnun. Þaðan útskrifaðist hann árið 2007.

Tónverkið „Öll hljóð bíða þagnar“ verður flutt í Ósló í byrjun september í tengslum við hátíð ungtónskálda á Norðurlöndum (UNM-hátíðin).

**- vsp**

# Íslensk tónskáld í hávegum höfð á Jónsmessu

**Aðrir tónleikar tónleikaraðarinnar Klassík á Kjarvalsstöðum fara fram annað kvöld og hefjast kl. 20. Í þetta sinn stíga á stokk tvær góðar tónlistarkonur, þær Ingveldur Ýr Jónsdóttir söngkona og Guðríður Sigurðardóttir píanóleikari sem saman skipa dúóið Inga og Gurrí og flytja úrval af skemmtilegri tónlist sem gleður eyrun.**

Efnisskrá kvöldsins samanstendur af nýlegum íslenskum sönglögum sem eiga það sameiginlegt að vera öll eftir núlifandi tónskáld. Gaman er að geta þess að þrjú tónskáldanna sem koma við sögu á tónleikunum eiga stórafmæli á þessu ári; Jórunn Viðar verður níræð, Jón Ásgeirsson áttræður og Atli Heimir Sveinsson verður sjötugur á árinu. „Við ákváðum að gefa afmælistónskáldunum þó nokkuð vægi á efnisskránni, enda góð ástæða til að hylla þau dálítið á þessum stórafmælum. Annars einkennir léttleiki og gaman efnisskrána á þessum Jónsmessutónleikum; við flytjum lög um verur og vætti og grínumst aðeins á milli laga.“

Auk ofannefndra afmælistónskálda eiga verk á efnisskránni þau John Speight, Hjálmar H. Ragnarsson, Hildigunnur Rúnarsdóttir og Tryggvi M. Baldvinsson. Það er ekki á hverjum degi sem að tónlistarunnendum býðst að hlýða á svo mörg verk núlifandi íslenskra tónskálda og því ljóst að hér er nokkuð athyglisverð efnisskrá á ferðinni. „Þetta æxlaðist nú bara svona,“ útskýrir Ingveldur. „Við vorum að velja okkur lög til að flytja og tókum eftir því að þau sem okkur leist best á voru ansi mörg eftir núlifandi tónskáld, þannig að það varð allt í einu stefnan hjá okkur. Það er líka gaman að hafa tónleikana svona þjóðlega og skemmtilega með því að bjóða upp á verk sem spanna það sem hefur verið að gerast í tónsmíðum hérlendis á seinni hluta tuttugustu aldarinnar.“

Tónleikaröðin Klassík á Kjarvalsstöðum er samvinnuverkefni Listasafns Reykjavíkur og Félags íslenskra tónlistarmanna. Aðgangseyrir er 1.500 krónur en frítt er inn fyrir fólk að 21 árs aldri og alla tónlistarnema þar að auki. **vigdis@frettabladid.is**



**INGA OG GURRÍ** Skemmtilegt dúó sem kemur fram á Kjarvalsstöðum annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**> VILL EIGIÐ VISKÍ**

Guy Ritchie, eiginmaður Madonnu, áformar framleiðslu á sínu eigin viskíi. Hann festi nýverið kaup á pöbbnum The Punch Bowl í London og hefur verið að velja bestu áfengistegundirnar í hillurnar þar. Engin þykir þó alveg nógu góð, og því vill Ritchie gera sitt eigið lúxusviskí.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Merzedes Club í framleiðslu

Merzedes Club, sem byrjaði sem gott flipp hjá Barða Jóhannssyni í Laugardagslögunum, er orðin ein allra vinsælasta hljómsveit landsins. Fyrsta plata sveitarinnar var send til framleiðslu erlendis í gær og því ætti platan, sem ber heitið I Wanna Touch You, að koma út um 10. júlí.

Barði semur öll lögin tíu á plötunni. Þarna verða auðvitað allir smellir bandsins og svo smellir framtíðar, lög eins og „See Me Now", sem Haffi Haff tekur með bandinu og var sett í spilun í gær, og hin ofur kynþokkafulla tónsmíð „Desire", sem Inga Wonder flytur með sveitinni. Inga stendur framarlega í fitness og klæðist sérstaklega flegnum og efnislitlum Wonder Woman-galla sem Harpa Einarsdóttir hannaði á hana. Harpa hefur getið sér gott orð fyrir að hanna föt í sýndarveruleikafatabúðinni í Eve Online.

Hljómsveitin hefur haft nóg að gera í sumar og er mikið bókuð, þar á meðal á Selfossi 19. júlí. Þangað hætti bandið við að fara vegna jarðskjálftans á dögunum. Verslunarmannahelgin er hins vegar óklár hjá klúbbnum en samningaviðræður standa yfir við helstu útihátíðir. **- glh**



**FÁ HJÁLP HJÁ HAFFA HAFF OG INGU WONDER** Merzedes Club-platan er tilbúin og á leiðinni.

# Simpson óvinsæl hjá PETA

Jessica Simpson er ekki vinsæl hjá dýraverndunarsamtökunum PETA þessa dagana, eftir að hún sást í stuttermabol með áletruninni „alvöru stelpur borða kjöt". Samtökin eru heldur óhress með þessa yfirlýsingu og ýja að því að Simpson ætti að kynna sér kosti þess að vera grænmetisæta, þar sem heilastarfsemi hennar gæti tekið kipp. Gert er grín að frægum ummælum söngkonunnar, en í einum þætti þáttaraðarinnar The Newlyweds, þar sem skyggnst var inn í heimilislíf hennar og þáverandi eiginmanns hennar, Nick Lachey, sést Simpson spyrja hvort túnfiskur sé kjúklingur eða fiskur. Henni fannst þá ruglandi að á stundum væri talað um túnfisk sem „kjúkling hafsins".

„Þessi tískuglæpur Jessicu Simpson gerir okkur þakklát fyrir að fólk snýr sér ekki til hennar til að fá ráðleggingar um mataræði.



**KJÖTÆTA** Jessica Simpson er lítið vinsæl hjá PETA þessa dagana og talsmenn samtakanna hvetja hana til að borða grænmetisfæði til að koma heilastarfseminni af stað. NORDICPHOTOS/GETTY

Kjúklingur hafsins, einhver? Konan sem hélt að Buffalo-„vængir" væru af vísundum hefði gott af því að borða eitthvað gott grænmetisfæði fyrir heilastarfsemina," segir einn talsmaður PETA.

Einhverjir telja þó að Simpson hafi ekki klæðst bolnum til að lýsa yfir afstöðu sinni í dýraverndunarmálum, heldur til að gera grín að kántrísöngkonunni Carrie Underwood.

Underwood var eitt sinn með Tony Romo, sem er núverandi kærasti Jessicu. Underwood hefur þar að auki í tvígang verið valin „kynþokkafyllsta grænmetisætan" af PETA-samtökunum.

„Jessica er dauðþreytt á því að heyra af því að Carrie sé ennþá hrifin af Tony. Hún er augljóslega að gera grín að keppinaut sínum og lýsa því yfir hver eigi hjarta hans í raun og veru," segir heimildarmaður.



**ÁNÆGÐ MEÐ JAMIE** Heather Mills er ánægð með nýja kærastann, Jamie Walker, og þá sérstaklega hvað hann er í góðu líkamlegu formi, miðað við Paul McCartney. NORDICPHOTOS/GETTY

# Heather komin með kærasta

**Heather Mills er komin með kærasta. Hann fann hún á Tenerife, þar sem hún dvaldi í fríi ásamt dóttur sinni og Pauls McCartney, Beatrice, í síðasta mánuði.**

Hinn heppni heitir Jamie Walker og sér um skemmtanamál á hótelinu sem Heather og Beatrice dvöldust á. Þau kynntust í raun í gegnum Beatrice, sem er fjögurra ára, þegar Jamie aðstoðaði við eftirlit með börnum á hótelinu. Eftir tvö stefnumót á Tenerife hefur parið haldið áfram að hittast, og varði meðal annars helgi í Brighton á dögunum.

Samkvæmt heimildum News of the World er Heather yfir sig ástfangin af Jamie. „Hann er líkamsræktarfíkill og Heather hefur verið að stæra sig af því að hann sé í miklu betra formi en Paul," segir heimildarmaður blaðsins. „Hún er líka hrifin af því hvernig hann kemur fram við Beatrice og hvað hann er blíður við hana," bætir hann við.

Jamie Walker sagði við blaðið að hann hefði fengið mjög skýrar leiðbeiningar um að ræða þessi mál ekki. „En mér sýnist það vita allt nú þegar. Verið bara góð við mig," sagði hann við blaðamann, og þykir þar með staðfesta að um samband sé að ræða.

Heather hefur nú yfir rúmum 24 milljónum punda að ráða, eftir skilnað hennar og Pauls McCartney. Jamie þénar hins vegar um átta hundruð pund á mánuði, um 130 þúsund íslenskar krónur, á Tenerife, þar sem hann hefur einnig reynt fyrir sér sem plötusnúður. Heimildarmaður News of the World segir að Jamie dreymi enn um frama á því sviði, og líti svo á að sambandið við Heather gæti hjálpað honum í þeim efnum.


ILSE JACOBSEN



ÚTSALAN

hefst í dag 24. júní kl 9

30-60% afsláttur

ILSE JACOBSEN • Hornbæk

Garðatorgi Garðabæ sími 517 4806


# Sumarstúlka Vestmannaeyja

Sumarstúlka Vestmannaeyja var valin í 22. sinn í Höllinni í Vestmannaeyjum síðastliðið laugardagskvöld. Fimmtán stúlkur kepptu um titilinn í ár og að sögn Björgvins Þórs Rúnarssonar, rekstrarstjóra Hallarinnar, var keppnin hin glæsilegasta.

Sigurvegari kvöldsins var Sara Dögg Guðjónsdóttir, sautján ára nemi á náttúrufræðibraut í Fjölbrautaskóla Vestmannaeyja. „Það var hringt í mig og ég beðin um að taka þátt. Ég ákvað bara að slá til, enda var eiginlega allur vinkvennahópurinn minn að fara að keppa," segir Sara Dögg, sem er að vonum ánægð með sigurinn. „Þetta er mjög gaman og gott fyrir sjálfstraustið. Þetta er heldur ekki eins og hefðbundin fegurðarsamkeppni þar sem er komið fram á bikiníi, heldur var farið eftir útgeislun og framkomu," bætir hún við.

Spurð um framtíðaráform segist Sara Dögg stefna á arkitektúr í framtíðinni. „Mig langar helst í innanhússarkitektúr hérna heima eða erlendis, en það kemur allt í ljós. Í dag er ég búin með tvö ár í fjölbraut og vinn hjá Arnóri bakara bæði með skóla og á sumrin," segir Sara Dögg að lokum. **- ag**



**SUMARSTÚLKAN 2008** Sara Dögg Guðjónsdóttir bar sigur úr býtum í keppninni, en hún stundar nám á náttúrufræðibraut við Fjölbrautaskóla Vestmanneyja og vinnur hjá Arnóri bakara, bæði með skóla og á sumrin.

**Frábærar samantektir** eftir hvern leikdag kl. 21:00

# EM 442

SPORT 2




# Í KVÖLD KL. 21:00

Stórkostlegir heimildaþættir um 10 bestu
knattspyrnumenn Íslands fyrr og síðar.
Öll þriðjudagskvöld í sumar.

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| CHRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 5D - 8D - 11D | 7 |
| CHRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 5 - 8 - 11 | VIP |
| THE BANK JOB | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| INCREDIBLE HULK | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SPEED RACER | kl. 5 | L |
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 8 SÍÐ. SÝN. | 12 |
| IRON MAN | kl. 10:30 SÍÐ. SÝN. | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| CHRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 3D - 6D - 9D | 7 |
| THE BANK JOB | kl. 6 - 9 | 16 |
| SEX AND THE CITY | kl. 3 - 6 - 9 | 14 |
| SPEED RACER | kl. 3D | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| NARNIA 2 | kl. 8 - 10:50 | 7 |
| INCREDIBLE HULK | kl. 10:20 | 12 |
| ZOHAN | kl. 8 | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CHRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 8 - 10 | 7 |
| PROM NIGHT | kl. 5:40 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| CHRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 8 | 7 |
| HAROLD & KUMAR | kl. 8 | L |
| NEVER BACK DOWN | kl. 10:10 | 14 |




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| CRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 4D - 7D - 10D | 7 |
| CRONICLES OF NARNIA 2 LÚXUS | kl. 4D - 7D - 10D | 7 |
| THE INCREDIBLE HULK DIGITAL | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | 12 |
| THE HAPPENING | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| ZOHAN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| HORTON | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| MEET BILL | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| FLAWLESS | kl. 8 | |
| ZOHAN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 7 - 10 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 10.20 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ENSKUR TEXTI | 7 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| MEET BILL | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| THE HAPPENING | kl. 8 - 10 | 16 |
| KJÖTBORG SÍÐUSTU SÝNINGAR | kl. 6 - 7 ENSKUR TEXTI | |
| ZOHAN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 8 - 11 | 14 |
| INDIANA JONES | kl. 5.30 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE HAPPENING | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 8 - 10.15 | 12 |
| ZOHAN | kl. 5.40 | 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 5.20 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| NARNIA 2 - DIGITAL | kl. 5 og 8 | 7 |
| THE INCREDIBLE HULK - POWER | kl. 5, 8 og 10.45(P) | 12 |
| SEX AND THE CITY | kl. 6, 9 og 10.30 | 14 |


# Rótarar kjafta frá Sálinni

**Heimildarmynd um Sálina hans Jóns míns verður frumsýnd í haust. Jón Egill Bergþórsson hefur veg og vanda af gerð myndarinnar.**



**SÁLIN** Heimildarmynd um Sálina verður frumsýnd í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Þetta á ekki að vera nein glansmynd af hljómsveitinni,“ segir Jón Egill Bergþórsson, sem vinnur nú að heimildarmynd um Sálina hans Jóns míns sem fagnar nú tuttugu ára afmæli. Stefnt er að því að myndin verði tilbúin í haust. „Við erum búnir að sanka að okkur gömlu efni og höfum líka tekið viðtöl við hljómsveitarmeðlimi og aðra sem tengst hafa hljómsveitinni í gegnum tíðina,“ segir Jón Egill. Meðal þeirra viðmælenda er Jón Ólafsson, sem er einn af stofnendum sveitarinnar. Rótarar og upptökumenn fá einnig sitt hlutverk í myndinni en rætt er við þá um samskipti þeirra við Sálverja og sögur af túrum. Lengi hafa það verið óskráð lög í poppheimum að rótarar þegi yfir því sem fram fer á tónleikaferðum. Brimkló gaf til að mynda út á sínum tíma lagið Ef rótararnir kjafta nú frá, sem fjallar um þau skaðlegu áhrif sem mannorð poppara verður fyrir ef rótararnir ákveða að leysa frá skjóðunni. „Eiði Arnarsyni, sem tók viðtölin, tókst nú að draga eitt og annað upp úr þeim,“ segir Jón en bendir á: „Það er eitt sem fylgir því þegar maður talar við menn úr poppbransanum að þá heyrist gjarnan: „Þessi saga er frábær, en við getum ekki birt hana“,“ segir Jón hlæjandi.



**JÓN EGILL BERGÞÓRSSON** Tókst að toga sitthvað upp úr róturunum með hjálp Eiðs Arnarsonar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Nú er hafin hin mikla klippivinna sem fylgir mynd sem þessari enda er farið um víðan völl. Margt hefur drifið á daga drengjanna í Sálinni frá árinu 1988 og enn meira breyst. Þar á meðal tískan. „Tónlistarmyndböndin standast að sjálfsögðu tímans tönn,“ segir Jón og bætir við: „Sálin er klassísk popphljómsveit.“

Heimildarmyndin verður gefin út á DVD en einnig verður styttri útgáfa hennar sýnd á Stöð 2. Hvað sýningar í kvikmyndahúsum varðar segir Jón ekkert hafa verið ákveðið. Hið eina sem er víst er að Sálaraðdáendur fá mikið fyrir sinn snúð enda verður diskurinn troðinn af efni því af nógu er að taka. „Þeir hafa gengið í gegnum marga hluti, bæði súrt og sætt.“

soli@frettabladid.is


vodafone

## Viltu góðar aukatekjur?

Ert þú jákvæður, kraftmikill og vinnusamur einstaklingur? Við leitum að sölufulltrúum í söluver Vodafone í hlutastarf og fullt starf til að selja fjarskiptaþjónustu til heimila. Í boði er **sveigjanlegur vinnutími** og **góð laun** fyrir duglega einstaklinga.

**Hæfniskröfur:**

- **Þjónustulund og kurteisi**
- **Kappsemi og metnaður**
- **Sölureynsla æskileg**

Farðu inn á **vodafone.is/storf** og sendu inn umsókn strax í dag.

**Við vitum að góður starfsandi skiptir miklu máli og leggjum okkur fram við að skapa sterka liðsheild. Við bjóðum gott fólk velkomið í skemmtilegan hóp 400 starfsmanna, sem ætlar sér að ná lengra!**

**Lifðu núna**






Ísbjarnarblús á Íslandi

# „Ég sá það fyrst á visir.is“

Visir.is er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, stórviðburðir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.

visir.is

...ég sá það á visir.is




## >Spilar bara fyrir Þór Akureyri

Körfuboltamaðurinn öflugi að norðan, Óðinn Ásgeirsson, segist ekki hlusta á nein freistandi tilboð að sunnan en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa nokkur lið í Iceland Express deildinni heyrt hljóðið í þessum snjalla framherja. Óðinn er sáttur á Akureyri og segist bara ætla að spila með Þór. Óðinn átti mjög gott tímabil, var með 15,1 stig og 7,0 fráköst að meðaltali í leik og hjálpaði nýliðum Þórs til að komast í úrslitakeppnina. Óðinn er gríðarlega mikilvægur Þórsliðinu og þetta eru því mjög góðar fréttir fyrir norðanmenn.



**sport**
sport@frettabladid.is

GRÉTAR ÓLAFUR HJARTARSON YFIRGEFUR KR: SAMDI TIL ÞRIGGJA ÁRA VIÐ GRINDAVÍK Í GÆR

# *Eins og ég væri ekki inni í myndinni hjá KR*

Grétar Ólafur Hjartarson hefur fengið sig lausan frá KR og samið til þriggja ára við Grindavík í Landsbankadeild karla. Grétar er markahæsti leikmaður Grindavíkur í efstu deild með 48 mörk í aðeins 80 leikjum en hann hefur spilað með KR frá og með sumrinu 2005.

„Þetta gerðist mjög fljótt og var ákveðið í sameiningu milli mín og KR," sagði Grétar og bætti við: „Ég spilaði nokkur góð tímabil með Grindavík og skoraði fullt af mörkum og vonandi nær maður að kveikja þann neista aftur. Þetta er lið sem hentar mínum spilastíl og ég held að ég passi ágætlega inn í hópinn," segir Grétar, sem hefur aðeins fengið að spila í samtals tólf mínútur með KR í sumar.

„Ég er búinn að vera alveg heill í rúman mánuð og fannst eins og ég væri ekki inni í myndinni hjá KR," segir Grétar, sem segir þjálfarann Milan Stefán Jankovic hafa mikið að segja með að hann spili aftur í Grindavík.



„Ég er búinn að vinna áður með Janko og þetta er einn besti þjálfari sem ég hef haft. Við hugsum alveg eins um hvernig fótboltinn á að vera spilaður. Hann var stór ástæða fyrir því að ég valdi að koma aftur í Grindavík," segir Grétar sem hittir einnig fyrir góðan vin, Scott Ramsay. „Besti vinur minn, Scottie, er líka í liðinu. Við spiluðum saman í Reyni og Grindavík og erum búnir að vera vinir síðan 1997. Svo á ég líka marga góða félaga í liðinu," segir Grétar, sem er bjartsýnn. „Það er fullt af góðum leikmönnum hérna. Grindavík er lið sem getur unnið hvaða lið sem er í deildinni," segir Grétar en hann verður þó ekki löglegur fyrr en félagsskiptaglugginn opnast 15. júlí. „Ég þarf bara að bíta á jaxlinn. Maður hefur þá allavega tíma til þess að komast inn í þetta og kemur þá jafnvel sterkari inn," segir Grétar, sem á enn eftir að fá úthlutað númeri. „Ég á eftir að velja mér númer. Ellefan er upptekin þannig að ég þarf að leggja hausinn í bleyti. Ellefu hefur alltaf verið uppáhaldstalan mín en þegar á hólminn er komið held ég að það skipti engu máli númer hvað maður er," sagði Grétar að lokum.

# Sigurður Ragnar sá besti í sögunni

**Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta hefur farið taplaust í gegnum átta landsleiki í röð í fyrsta sinn í sögu þess. Liðið hefur unnið ellefu af sautján leikjum undir stjórn Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar.**

**FÓTBOLTI** Það kom nokkuð á óvart þegar Sigurður Ragnar Eyjólfsson var ráðinn þjálfari A-landsliðs kvenna í fótbolta 7. desember 2006. Sigurður Ragnar hafði ekki þjálfað áður og því fólst að margra mati nokkur áhætta í að láta hann þreyta frumraun sína með A-landslið kvenna.

„Ég heyrði utan að mér ákveðnar gagnrýniraddir en það gerði ekkert nema hvetja mig meira áfram. Mér var boðið starfið og það kom mér nokkuð í opna skjöldu. Ég var þó ánægður með traustið og ég gat alls ekki skorast undan þessu. Það er líka gaman þegar gengur vel og það er ekki endilega mér að þakka, þrátt fyrir að ég eigi hlut að því," sagði Sigurður Ragnar um það að taka við liðinu á sínum tíma.

Þessi ákvörðun Knattspyrnusambandsins hefur hins vegar margborgað sig. Liðið hefur náð frábærum árangri undir stjórn Sigurðar og núna, nítján mánuðum síðar, er hann búinn að tylla sér á toppinn sem besti kvennalandsliðsþjálfarinn frá upphafi.

Kvennalandsliðið hefur nú unnið ellefu af sautján leikjum undir hans stjórn og varð hann fyrsti þjálfarinn til að stýra liðinu til sigurs í tíu leikjum. Liðið hefur einnig sett met með því að leika átta leiki í röð án taps en það hefur unnið sex leiki og gert tvö jafntefli í undanförnum átta leikjum. Gamla metið var orðið fjórtán ára gamalt en kvennalandsliðið vann sex leiki í röð undir stjórn Loga Ólafssonar á árunum 1993 til 1994.

Sigurður Ragnar hefur eytt miklum tíma í að laga og fínpússa varnarleikinn. Liðið fékk níu mörk á sig í fyrstu fimm leikjunum undir hans stjórn og hélt fyrst hreinu í sjötta leik. Síðan þá hefur liðið aftur á móti aðeins fengið á sig samtals fjögur mörk í tólf leikjum og haldið níu sinnum hreinu.



SIGRI FAGNAÐ Sigurður Ragnar í sigurhringnum eftir Slóveníuleikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Liðið missti fyrirliða sinn Ásthildi Helgadóttur síðasta haust og óttuðust einhverjir að það gæti orðið erfitt að fylla skarð hennar. Katrín Jónsdóttir tók við fyrirliðabandinu af Ásthildi og hefur staðið sig frábærlega sem leiðtogi liðsins innan og utan vallar.

Sigurður Ragnar hefur líka náð því allra besta út úr markaskoraranum Margréti Láru Viðarsdóttur, sem hefur skorað 19 mörk í 16 leikjum undir hans stjórn en henni hefur aðeins mistekist að skora í þremur leikjum með Sigurð Ragnar sem þjálfara.

Sigurður Ragnar er óhræddur að setja ábyrgð á unga leikmenn. Besta dæmið um það er hin átján ára Haukastúlka Sara Björk Gunnarsdóttir, sem hefur nýtt tækifærið sitt frábærlega vel. Sara hefur aldrei spilað í efstu deild á Íslandi en það er ekki að sjá á framgöngu hennar inni á vellinum með A-landsliðinu.

Sigurður er líka sáttur við tímann sem landsliðsþjálfari.

„Mér finnst hann hafa verið mjög skemmtilegur og liðinu hefur gengið framar vonum flestra. Ég hef samt sem áður alltaf haft mikla trú á hópnum og mér finnst við vera með virkilega gott lið. Það er líka frábært fólk sem starfar í kringum landsliðið og stjórnin hefur stutt vel við okkur. Þetta er eitt stórt teymi og það er virkilega gaman," sagði Sigurður Ragnar.

Fram undan er síðasti heimaleikurinn, á móti Grikklandi á fimmtudaginn, og miðað við frammistöðuna að undanförnu er engin ástæða til annars en að hafa væntingar til þess að gott gengi stelpnanna haldi áfram undir stjórn Sigurðar Ragnars.

ooj@frettabladid.is

### FLESTIR LEIKIR Í RÖÐ ÁN TAPS

| | |
|---|---|
| 8 | Sigurður Ragnar Eyjólfsson 2008- (6 sigrar, 2 jafntefli) |
| 6 | Logi Ólafsson 1993-94 (6 sigrar) |
| 4 | Sigurbergur Sigsteinsson 1985-86 (3 sigrar, 1 jafntefli) |
| 4 | Logi/Jörundur Áki 2000-01 (2 sigrar, 2 jafntefli) |
| 4 | Jörundur Áki Sveinsson 2002 (1 sigur, 3 jafntefli) |

### FLESTIR SIGRAR LANDSLIÐSÞJÁLFARA KVENNA

| | |
|---|---|
| Sigurður Ragnar | 11 (17 leikir) |
| Logi Ólafsson | 7 (15) |
| Jörundur Áki Sverrisson | 7 (23) |
| Helena Ólafsdóttir | 5 (14) |
| Sigurbergur Sigsteinsson | 4 (8) |
| Kristinn Björnsson | 3 (16) |



TOPPLIÐIN Keflavík og FH mætast í bikarnum 3. júlí, aðeins þremur dögum áður en þau mætast í deildinni.

16 liða úrslit VISA-bikarsins:

## Uppgjör bikarmeistaranna

**FÓTBOLTI** Það verður sannkallaður stórleikur í 16 liða úrslitum VISA-bikars karla í fótbolta því tvö efstu lið Landsbankadeildar karla, Keflavík og FH, drógust saman og munu þau mætast í Keflavík. Þetta eru enn fremur bikarmeistarar síðustu tveggja ára; FH vann bikarinn í fyrra en Keflavík árið 2006.

Tveir aðrir Landsbankadeildarslagir eru í sextán liða úrslitunum því Breiðablik tekur á móti Val og KR fær nágranna sína í Fram í heimsókn. - óój

### 16 LIÐA ÚRSLITIN:

| | |
|---|---|
| Haukar-HK | Fjölnir-ÍBV |
| Reynir S.-Grindavík | Víðir-Fylkir |
| Víkingur R.-Hamar | Breiðablik-Valur |
| Keflavík-FH | KR-Fram |



TVÖ MÖRK Í TVEIMUR LEIKJUM Andrei Arshavin hefur kveikt í rússnesku stórsókninni. NORDICPHOTOS/GETTY

Rússinn Andrei Arshavin:

## Dreymir um að spila með Barca

**FÓTBOLTI** Andrei Arshavin hefur slegið í gegn á EM þrátt fyrir að hafa aðeins spilað tvo leiki. Hann var í leikbanni í fyrstu tveimur leikjunum en hefur umbreytt sóknarleik rússneska liðsins, sem hefur í kjölfarið unnið flotta sigra á Svíum (2-0) og Hollendingum (3-1) sem hafa skilað liðinu inn í undanúrslitin.

Arshavin er 27 ára gamall og ætlar sér að yfirgefa Zenit St. Petersburg í sumar. „Ég veit að ég hef fengið tilboð frá Englandi og Þýskalandi en ég vildi helst spila á Spáni. Ég hef alltaf fylgst vel með spænska boltanum og er hrifinn af honum. Eins og er hef ég þó ekki fengið nein tilboð þaðan," segir Arshavin.

Arsene Wenger hefur ekki farið leynt með áhuga sinn á stráknum og þá hefur Roman Abramovich blandað sér í kapphlaupið en ef marka má fréttir úr rússnesku herbúðunum dreymir Arshavin um að spila með Barcelona. - óój

HK-ingar töpuðu sjötta leiknum í sumar og sitja sem fastast á botni deildarinnar:

# KR sundurspilaði slakt HK-lið

**FÓTBOLTI** Gunnleifur Gunnleifsson bjargaði HK frá niðurlægingu á heimavelli sínum í gær. KR var í heimsókn og var miklu betra. HK-ingar áttu tvö ágæt skot að marki í fyrri hálfleik en annars sáu gestirnir um að sækja. Vörn HK var vægast sagt ótraust en KR-ingar skutu fjórtán sinnum að marki í fyrri hálfleik, níu skot fóru á markið og alls 27 sinnum í öllum leiknum. Gunnleifur varði fimmtán skot í markinu.

Guðjón Baldvinsson skoraði sitt fjórða og fimmta mark í sumar í fyrri hálfleiknum. Fyrst fylgdi hann eftir skoti Jónasar Guðna sem HK-ingar komust fyrir og svo skoraði hann skrautlegt mark með skalla. Boltinn fór hátt í loft, bæði Gunnleifur og Viktor hoppuðu upp í hann en hvorugur náði að snerta knöttinn, sem skoppaði yfir línuna.

Gestirnir hefðu getað skorað fleiri mörk í fyrri hálfleiknum. Sóknarleikur HK-inga var lélegur, þeim gekk ekkert að halda boltanum og bæði misstu þeir boltann klaufalega frá sér og sendu boltann út fyrir vallarmörk með ónákvæmum sendingum.



TVENNA Guðjón Baldvinsson fagnar hér öðru marka sinna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Síðari hálfleikurinn var jafn rólegur og sá fyrri var fjörugur. KR-ingar drógu sig aðeins til baka og heimamenn hófu að sækja meira. Leikurinn fjaraði út en áður en honum lauk skoraði Björgólfur þriðja markið og gulltryggði sigur KR.

Staða HK er orðin alvarleg á botni deildarinnar. Liðið hefur aðeins unnið einn leik af átta í sumar og fengið á sig flest mörk allra, sautján talsins.

KR-ingar nálgast óðfluga toppinn og spilamennska þeirra var til mikillar fyrirmyndar í gær.

„Ég er mjög ánægður með það hvernig við komum inn í leikina, þetta er til fyrirmyndar," sagði KR-ingurinn Pétur Hafliði Marteinsson eftir leik. „Við börðumst saman og gerðum það sem var lagt upp með. Við höfðum reyndar átt að skora fleiri mörk, þeir voru svo opnir þar sem þeir þurftu að skora en ég er ánægður með leikinn, við stóðum okkur vel," sagði Pétur, hverju orði sannara. - hþh

**HK 0-3 KR**

Kópavogsvöllur, áhorf.: 930 — Eyjólfur M Kristinss. (7)

*0-1 Guðjón Baldvinsson (5.)*
*0-2 Guðjón Baldvinsson (14.)*
*0-3 Björgólfur Takefusa (88.)*

### TÖLFRÆÐIN

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 3–27 (2–17) |
| Varin skot | Gunnleifur 15 – Stefán Logi 2 |
| Horn | 8–10 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11–18 |
| Rangstöður | 2–3 |

| HK 4–5–1 | | KR 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Gunnleifur Gunnleif. | 7 | Stefán L. Magnússon | 7 |
| Stefán Eggertsson | 4 | Skúli J. Friðgeirsson | 6 |
| Finnbogi Llorens | 4 | Grétar Sigurðsson | 7 |
| Ásgrímur Albertsson | 3 | Pétur Marteinsson | 7 |
| Atli Valsson | 3 | Guðm. Gunnarsson | 6 |
| (45. Hörður Árnason | 5) | Óskar Örn Hauksson | 6 |
| Mitja Brulc | 5 | Jónas G. Sævarsson | 7 |
| Finnur Ólafsson | 3 | Viktor B. Arnarsson | 7 |
| (63., Almir Cosic | 4) | Gunnar Örn Jónsson | 6 |
| Hörður Már Magnús. | 4 | (90. Ingimundur Níels- | ) |
| (69. Hermann Geir | -) | ***Guðjón Baldvinss.** | **8** |
| Hólmar Eyjólfsson | 5 | (74. Guðmundur Pét. | -) |
| Aaron Palomares | 5 | Björgólfur Takefusa | 7 |
| Iddi Alkhag | 4 | | |

## Fram 2-1 Breiðablik

Laugardalsvöllur — Magnús Þórisson (-)
15. Valgarður Valgarðsson(7)

*1-0 Heiðar Geir Júlíusson (9.)*
*2-0 Ívar Björnsson (20.)*
*2-1 Guðmundur Kristjánsson (45+2)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 7–12 (4–3) |
| Varin skot | Hannes 1 – Casper 2 |
| Horn | 10–8 |
| Aukaspyrnur fengnar | 10–11 |
| Rangstöður | 5–1 |

| FRAM 4–4–2 | | BREIÐAB. 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Hannes Þór Halldórs. | 7 | Casper Jacobsen | 6 |
| Daði Guðmundsson | 7 | Arnór Aðalsteinsson | 6 |
| ***Auðun Helgason** | **8** | Srjdan Gasic | 7 |
| Reynir Leósson | 6 | Arnar Grétarsson | 6 |
| Sam Tillen | 6 | Kristinn Jónasson | 7 |
| Halldór Hermann Jóns. | 5 | Olgeir Sigurgeirsson | 5 |
| Ingvar Þór Ólason | 8 | (62. Steinþór Freyr | -) |
| Paul McShane | 7 | Nenad Petrovic | 5 |
| Heiðar Geir Júlíusson | 6 | Guðm.Kristjánsson | 7 |
| (50. Joseph Tillen | 6) | Jóhann Berg Guðm. | 6 |
| Ívar Björnsson | 5 | (78., Magnús Páll | -) |
| Hjálmar Þórarinsson | 4 | Marel Baldvinsson | 5 |
| (82. Henrik Eggerts | -) | Prince Rajcomar | 5 |

**Maður leiksins*

## Keflavík 1-2 Fjölnir

Keflavíkurvöllur, áhorf.: 1260 — Garðar Örn Hinrikss.(x)

*1-0 Guðmundur Steinarsson (31.)*
*1-1 Gunnar Már Guðmunds., víti (44.)*
*1-2 Ólafur Páll Snorrason (53.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 15–10 (6–5) |
| Varin skot | Ómar 3 – Þórður 5 |
| Horn | 11–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 16–16 |
| Rangstöður | 1–0 |

| KEFLAVÍK 4–4–2 | | FJÖLNIR 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Ómar Jóhannsson | 5 | Þórður Ingason | 7 |
| Guðjón Antoníusson | 5 | Gunnar Valur Gunn. | 6 |
| Guðm. Viðar Mete | 6 | Óli Stefán Flóventss. | 7 |
| Kenneth Gustafsson | 6 | Kristján Hauksson | 8 |
| Hallgrímur Jónasson | 5 | Eyþór Atli Einarsson | 6 |
| Magnús Þorsteinss. | 3 | Ágúst Þór Gylfason | 6 |
| (90. Einar Orri | -) | Ásgeir Aron Ásgeirss. | 6 |
| Hans Mathiesen | 5 | Tómas Leifsson | 7 |
| (20. Þórarinn Krist. | 5) | Pétur Georg Markan | 7 |
| Hólmar Örn Rúnarss. | 5 | (79. Ómar Hákonarson | -) |
| Simun Samuelsen | 6 | Ólafur Páll Snorrason | 8 |
| (83. Bessi Víðisson | -) | (84. Ólafur Páll Johns. | -) |
| Patrick Redo | 3 | ***Gunnar Már Guð.** | **8** |
| Guðm. Steinarsson | 6 | (84. Andri Valur Ívar. | -) |

**Maður leiksins*

## ÍA 1-1 Þróttur

Akranesöllur, áhorf.: 972 — Einar Örn Daníelss. (7)

*1-0 Guðjón Heiðar Sveinsson (72.)*
*1-1 Hjörtur Júlíus Hjartarson (81.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11–5 (5–4) |
| Varin skot | Esben 2 – Bjarki Freyr 4 |
| Horn | 8–7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14–16 |
| Rangstöður | 0–3 |

| ÍA 4–3–3 | | ÞRÓTTUR 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Esben Madsen | 5 | Bjarki F. Guðmunds. | 6 |
| ***Árni Thor Guðm.** | **7** | Eysteinn Lárusson | 7 |
| Heimir Einarsson | 6 | Þórður Hreiðarsson | 7 |
| Dario Cingel | 6 | Michael Jackson | 7 |
| Igor Bilokapic | 6 | Kristján Ó. Björns. | 6 |
| Guðjón H. Sveinsson | 7 | Rafn Andri Haralds. | 7 |
| Þórður Guðjónsson | 7 | Hallur Hallsson | 5 |
| (73. Aron Pétursson | -) | (73. Jens Sævarsson | -) |
| Jón Vilhelm Ákason | 6 | Arnljótur Ástvaldsson | 5 |
| Björn Bergmann | 5 | (67., Sigmundur Kris. | 6) |
| Vjekoslav Svadumo. | 5 | Magnús Lúðvíksson | 6 |
| Stefán Þór Þórðars. | 7 | (86. Andrés Vilhjálms. | -) |
| (78. Árni Ingi Pjetur. | -) | Hjörtur Hjartarson | 6 |

**Maður leiksins*

## STAÐAN

*Landsbankadeild karla*

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Keflavík** | **8** | **6** | **0** | **2** | **20-13** | **18** |
| FH | 7 | 5 | 1 | 1 | 18-8 | 16 |
| **Fram** | **8** | **5** | **0** | **3** | **9-5** | **15** |
| Fjölnir | 9 | 5 | 0 | 4 | 11-9 | 15 |
| **KR** | **8** | **4** | **0** | **4** | **15-11** | **12** |
| Þróttur | 8 | 3 | 3 | 2 | 13-14 | 12 |
| **Breiðablik** | **8** | **3** | **2** | **3** | **13-13** | **11** |
| Valur | 7 | 3 | 1 | 3 | 11-12 | 10 |
| **Fylkir** | **8** | **3** | **0** | **5** | **10-15** | **9** |
| ÍA | 8 | 1 | 4 | 3 | 7-11 | 7 |
| **Grindavík** | **7** | **2** | **0** | **5** | **8-14** | **6** |
| HK | 8 | 1 | 1 | 6 | 8-18 | 4 |

Ekki tókst Blikum að vinna tvo leiki í röð í fyrsta sinn í tvö ár eða að vinna sinn fyrsta leik í Laugadal frá 1981:

# Góð byrjun dugði Fram gegn Breiðabliki

**FÓTBOLTI** Tvö mörk í upphafi leiks Framara og Breiðabliks dugðu þeim fyrrnefndu til sigurs í gær. Leikurinn var ágætlega leikinn en þó svo að Blikar hafi sótt meira undir lok leiksins verður sigur Fram að teljast sanngjarn.

Fyrri hálfleikur var hin besta skemmtun og var sótt mikið á báða bóga. Framarar voru þó öflugri í byrjun og skoruðu tvívegis á fyrstu tuttugu mínútum leiksins. Bæði voru skallamörk eftir fyrirgjöf Paul McShane.

En eftir því sem leið á fyrri hálfleikinn komust Blikar betur inn í leikinn. Guðmundur Kristjánsson, hinn ungi og efnilegi miðjumaður, tók þá til sinna ráða á lokamínútu fyrri hálfleiks og skoraði með miklum þrumufleyg af 35 metra færi. Síðari hálfleikur var nokkuð fjörugur en þó gekk liðunum afar illa að skapa sér færi.

Prince Rajcomar fékk svo að líta rautt spjald fyrir að gefa Auðuni Helgasyni olnbogaskot þegar um stundarfjórðungur var til leiksloka. Eftir það urðu tilraunir Blika til að jafna metin nokkuð máttlausar.

Auðun var stökkbólginn í kringum hægra augað eftir leik og í raun ótrúlegt að hann hafi náð að klára leikinn. „Ég fékk olnbogann tvisvar í andlitið frá Prince og nánast á sama staðnum. Það hefði kannski verið rétt að senda hann



**EITT-NÚLL** Heiðar Geir Júlíusson kemur Fram yfir á 9. mínútu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

út eftir fyrra skiptið, þá hefði ég sloppið við seinna olnbogaskotið," sagði Auðun.

„En þetta var engu að síður frábær sigur hjá okkur í dag enda alltaf gaman að vinna baráttuleiki eins og þennan. Við náðum að kæfa allt sem þeir gerðu í sínum sóknum enda kom markið þeirra úr hörkuskoti utan af velli," bætti hann við.

Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, var vitanlega ekki sáttur. „Við verðum að líta í eigin barm því fyrir viku síðan spilaði liðið glimrandi vel á móti sterku liði FH. Þegar mínir menn komu svo út í leikinn hér í kvöld virtust þeir einfaldlega ekki vakandi þegar Framarar skora sín mörk," sagði Ólafur. „Við vorum samt að mér fannst með ágætis tök á leiknum eftir það en það vantaði að klára sóknirnar með góðum færum." - esá

# Frækinn sigur hjá Fjölnismönnum

**Nýliðar Fjölnis gerðu sér lítið fyrir í gær og lögðu topplið Landsbankadeildarinnar, Keflavík, suður með sjó í gær. Úrslitin 1-2 sigur hjá baráttuglöðu Fjölnisliði sem heldur áfram að koma á óvart.**

**FÓTBOLTI** Þrumufleygur Ólafs Páls Snorrasonar tryggði Fjölni öll stigin gegn Keflavík í gær. Nýliðarnir börðust grimmilega fyrir stigunum og hugmyndasnauðir heimamenn virtust ekki vera tilbúnir í slaginn.

Bæði lið mættu til leiks með það að markmiði að sækja. Varnarleikur beggja liða var aftur á móti þéttur og liðin gáfu fá færi á sér. Lítið hafði gerst þegar Guðmundur Steinarsson kom Keflavík yfir. Fékk þá stungusendingu frá Simun Samuelsen og kláraði færið. Úr stúku leit út fyrir að Þórður hefði getað gert betur í markinu.

Undir lok hálfleiksins lenti Gunnar Már í klafsi við Guðmund Mete í teignum, báðir féllu og Garðar flautaði víti. Virkaði í fyrstu sem vafasamur dómur og ekki alveg í takti við dómgæsluna framan af leik þar sem Garðar var ekki að gefa víti í atvikum þar sem bæði lið vildu fá víti. Gunnar framkvæmdi spyrnuna sjálfur og skoraði af gríðarlegu öryggi.

Fjölnismenn voru gríðarlega grimmir og vinnusamir í fyrri hálfleik og þeir slógu ekki slöku við í síðari hálfleik. Ólafur Páll kom þeim óvænt yfir snemma í hálfleiknum þegar hann vann boltann, lét vaða á markið af talsverðu færi og boltinn söng í netinu. Heimamenn voru gjörsamlega slegnir út af laginu við markið. Leikur þeirra var hugmyndasnauður og ráðleysislegur og varnarmenn Fjölnis í litlum vandræðum með að brjóta niður sóknir þeirra.

Keflvíkingar fengu fjölda hornspyrna í leiknum en nýttu þær ákaflega illa og ógnuðu lítið úr föstu leikatriðunum. Sóknin þyngdist eftir því sem leið á hálfleikinn en færin komu ekki. Fjölnismenn fögnuðu því sætum sigri,



**Í GÓÐUM MÁLUM** Pétur Georg Markan og félagar urðu í gær fyrstir til þess að vinna Keflavík á Sparisjóðsvellinum í Keflavík. Fjölnir er nú með fimmtán stig út úr fyrstu níu leikjum sínum í efstu deild. VÍKURFRÉTTIR/ÞORGILS

innan sem utan vallar, enda kæfðu Káramenn, stuðningsmenn Fjölnis, Púmasveitina algjörlega.

„Við sýndum að við erum ekki verri en þetta Keflavíkurlið. Á góðum degi erum við flott fótboltalið sem getur unnið hvaða lið sem er," sagði Gunnar Már Guðmundsson sem var óþreytandi í sókninni hjá Fjölni. Kristján Hauksson átti einnig stórleik í vörninni og Ólafur Páll var skæður og skoraði frábært mark.

„Ég vil bara segja Púmasveitin hvað? Kári átti stúkuna og þetta var frábær dagur," sagði Gunnar, sem gerði miðvörðum Keflvíkinga lífið leitt. „Mér gekk vel og er sáttur við minn leik Það er erfitt fyrir svona stóra menn að glíma við mann sem er stærri en þeir og fljótari," sagði Gunnar Már og glotti dátt.

Hallgrímur Jónasson Keflvíkingur var að vonum svekktur. „Mér fannst við ekki nógu beittir í sókninni en við fengum samt tækifæri sem við nýttum ekki. Þeir skora þegar við missum boltann á fáránlegum stað og eftir það liggja þeir til baka og það var erfitt að brjóta þá niður," sagði Hallgrímur, sem játaði að úrslitin væru ákveðið kjaftshögg.

„Það var ekkert vanmat í gangi. Vissulega er þetta smá kjaftshögg en það eru skemmtilegir leikir fram undan sem við hlökkum til að spila." henry@frettabladid.is

Hjörtur Júlíus Hjartarson sást lítið í leiknum en tryggði Þrótti stig með jöfnunarmarki á lokamínútunum:

# Þróttarar fóru sáttir heim af Skaganum

**FÓTBOLTI** Þróttarar gengu sáttir frá borði eftir að hafa gert 1-1 jafntefli gegn ÍA á Skaganum í gær. Heimamenn voru mun meira með boltann og áttu fleiri sóknir en herslumuninn vantaði.

„Ég er geysilega ánægður með að liðið náði að jafna eftir að hafa lent undir. Við vissum að þetta yrði svakalega erfiður leikur og undirbjuggum okkur þannig fyrir hann. Við erum mjög sáttir með stigið," sagði Gunnar Oddsson, þjálfari Þróttar, eftir leik.

Leikurinn byrjaði nokkuð fjörlega og bæði lið fengu góð færi til að skora fyrsta markið. Skagamenn voru hættulegri en þegar kom að því að reka smiðshöggið voru skot þeirra hins vegar of laus og Bjarki Guðmundsson, markvörður Þróttar, átti ekki í vandræðum.

Um miðbik hálfleiksins róaðist leikurinn mikið. Rétt fyrir hálfleikinn voru Þróttarar hins vegar óheppnir að skora ekki. Heimamenn áttu gjörsamlega misheppnaða aukaspyrnu og fengu skyndisókn beint í andlitið. Magnús Már Lúðvíksson átti þá skot sem hafnaði í stönginni.

Í seinni hálfleik réðu Skagamenn ferðinni algjörlega en þeim gekk illa að skapa sér almennileg færi. Það tókst loks á 72. mínútu þegar Guðjón Heiðar Sveinsson var einn og óvaldaður og náði að koma boltanum í gegnum klofið á Bjarka og inn.

Eftir markið urðu Skagamenn full værukærir og Hjörtur Hjartarson, sem hafði lítið sést í leiknum, sýndi frábæra takta og jafnaði. Hann fór illa með vörn ÍA og kláraði færið eins og



**SKAMMGÓÐUR VERMIR** Skagamenn fagna marki Guðjóns Heiðars Sveinssonar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

sönnum sóknarmanni sæmir.

„Stefán Þórðarson er gríðarlega sterkur fyrir ÍA og liðinu mjög mikilvægur. Það sást vel þegar hann var tekinn af velli hve mikilvægur hann er fyrir þetta lið. En ég er sáttur við mína menn og við hefðum með heppni getað rænt þessu í lokin," sagði Gunnar sáttur.

Þórður Guðjónsson var ekki eins hress. „Við áttum að klára þennan leik á fyrstu tuttugu mínútunum. Við fengum góð tækifæri og vorum mun sterkari aðilinn. Eftir að við komumst yfir hleyptum við þeim inn í leikinn en fram að því höfðu þeir ekki verið að gera neitt. Því var þetta alveg grátlegt, þetta eru tvö stig töpuð fyrir okkur," sagði Þórður Guðjónsson, leikmaður ÍA, eftir leik. - egm



**> Paul Bettany**

„Ég átti ekki von á að hlutverkið sem ég leik í „The Da Vinci Code“ myndi móðga neinn. Þar leik ég munk sem myrðir fólk en mér finnst það hvorki vera móðgandi gagnvart munkum né þeim sem ganga í sandölum“. Stöð 2 bíó sýnir í kvöld „The Da Vinci Code“.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR FRÆÐIST UM FORTÍÐINA

# *Það var eitt sinn maður sem hét Golíat*



Fornleifafræðingar eru svalir. Þetta vita allir sem hafa séð myndirnar um Indiana Jones. Fornleifafræðingar eru hugrakkir og þegar þeir standa á húddinu á bíl sem er við það að húrrast fram af þverhnípi og inn í eilífðina víla þeir ekki fyrir sér að slást við nasista fremur en að bjarga eigin skinni. Aðrir fræðimenn láta sér nægja að stara máttleysislega á bækur og hamra á lyklaborð alla daga, en fornleifafræðingar lifa lífinu lifandi.

Eða þannig er það í heimi Indiana Jones; málunum er öðruvísi farið í heimi National Geographic-sjónvarpsstöðvarinnar. Þar má sjá fjölda þátta þar sem hallærislegir og ófríðir fornleifafræðingar nota agnarsmáa bursta til þess að sópa mold af pínulitlum leirkerjabrotum klukkutímum saman. Á sunnudag sýndi stöðin þátt þar sem fornleifafræðingar unnu að því að svara spurningunni um hvort Biblíurisinn Golíat hefði raunverulega verið til. Ljóst varð snemma í þættinum að spurningunni var ekki auðsvarað. Fáu er hægt að slá föstu í heimi fornleifa, en þó kom í ljós, eftir talsverðar vífilengjur, að mannsnafnið Golíat var í það minnsta til. Það er nú gott að það er komið á hreint. En hvað um risann geðstirða? Áhorfendur vilja ekki heyra um einhverja ófræga Golíata; þeir vilja fá að heyra um hinn fræga erkióvin Davíðs, einfaldlega vegna þess að frægð knýr sjónvarpsefni áfram og gerir það áhugaverðara. Þetta vita allir sem hafa horft á raunveruleikaþætti þar sem þátttakendur eru ekki smiðir og endurskoðendur heldur nektarfyrirsætur og popparar. Því miður virtist fornleifafræðingunum vera slétt sama um frægð og einbeittu þeir sér því að staðreyndum og vísindum. Á endanum var niðurstaða þáttarins sú að mannsnafnið Golíat var til en óvíst með sjálfan risann. Segjast verður að mannkyninu var lítill greiði gerður með framleiðslu þessa sjónvarpsþáttar. Áhugaverðara væri að gera þátt sem reynir að sanna eða afsanna tilvist kynþokkafullra og spennufíkinna fornleifafræðinga.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.45** Valur - FH BEINT
STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10** Everwood
SJÓNVARPIÐ



▶ **20.30** Ally McBeal
STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.05** Shark
STÖÐ 2



▶ **21.50** The Real Housewives of Orange County
SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið**

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Púkka** (11:26)

**18.00 Geirharður bojng bojng** (23:26)

**18.25 Undir ítalskri sól** (Solens mat II) (6:6) Sænsk þáttaröð þar sem rithöfundurinn Bo Hagström fer um Ítalíu og kynnir sér matarmenninguna þar.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Everwood** (1:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado. Aðalhlutverk leika Treat Williams, Gregory Smith, Emily Van Camp, Debra Mooney, John Beasley og Vivien Cardone.

**20.55 Danmerkurleiðangurinn** Dönsk heimildamynd um leiðangur 28 manna til norðaustur Grænlands í fótspor leiðangurs sem þangað fór 1906.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Njósnadeildin (**Spooks VI) (10:10) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn. Meðal leikenda eru Peter Firth, Rupert Penry-Jones og Hermione Norris. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.20 EM í fótbolta 2008** Endursýndur valinn leikur úr mótinu.

**01.00 Kastljós** (e)

**01.30 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.00 Carried Away**

**08.00 Over the Hedge**

**10.00 The Madness Of King George**

**12.00 Fun With Dick and Jane**

**14.00 Over the Hedge**

**16.00 The Madness Of King George**

**18.00 Fun With Dick and Jane**

**20.00 Carried Away**

**22.00 The Da Vinci Code** Kvikmynd gerð eftir metsölubók Dan Brown með Tom Hanks, Ian McKellen, Audrey Tautou og Paul Bettany í aðahlutverkum.

**00.25 The Interpreter**

**02.30 Waiting**

**04.00 The Da Vinci Code**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Rannsóknarstofa Dexters, Camp Lazlo og Kalli kanína og félagar.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella**

**10.15 ´Til Death** (12:22)

**10.40 My Name Is Earl** (6:22)

**11.10 Homefront** (11:18)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Neighbours**

**13.10 The Blue Butterfly**

**14.55 Friends** (21:24)

**15.20 Sjáðu**

**15.55 Ginger segir frá**

**16.18 Kringlukast** (BeyBlade)

**16.43 Sylvester and Tweety Mysterie**

**17.08 Shin Chan**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours**

**18.18 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.30 The Simpsons** (6:22) Enn og aftur veldur Hómer dóttur sinni vonbrigðum og skólasálfræðingurinn ráðleggur honum að vinna hana á sitt band sem fyrst svo hún muni ekki hata karlmenn í framtíðinni.

**19.55 Friends**

**20.20 Moment of Truth** (3:25)

▶**21.05 Shark** (15:16) Sebastian sækir erfiðustu málin fyrir saksóknaraembættið en oftar en ekki hittir hann fyrir harðsvíraða glæpamenn sem hann eitt sinn varði sjálfur.

**21.50 Traveler** (4:8) Tveir skólafélagar standa skyndilega frammi fyrir því að vera hundeltir af alríkislögreglunni, sem telur þá hafa valdið hryðjuverkasprengju á safni.

**22.35 60 minutes** Fréttaskýringarþátturinn 60 Minutes er kominn í sumarfrí vestanhafs og verður því boðið upp á athyglisverðustu fréttaskýringar síðustu missera.

**23.20 Have You Seen Andy?**

**00.40 Medium** (11:16)

**01.25 ReGenesis** (2:13)

**02.10 Big Love** (8:12)

**03.00 The Blue Butterfly**

**04.35 Shark** (15:16)

**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

**06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Landsbankadeildin 2008**

Útsending frá leik Fram og Breiðabliks í Landsbankadeild karla.

**16.55 Landsbankadeildin 2008**

Útsending frá leik Fram og Breiðabliks í Landsbankadeild karla.

**18.45 Landsbankamörkin 2008**

Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð í þessum magnaða þætti.

▶**19.45 Landsbankadeildin 2008 Valur - FH**

Bein útsending frá leik Vals og FH í Landsbankadeild karla.

**22.00 Kaupþings mótaröðin 2008**

Sýnt frá þriðja móti sumarsins á Kaupþingsmótaröðinni í golfi.

**23.00 PGA Tour 2008 - Hápunktar**

Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.

**23.55 Landsbankadeildin 2008**

Útsending frá leik Vals og FH í Landsbankadeild karla.

## SPORT 2

**18.20 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir og gömlu stjörnurnar leitaðar uppi.

**18.50 PL Classic Matches** Norwich - Southampton, 93/94.

**19.20 Football Icon** Enskur raunveruleikaþáttur þar sem ungir knattspyrnumenn keppa um eitt sæti í herbúðum Englandsmeistara Chelsea.

**20.05 Bestu bikarmörkin - Chelsea Ultimate Goals** Bikarveisla að hætti Chelsea en félagið hefur þrisvar sinnum sigrað íkeppninni (FA Cup).

**21.00 10 Bestu - Sigurður Jónsson** Fimmti þátturinn af tíu í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.

**21.50 Football Rivalries** Fjallað um ríg stórliða víða um heim innan vallar sem utan. Að þessu sinni er fjallað um ríg Galatasaray og Fenerbahce og einnig kíkt til Þýskalands.

**22.45 Premier League World**

**23.15 Bestu leikirnir** Portsmouth - Reading

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Dynasty** (e)

**09.30 Vörutorg**

**10.30 Óstöðvandi tónlist**

**15.05 Vörutorg**

**16.05 Everybody Hates Chris** (e)

**16.30 Girlfriends** Gamanþáttur um vinkonur í blíðu og stríðu. Kelsey Grammer er aðalframleiðandi þáttanna.

**17.00 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**17.45 Dr. Phil** Dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.

**18.30 Dynasty** Ein frægasta sjónvarpssería allra tíma. Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og hann er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar þegar þess þarf.

**19.20 Jay Leno** (e)

**20.10 Kid Nation** (10:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem 40 krakkar á aldrinum 8 til 15 ára flytja inn í yfirgefinn bæ og stofna nýtt samfélag.

**21.00 Age of Love** (5:8) Bandarísk raunveruleikasería. Mark Philippoussis er þrítug tennisstjarna frá Ástralíu sem er að leita að stóru ástinni. Í upphafi er piparsveinninn kynntur fyrir hópi kvenna. Það kemur honum í opna skjöldu þegar þær reynast allar vera á fimmtugsaldri.

▶**21.50 The Real Housewives of Orange County** (4:10) Raunveruleikasería þar sem fylgst er með lífi fimm húsmæðra í ríkisbubbasamfélagi í Kaliforníu. Kimberly, Jeana, Vicki, Lauri og Jo eru vanar hinu ljúfa lífi og gera allt sem þær geta til að viðhalda því.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem Jay Leno fær til sín góða gesti.

**23.30 C.S.I.** (e)

**00.20 Girlfriends** (e)

**00.50 Vörutorg**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að norðan** Endurtekinn á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

**21.00 Bæjarstjórnarfundur á Akureyri**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.20

### Moment of Truth



Einn alvinsælasti sjónvarpsþátturinn í Bandaríkjunum. Nýr og ferskur spurningaþáttur, ólíkur öllum öðrum. Það eina sem keppendur þurfa að gera er að svara rúmlega tuttugu persónulegum spurningum af heiðarleika. Einn öflugasti lygamælir sem um getur er tengdur við þá og sker úr um það hvort viðkomandi segi satt eða ósatt. Svari keppandi öllum spurningunum af heiðarleika vinnur hann um leið 500 þúsund dollara.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### 10 Bestu - Sigurður Jónsson

### STÖÐ 2 SPORT 2 kl. 21.00

Í kvöld verður fjallað um Sigurð Jónsson. Hann varð yngsti landsliðsmaður Íslands árið 1983, aðeins sextán ára gamall, er hann kom inn á í leik gegn Möltu. Sigurður spilaði með ÍA hér heima en erlendis spilaði hann með bresku liðunum Sheffield Wednesday, Arsenal og Dundee United. Einnig spilaði hann í tvö ár með Örebro í Svíþjóð.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Dalakofinn
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónlistargrúsk
**15.03** Útvarpssagan: Múrinn í Kína
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Sumarást
**21.10** Listin og landafræðin
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Svartfugl
**22.45** Dragspilið dunar
**23.30** Saga til næsta bæjar
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Seinfeld** (16:22) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.
**17.30 Ally McBeal** (1:23)
**18.15 The Class** (12:19)
**18.35 The War at Home** Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu. Þar er alltaf líf og fjör enda sjá foreldrarnir ekki hlutina með sömu augum og unglingarnir.
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Seinfeld** (16:22)
▶**20.30 Ally McBeal** (1:23) Við rifjum upp kynnin við Ally McBeal. Í kvöld hefjast sýningar á þessu vinsæla lögfræðidrama en þættirnir nutu mikilla vinsælda á Stöð 2 fyrir um áratug síðan. Stöð 2 Extra mun sýna allar seríurnar fimm.
**21.15 The Class** (12:19) Nýr gamanþáttur þar sem við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem mörg hver hafa ekki sést í 20 ár.
**21.35 The War at Home**
**22.00 So you Think you Can Dance**
**23.30 Missing** (8:19)
**00.15 It's Always Sunny In Philadelphia** (1:10)
**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar.
**21.00 Mér finnst...** Spjallþáttur í umsjón Kolfinnu Baldvinsdóttur og Ásdísar Olsen. Gestir: Ellý Ármanns, Björk Jakobs, Helga Guðrún Jónsdóttir.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** DR1 Dokumentaren - Vor Herre til Hest.. **10.50** Vagn på floden **11.30** Hammerslag **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **13.50** En lille reminder **14.05** Last Exile **14.30** Bernard **14.35** Lucky Luke **15.00** Store Nørd **15.30** Lille Nørd **16.00** Sommertid **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Sommervejret på DR1 **17.05** Hercule Poirot **18.00** Hokus Krokus **18.30** Smag på Danmark - med Meyer **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Kærlighed og krig **21.45** Dødens Detektiver **22.05** OBS **22.10** Seinfeld

## NRK 1

**10.05** På jakt etter jobb **10.35** I magasinenes verden **11.25** Norge rundt **11.50** Creature Comforts: hvordan har vi det? **12.00** Wimbledon direkte **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Barne-tv **16.15** Eddy og bjørnen **16.25** Wassi, gutten fra Etiopia **16.35** Spirello **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Grønn glede **17.55** Koht i familien **18.25** Litt som deg **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Krigen **20.20** Extra-trekning **20.35** Ekstremsportveko **21.00** Kveldsnytt **21.15** Nachspiel Wimbledon **21.35** Et medlem av juryen **23.30** Autofil jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Strömsö **10.35** Landgång **11.05** Så länge skutan kan gå **12.35** Rötägg **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.05** På luffen i Norden **15.30** Bergen - Kirkenes t/r **16.00** Lilla blåa draken **16.10** Evas sommarplåster **16.20** Byggare Bob - Projekt: Bygg framtiden **16.30** Hej hej sommar **16.31** Philofix **16.50** Det femte väderstrecket **17.00** Blue water high **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Morden i Midsomer **20.35** Hollywoodredaktionen **21.00** Rapport **21.10** Brottet **22.10** Guds barn **23.20** Sändningar från SVT24








Íbúfen®
– Bólgueyðandi og verkjastillandi

**Notkunarsvið:** Íbúfen inniheldur íbúprófen sem er bólgueyðandi, verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Íbúfen er notað við liðagigt, slitgigt, tíðaverkjum, tannpínu og höfuðverk. Einnig eftir minniháttar aðgerðir, t.d. tanndrátt. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir íbúprófeni eða öðrum skyldum lyfjum (NSAID), með skerta lifrarstarfsemi eða alvarlegan hjarta- og nýrnasjúkdóm ætti ekki að nota lyfið. Fólk sem hefur fengið astma, nefslímubólgu eða ofsakláða eftir töku acetýlsalicýlsýru eða annarra bólgueyðandi lyfja ætti ekki að nota lyfið. Nota skal lyfið með varúð hjá fólki með tilhneigingu til magasárs eða sögu um slík sár. Lyfið er ekki ætlað barnshafandi konum. **Aukaverkanir:** Íbúfen getur valdið aukaverkunum eins og t.d. meltingaróþægindum, niðurgangi, ógleði, útbrotum, þreytu og höfuðverk. **Skammtastærðir:** Fullorðnir: Venjulegir skammtar eru 600-2000 mg á dag í 3-4 jöfnum skömmtum. Ekki mælt með stærri skammti en 2400 mg. Börn: Venjulegir skammtar eru 20 mg/kg líkamsþunga á dag í 3-4 jöfnum skömmtum. Börnum <30 kg skal eigi gefa meira en 500 mg á dag. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Júlí 2004.

actavis
hagur í heilsu

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Ég myndi segja að Habibi væri sá staður sem væri með mestu dulúð og hamingju í heiminum. Réttur númer eitt með appelsíni og sjónvarpið aðeins of hátt stillt kveikir á mínum perum.“*

Árni Kristjánsson, leikstjóri Götuleikhúss Kópavogs.

# Frægasti hommi Færeyja væntanlegur

„Allir hommar í Færeyjum flytja til útlanda. Nema Rasmus sem misreiknaði stöðuna og var laminn í köku,“ segir Jens Guð.

Einhver þekktasti Færeyingur heims, Rasmus Rasmussen, er á leið til landsins til að koma fram í afmælisveislu Samtakanna ´78 sem fagna 30 ára afmæli sínu á föstudagskvöldið í Hafnarhúsinu. Rasmus kemur hingað ásamt félaga sínum Líggjan Ólsen en þeir eru meðal þekktustu popptónlistarmanna í Færeyjum.

Rasmus er einn örfárra sem hafa komið út úr skápnum í Færeyjum. Hann komst í heimsfréttirnar þegar hann var laminn á haustmánuðum 2006 af fjórum mönnum á skemmtistaðnum Glitni í Þórshöfn vegna þess að hann er samkynhneigður. Málið vakti gríðarlega athygli en þá komu á daginn inngrónir fordómar sem samkynhneigðir eiga við að stríða í Færeyjum. Í kjölfar viðtals í Dimmalætting fóru Rasmusi að berast líflátshótanir, hann fékk taugaáfall og var lagður inn á sjúkrahús. Til stóð að hann kæmi á Hinsegin daga fyrir ári en hann var þá enn að jafna sig.

Jens Guð er sérfróður um færeyska tónlist og segir Rasmus gítarleikara í hljómsveitinni Makrel sem tók þátt í Músíktilraunum 2002 og lenti í 3. sæti. Rasmus var kosinn besti gítarleikarinn. Árásin á Rasmus hafði eftirmál. Rannveig Guðmundsdóttir tók málið upp innan Norðurlandaráðs. „Færeyingar höfðu sótt um aðild en var gert að endurskoða lög sín, en þar sagði að refsilaust væri af hálfu geranda að lemja mann á þeim forsendum að hann væri hommi,“ segir Jens.

Á löggjafaþinginu færeyska var lagt fram frumvarp um breytingar sem mætti harðri andstöðu meðal almennings og kirkjunnar. Jens segir broslegt í aðra röndina að kirkjan hélt bænadaga áður en til atkvæðagreiðslu kom og flaggaði í hálfa stöng þegar frumvarpið var samþykkt. „Já, ég mun mæta á skemmtunina. Rasmus er væntanlegur með flugi á miðvikudag,” segir Jens Guð. **- jbg**



**RASMUS RASMUSSEN** Árásin á hans hafði þau eftirmál að ákvæðum um að refsilaust væri að berja homma var breytt.



**LÁRÉTT**
**2.** pest, **6.** pot, **8.** langar, **9.** pili, **11**. hef leyfi, **12.** blossaljós, **14.** gleikka, **16.** drykkur, **17.** málmur, **18.** fugl, **20.** grískur bókstafur, **21.** halda brott.

**LÓÐRÉTT**
**1.** grasþökur, **3.** tveir eins, **4.** skipafélag, **5.** gapa, **7.** tilvist, **10.** mánuður, **13.** gerast, **15.** einsöngur, **16.** frestur, **19**. númer.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** kvef, **6.** ot, **8.** vil, **9.** rim, **11.** má, **12.** flass, **14.** víkka, **16.** te, **17.** eir, **18.** örn, **20.** pí, **21.** fara.

**LÓÐRÉTT: 1.** torf, **3.** vv, **4.** eimskip, **5.** flá, **7.** tilvera, **10.** maí, **13.** ske, **15.** aría, **16.** töf, **19.** nr.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. 70 prósent.
2. 36 prósent.
3. Þýsku.

SVAVAR LÚTHERSSON: VILL FÁ AUGLÝSINGARNAR ÚR SPILUN

# Bónusvídeó notar nafn Svavars án samþykkis

„Það var ekki haft nokkurt samráð við mig við gerð þessara auglýsinga,“ segir Svavar Lúthersson, framkvæmdastjóri Istorrent. Auglýsingar hljóma nú á öldum ljósvakans frá Bónusvídeói. Í þeim er fullyrt að Svavar Lúthersson sæki nú myndir löglega á www.bonusvideo.is, enda sé hann toppmaður. Svavar var ákærður fyrir að halda úti heimasíðunni www.torrent.is þar sem hægt var að hlaða niður kvikmyndum meðal annars. „Ég er ekki búinn að hafa samband við lögfræðing en útiloka ekki að ég geri það,“ segir Svavar, sem hafði samband við Bónusvídeó í gær. „Ég skildi eftir skilaboð og bað um að haft yrði samband við mig. Það hefur ekki enn verið gert,“ segir Svavar ósáttur.



**INGVI JÖKULL LOGASON** Segir kveða skýrt á í siðareglum SÍA að ef nöfn einstaklinga eru notuð í auglýsingum skulu það gert með þeirra samþykki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hann segist ætla að gefa eigendum Bónusvídeós tækifæri til að taka auglýsingarnar úr umferð áður en hann aðhefst meira í málinu. „Það er fyrsta skrefið.“

Ekki er möguleiki á að um annan Svavar Lúthersson sé að ræða að mati hins eina sanna. „Ég er sá eini sem heitir þetta á landinu og þá líklegast í öllum heiminum. Nöfnin Svavar og Lúther eru ekki það algeng nöfn hvort um sig, hvað þá að einhver beri bæði nöfnin,“ segir Svavar. „Auk þess hef ég aldrei náð mér í mynd á bonusvideo.is.“ Bjarki Pétursson, eigandi Bónusvídeós, segir að ekki sé verið að rægja Svavar með nokkrum hætti í auglýsingunni og telur því vart þörf á hans samráði. „Okkar nálgun á þessu máli er að segja að hann sé toppmaður, þar sem hann sækir myndirnar sínar löglega á Bónusvídeó. Við erum alls ekki að skíta hann út með þessu,“ segir Bjarki. „Fyrst og fremst erum við að auglýsa bonusvideo.is sem er sannkölluð bylting á Íslandi.“ Hann segir engin áform um að taka auglýsingarnar úr birtingu að svo stöddu.

„Samkvæmt ströngustu lögum væri þetta brot,“ segir Ingvi Jökull Logason, fyrrverandi formaður Sambands íslenskra auglýsingastofa. Hann segir það koma fram í siðareglum auglýsenda að ef nota eigi nöfn eða persónur skuli það gert með þeirra samþykki. Siðareglurnar eru þó ekki bindandi en einnig eru til almenn lög um notkun á nöfnum og persónum í auglýsingum. Dæmi eru um að auglýsingar hafi verið teknar úr notkun út af ófullnægjandi heimild til notkunar á nöfnum og persónum. „Það er þó einmitt þarna sem gráa svæðið myndast. Er verið að nota nafn einstaklingsins fyrirtækinu til framdráttar eða til upplýsinga fyrir neytendur?“ segir Ingvi og bætir við: „Þetta er mjög algengt vandamál skal ég segja þér. Ásetningur auglýsenda er þó aldrei að skaða neinn.“



**SVAVAR LÚTHERSSON** Útilokar ekki að leita sér lögfræðings. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**soli@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Ný plata **Sigur Rósar**, Með suð í eyrum við spilum endalaust, rann út af lager Smekkleysu í gær. Sjaldan hefur plata farið svo vel af stað, en 3.500 eintökum var dreift á fyrsta degi. Platan er nú aðeins fáanleg á CD, en kemur á vinýl síðar. Í september er svo von á risastórri lúxusútgáfu með 200 blaðsíðna bæklingi.



Enn á ný „loga bloggheimar“ vegna illrar meðferðar á dýri. Eigandi kviksetta hvolpsins í Kúagerði hefur gefið sig fram og heimta bloggarar auga fyrir auga. Bloggjöfurinn **Jónas Kristjánsson** blandar sér í umræðuna. „Fólk, sem heimtar pyndingar og dauðarefsingar, hefur ekki sálarlíf í lagi,“ segir hann.

Lið ÍA hefur ekki hafið tímabilið í Landsbankadeildinni sem best, og vermir þriðja neðsta sætið. Í stað þess að píska strákunum út á æfingasvæði Skagamanna fór þjálfarinn **Guðjón Þórðarson** með þá á Þórisstaði í Hvalfjarðarsveit til að spila golf um helgina. Guðjón gaf drengjunum ekkert eftir, enda haft góðan tíma til golfiðkunar í gegnum tíðina. Velta menn því fyrir sér hvort Guðjón fái ekki meiri golftíma ef gengi Skagamanna versnar mikið meira.



**- glh / -shs**

# Helgi Hós á rokkplötu

Helgi Hóseasson, mótmælandi Íslands, prýðir plötuumslag Atómstöðvarinnar, Exile Republic, sem kemur út í næstu viku.

„Það er margt heillandi og fallegt við Helga, til dæmis að hann hefur aldrei látið af sannfæringu sinni, sama hvað á gengur. Hann er orðinn 92 ára og mótmælir enn á Langholtsveginum. Situr bara í skýlinu ef fæturnir bregðast,“ segir Guðmundur Ingi Þorvaldsson, söngvari og textasmiður. Farið var út í Gróttu til að mynda Helga með eitt alræmdasta mótmælaskilti hans.

Guðmundur segir að Atómstöðin upplifi sig sem hálfgerða „Helga Hós“ í íslensku tónlistarlífi og því hafi þótt upplagt að fá gamla manninn á plötuumslagið. „Við höfum aldrei almennilega átt heima á íslensku senunni. Verið sér á báti í músíkinni, útlagar, okkar eigið eyríki í ríkinu, og svo sannarlega ekki allra. Textar plötunnar fjalla að miklu leyti um þetta. Við syngjum á ensku núna. Það þótti falla betur að þessari músík og svo er náttúrlega alltaf inni í myndinni að reyna að koma þessu á framfæri við fleiri en þessa 500 sem kaupa rokkplötur á Íslandi.“

Mannabreytingar hafa orðið í hljómsveitinni og tónlistin hefur þyngst. „Mönnum dettur ýmislegt í hug þegar þeir heyra í okkur. Jafnvel að þetta sé einhvers konar blanda af Guns N‘ Roses og Stone Temple Pilots.“

Innihald nýju plötunnar er ekkert að vefjast fyrir Guðmundi: „Það er ein ballaða. Restin er hardkor.“ **- glh**



**PRÝÐIR PLÖTUUMSLAG** Atómstöðin fílar Helga Hóseasson. FRÉTTABLAÐIÐ/PÉTUR GEIR ÓSKARSSON





FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

STÓR HUMAR, LÚÐA, LAX, TÚNFISKUR

Úrval fiskrétta á grillið



opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

vísir.is
„...ég sá það á vísi“


LAUGARDALSHÖLL
1. JÚLÍ, KL. 20.00
PAUL SIMON
Ásamt
stórhljómsveit
Miði.is og afgreiðslustaðir
Stúka 11.900,- (ath. aðeins 1200 sæti)
Stæði 6.900,-
midi.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



**MEST LESIÐ:**

- Þriðji ísbjörninn á Skaga?
- Mögulegt manndráp á Frakkastíg
- Skjólbelti við ylströnd algjörlega til skammar
- Mega nota ráðherrabíla í eigin þágu

vísir.is ...ég sá það á vísir.is




**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur

## Skrímslaeyjan

Norðmaðurinn indverskættaði og aldni sem oft sólar sig á sama tíma og ég við sundlaugina á Spáni krefst frétta af Íslandi á hverjum morgni. Í fyrstu hélt ég að um kurteisilegt hjal væri að ræða og blaðraði svona um helstu tíðindi sem ég hafði rekið augun í á netmiðlunum áður en ég fór út að flatmaga í sólinni. Eftir um það bil viku gat ég þó ekki annað en velt því fyrir mér hvers vegna maðurinn sýndi fréttum úr landi mínu svona feikilegan áhuga, sérstaklega þar sem mér þótti ekki af neinu sérstöku að taka úr sumrinu á landinu bláa.

**FLJÓTLEGA** komst ég að því að ég hafði verið höfð að ginningarfífli. Áhuginn á íslenskum fréttum var aðeins til kominn af þeirri skemmtun sem hann hafði af því að hlusta á ljóshærða konu segja skrímslasögur eins og ekkert væri sjálfsagðara þegar hún var beðin um að segja tíðindi af landi og þjóð.

**SÖGUR** af ísbjörnum sem birtust upp úr þurru um mitt sumar án þess að nokkur hafís væri sjáanlegur, skelfilegar ófarir umhverfisráðherra, leit yfirvalda að þriðja ísbirninum sem reyndist vera hestur, draumförum heimamanna fyrir björnunum, auk frásagnar eins fjölmiðilsins af því að stúlkurnar sem fyrstar sáu birnina hétu Karen, þóttu honum afskaplega fyndnar, líkt og kostulegar gamlar þjóðsögur. Þá þótti honum sagan af vesalings hvolpsútburðinum sem fannst urðaður í hraunið við Keflavík með eindæmum áhugaverð, sem og sagan af sjómönnunum á síldarveiðum sem veiddu alveg óvart gómsæta hrefnu. Sagði hann að skrímslaeyjuna Ísland yrði hann að heimsækja hið fyrsta. Hvergi annars staðar í heiminum gætu fréttir og sagnaarfur tengst jafn sterkum böndum.

**TIL** sönnunar um einlægan áhuga á því að heimsækja land furðusagnanna spurði hann því næst hvernig gengi íslensku krónunnar væri um þessar mundir. Því svaraði ég samviskulega með vandræðalegri útskýringu um að það hefði verið töluverð verðbólga á landinu undanfarið. Norðmaðurinn missti andlitið þegar hann komst að því hvert gengið væri og heimtaði frekari fregnir af efnahagslífi þjóðarinnar. Eftir snöggsoðna samantekt um íslensk fjármál síðustu mánaða sem ég barði saman af takmarkaðri þekkingu brosti sá gamli vinalega og fullur skilnings og sagði með málrómi sem góðir nýlenduherrar grípa til þega þeir tala við fáfróða frumbyggja: „Já, nú skil ég hvers vegna þið segið svona mikið af skemmtilegum skrímslasögum. Þið viljið gleyma raunverulegum vágestum.“



**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er þriðjudagurinn 24. júní, 177 dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 2.57 | 13.30 | 0.03 |
| Akureyri | 1.34 | 13.15 | 0.53 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


